

Staða launafólks á Íslandi

*Niðurstöður spurningakönnunar
meðal aðildarfélaga ASÍ og BSRB*

Febrúar 2021



Staða launafólks á Íslandi. Niðurstöður spurningakönnunar meðal aðildarfélaga ASÍ og BSRB

Ábyrgðaraðili: Kristín Heba Gísladóttir

Höfundar: Margrét Einarsdóttir, Kristín Heba Gísladóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Úrvinnsla tölfraeðilegra gagna: Margrét Einarsdóttir og Kolbeinn Hólmar Stefánsson

Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík

Sími: 535 5629

Netfang: rannvinn@rannvinn.is

Vefsíða Vörðu: rannvinn.is

ISBN númer: 978-9935-9588-0-8

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Formáli..... | 5 |
| Helstu niðurstöður..... | 6 |
| Key results | 7 |
| 1 Inngangur | 8 |
| 2 Aðferð | 9 |
| 2.1 Þýði og úrtak..... | 9 |
| 2.2 Vigtun gagna..... | 10 |
| 2.3 Mælingar | 12 |
| 2.4 Marktæknipróf | 13 |
| 3 Niðurstöður | 14 |
| 3.1 Staða félaga..... | 14 |
| 3.1.1 Staða félaga á vinnumarkaði | 15 |
| 3.1.2 Fjárhagsleg staða félaga | 16 |
| 3.1.3 Heilsufar félaga..... | 19 |
| 3.2 Staða atvinnulausra | 22 |
| 3.2.1 Fjárhagsstaða atvinnulausra | 22 |
| 3.2.2 Heilsufar atvinnulausra | 30 |
| 3.2.3 Staða og virkni atvinnulausra..... | 36 |
| 3.3 Innflytjendur | 44 |
| 3.3.1 Lýðfræðileg samsetning innflytjenda..... | 45 |
| 3.3.2 Fjárhagsstaða innflytjenda | 47 |
| 3.3.3 Heilsufar innflytjenda | 54 |
| 3.3.4 Staða innflytjenda á vinnumarkaði..... | 60 |
| 3.4 Ungt fólk | 68 |
| 3.4.1 Lýðfræðileg samsetning ungs fólks | 69 |
| 3.4.2 Fjárhagsstaða ungs fólks | 70 |
| 3.4.3 Heilsufar ungs fólks | 78 |
| 3.4.4 Staða ungs fólks á vinnumarkaði | 80 |
| 4 Umræða..... | 90 |
| 5 Heimildaskrá..... | 92 |
| 6 Viðauki 1..... | 94 |

Töfluyfirlit

| | |
|---|----|
| Tafla 1. Flokkun aðildarféлага vegna vigtunar gagna..... | 11 |
| Tafla 2. Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka..... | 12 |
| Tafla 3. Starfshlutfall í hlutabótaleið í samræmi við vinnu sem innt var af hendi eftir kyni | 16 |
| Tafla 4. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman meðal launafólks eftir kyni | 17 |
| Tafla 5. Efnislegur skortur meðal launafólks eftir kyni | 17 |
| Tafla 6. Hversu oft síðastliðin fimm ár tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí, meðal launafólks eftir kyni | 18 |
| Tafla 7. Staða launafólks á húsnæðismarkaði eftir kyni | 18 |
| Tafla 8. Hlutfall launafólks sem finnur nánast daglega fyrir andlegum einkennum eftir kyni | 20 |
| Tafla 9. Líkamlegt heilsufar launafólks eftir kyni | 21 |
| Tafla 10. Þörf launafólks fyrir heilbrigðisþjónustu eftir kyni..... | 21 |
| Tafla 11. Hlutfall launafólks sem hefur neitað sér um einhvers konar heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði eftir kyni | 21 |
| Tafla 12. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir atvinnustöðu og kyni | 23 |
| Tafla 13. Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum eftir atvinnustöðu og kyni..... | 24 |
| Tafla 14. Fjöldi fjárhagsaðstoðarþátta eftir atvinnustöðu og kyni | 25 |
| Tafla 15. Efnislegur skortur eftir atvinnustöðu og kyni..... | 26 |
| Tafla 16. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir atvinnustöðu og kyni | 27 |
| Tafla 17. Hversu oft síðastliðin fimm ár tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí eftir atvinnustöðu og kyni | 28 |
| Tafla 18. Staða á húsnæðismarkaði eftir aldri og kyni..... | 29 |
| Tafla 19. Hlutfall þeirra sem finna nánast daglega fyrir andlegum einkennum eftir atvinnustöðu og kyni | 31 |
| Tafla 20. Líkamlegt heilsufar nú um stundir eftir atvinnustöðu og kyni | 33 |
| Tafla 21. Haft þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á síðastliðnum sex mánuðum eftir atvinnustöðu og kyni | 34 |
| Tafla 22. Hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um einhvers konar heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði eftir atvinnustöðu og kyni | 34 |
| Tafla 23. Lengd atvinnuleysis eftir kyni | 37 |
| Tafla 24. Verið atvinnulaus áður eftir kyni..... | 37 |
| Tafla 25. Virkni og sveigjanleiki atvinnulausra eftir kyni | 37 |
| Tafla 26. Hvers vegna hefur ekki verið leitað að starfi síðustu tvær vikur | 38 |
| Tafla 27. Hvers vegna hafnað starfi síðasta mánuðinn | 39 |
| Tafla 28. Hvernig starf kemur til greina | 40 |
| Tafla 29. Líkamlegt heilsufar fyrir atvinnuleysi eftir kyni | 40 |
| Tafla 30. Líkamlegt heilsufar fyrir atvinnuleysi eftir núverandi líkamlegri heilsu..... | 41 |
| Tafla 31. Vinnuálag fyrir atvinnuleysi eftir kyni | 41 |
| Tafla 32. Ánægja eða óánægja atvinnulausra með þjónustu Vinnumálastofnunar eftir kyni | 41 |
| Tafla 33. Ánægð eða óánægð með þjónustu stéttarfélags við atvinnulausa eftir kyni..... | 42 |
| Tafla 34. Hlutfall svarenda eftir ríkisfangi og innflytjendastöðu..... | 45 |
| Tafla 35. Lýðfræðileg samsetning innflytjenda | 46 |
| Tafla 36. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir innflytjendastöðu og kyni..... | 47 |
| Tafla 37. Fjárhagsaðstoð síðastliðið ár eftir innflytjendastöðu og kyni..... | 48 |
| Tafla 38. Fjöldi fjárhagsaðstoðarþátta eftir innflytjendastöðu og kyni..... | 49 |
| Tafla 39. Efnislegur skortur eftir innflytjendastöðu og kyni..... | 50 |
| Tafla 40. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir innflytjendastöðu..... | 51 |
| Tafla 41. Tveggja vikna sumarfrí í a.m.k. tvær vikur sl. fimm ár eftir innflytjendastöðu og kyni | 52 |
| Tafla 42. Staða á húsnæðismarkaði eftir innflytjendastöðu og kyni..... | 53 |
| Tafla 43. Andleg heilsa eftir innflytjendastöðu og kyni | 54 |

| | |
|---|----|
| Tafla 44. Líkamlegt heilsufar eftir innflytjendastöðu og kyni | 57 |
| Tafla 45. Þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á síðastliðnum sex mánuðum eftir innflytjendastöðu og kyni | 57 |
| Tafla 46. Hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði eftir innflytjendastöðu og kyni | 58 |
| Tafla 47. Staða á vinnumarkaði eftir innflytjendastöðu og kyni..... | 61 |
| Tafla 48. Starfshlutfall í hlutabótaleið í samræmi við vinnu sem innt var af hendi eftir innflytjendastöðu og kyni | 62 |
| Tafla 49. Lengd atvinnuleysis eftir innflytjendastöðu og kyni | 63 |
| Tafla 50. Atvinnuleysi áður eftir innflytjendastöðu og kyni..... | 63 |
| Tafla 51. Virkni og sveigjanleiki atvinnulausra eftir innflytjendastöðu og kyni | 64 |
| Tafla 52. Líkamlegt heilsufar fyrir atvinnuleysi eftir innflytjendastöðu og kyni..... | 65 |
| Tafla 53. Vinnuálag fyrir atvinnuleysi eftir innflytjendastöðu og kyni | 65 |
| Tafla 54. Viðhorf til þjónustu Vinnuálagstofnunar við atvinnulausa eftir innflytjendastöðu og kyni. | 66 |
| Tafla 55. Viðhorf til þjónustu stéttarfélaganna við atvinnulausa eftir innflytjendastöðu og kyni | 66 |
| Tafla 56. Lýðfræðileg samsetning ungs fólks..... | 69 |
| Tafla 57. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir aldri og kyni | 71 |
| Tafla 58. Fjárhagsaðstoð síðastliðið ár eftir aldri og kyni | 71 |
| Tafla 59. Fjöldi fjárhagsaðstoðarþátta eftir aldri og kyni | 72 |
| Tafla 60. Efnislegur skortur eftir aldri og kyni | 73 |
| Tafla 61. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir aldri og kyni | 74 |
| Tafla 62. Tveggja vikna sumarfrí í a.m.k. tvær vikur sl. fimm ár eftir aldri og kyni..... | 75 |
| Tafla 63. Staða á húsnæðismarkaði eftir aldri og kyni..... | 76 |
| Tafla 64. Heilsufar eftir aldri og kyni | 78 |
| Tafla 65. Staða á vinnumarkaði eftir aldri og kyni | 80 |
| Tafla 66. Starfshlutfall í hlutabótaleið í samræmi við vinnu sem innt var af hendi eftir aldri og kyni. | 81 |
| Tafla 67. Lengd atvinnuleysis eftir aldri og kyni..... | 82 |
| Tafla 68. Verið atvinnulaus áður eftir aldri og kyni..... | 82 |
| Tafla 69. Virkni og sveigjanleiki atvinnulausra eftir aldri og kyni..... | 83 |
| Tafla 70. Líkamlegt heilsufar fyrir atvinnuleysi eftir aldri og kyni | 84 |
| Tafla 71. Vinnuálag fyrir atvinnuleysi eftir aldri og kyni | 85 |
| Tafla 72. Ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þjónustu Vinnuálagstofnunar við atvinnulausa eftir aldri og kyni | 85 |
| Tafla 73. Ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þjónustu stéttarfélagsins við atvinnulausa eftir aldri og kyni | 86 |

Formáli

Í maí 2020 stofnuðu ASÍ og BSRB Vörðu – rannsóknastofnun vinnumarkaðarins með það fyrir augum að efla rannsóknir og auka fræðilega þekkingu á högum og lífsskilyrðum launafólks. Varða er sjálfseignastofnun en stofnendur hennar fjármagna hana til helminga. Stjórn Vörðu er skipuð Drífu Snædal, forseta ASÍ, Sonju Ýr Þorbergsdóttur, formanni BSRB, Garðari Hilmarsyni, varaformanni Sameykis, Sólveigu Önnu Jónsdóttur, formanni Eflingar, og Kolbeini Hólmar Stefánssyni, lektor við Félagsráðgjafadeild Háskóla Íslands.

Þegar Varða var stofnuð hafði kórónuveirufaraldurinn skolið á og áhrif efnahagskreppunnar í kjölfar faraldursins ófyrirséð. Þegar faraldurinn dróst á langinn og áhrif hans jukust var mikilvægi þess að fylgjast náið með áhrifum hans á launafólk augljóst. Ákveðið var að framkvæma spurningakönnun aðgengilega öllum félögum í aðildarfélögum ASÍ og BSRB til að meta stöðu launafólks og atvinnulausra. Sérstaklega þótti mikilvægt að skoða ítarlega stöðu atvinnulausra en líklega hefur sjaldan verið jafn erfitt og nú. Atvinnuleysi er í hæstu hæðum og atvinnuframboð af mjög skornum skammti. Á sama tíma skipa vinnustaðir og samstarfsfélagar veigamikið hlutverk í félagslegum samskiptum fólks á meðan samkomutakmarkanir gilda.

Könnunin var tvískipt. Fyrri hluta könnunarinnar svöruðu allir þátttakendur, þar voru spurningar sem vörðuðu fjárhagsstöðu og heilsu. Seinni hluti könnunarinnar var eingöngu ætlaður atvinnulausum og innihélt hann spurningar um viðhorf þeirra til atvinnuleitar og þjónustu við atvinnuleitendur. Við greiningu gagnanna var ákveðið að greina sérstaklega stöðu innflytjenda og ungs fólks. Varða sá alfarið um framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar. Margrét Einarsdóttir, félagsfræðingur, var ráðin tímabundið í gagnagreiningu og eru henni færðar sérstakar þakkir fyrir sitt framlag. Kolbeinn Hólmar Stefánsson, lektor við HÍ og sérstakur ráðgjafi, fær einnig bestu þakkir fyrir sitt framlag við mótun spurninga, ráðleggingar við tölfræðilega úrvinnslu, úrlausn tæknilegra viðfangsefna, yfirferð og ráðleggingar en þekking hans og reynsla hefur reynst dýrmæt.

Kristín Heba Gísladóttir
framkvæmdastjóri Vörðu

Helstu niðurstöður

Niðurstöður könnunarinnar sem var lögð fyrir félagi í aðildarfélögum ASÍ og BSRB sýna:

Um fjórðungur launafólks á erfitt eða frekar erfitt með að ná endum saman.

Um fjórðungur kvenna á vinnumarkaði býr við slæma andlega heilsu.

Fimmtungur launafólks getur ekki mætt óvæntum útgjöldum.

Staða atvinnulausra er verri en launafólks þegar litið er til fjárhags og heilsu:

- Atvinnulausir eiga erfiðara með að láta enda ná saman, fleiri í þeirra hópi hafa þegið matar- og/eða fjárhagsaðstoð og líða efnislegan skort.
- Innan við helmingur atvinnulausra býr í eigin húsnæði.
- Andleg og líkamleg heilsa atvinnulausra er verri og þeir eru líklegri til að hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu. Andleg heilsa 40,5% atvinnulausra mælist slæm en 21,4% launafólks.
- Líkamlegt heilsufar 15,6% atvinnulausra er slæmt eða frekar slæmt.
- 54,6% atvinnulausra höfðu neitað sér um heilbrigðisþjónustu.
- Atvinnulausir eru sveigjanlegir og virkir í atvinnuleit.

Staða innflytjenda er verri en innfæddra:

- Fjárhagsstaða innflytjenda er verri á öllum mælikvörðum. Þeir eiga erfiðara með að láta enda ná saman, líða frekar efnislegan skort og hafa í meira mæli þegið matar- og/eða fjárhagsaðstoð.
- Mun færri innflytjendur en innfæddir búa í eigin húsnæði eða 34,9% en meðal innfæddra er hlutfallið 77,4%. Stærri hluti innflytjenda býr á almennum leigumarkaði eða 49,3% en hlutfallið er mun lægra meðal innfæddra, 11,1%.
- Andlegt heilsufar innflytjenda er verra en líkamlegt heilsufar betra. 30,5% innflytjenda mælast með slæma andlega heilsu.
- Innflytjendur sögðust síður hafa þörf fyrir heilbrigðisþjónustu en 24,7% höfðu neitað sér um heilbrigðisþjónustu en 13,5% innfæddra.
- Atvinnulausir innflytjendur sýna almennt meiri virkni og sveigjanleika en innfæddir og á það sérstaklega við um atvinnulausar konur.

Andleg heilsa ungs fólks verri og það er líklegra til að hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu:

- Andleg heilsa 41,6% ungs fólks er slæm en 21,4% þeirra sem eru eldri og voru mun fleiri í þeirra hópi eða 58,9% sem höfðu neitað sér um heilbrigðisþjónustu á síðastliðnum sex mánuðum en 33,8% hjá eldri hópnum.

Key results

Results from the survey posed to members of ASÍ and BSRB show:

Approximately one out of four people on the labour market find it difficult or somewhat difficult to make ends meet.

Approximately one out of four women on the labour market are in poor mental health.

One out of five people on the labour market are not able to meet unexpected expenses.

Unemployed people are worse off than employed people when it comes to financial standing and health:

- Unemployed people are more likely to struggle to make ends meet, to have received food aid or financial support, and to have experienced material deprivation.
- Less than half of unemployed people are home-owners.
- Unemployed people are in worse mental and physical health, and are more likely to have denied themselves health care service. 40.5% of unemployed people report poor mental health, compared to 21.4% of employed people.
- 15.6% of unemployed people report poor or somewhat poor physical health.
- 54.6% of unemployed people have denied themselves health care service.
- Unemployed people are flexible and actively in job search.

Immigrants are worse off than native Icelanders:

- The financial situation of immigrants is worse by all standards. They have a harder time making ends meet, and are more likely to experience material deprivation, and to have received food aid and/or financial support.
- Far fewer immigrants are home-owners, or 34.9%, compared to 77.4% of native Icelanders. A higher proportion of immigrants are in the private rental market, or 49.3%, compared to only 11.1% of native Icelanders.
- Immigrants report poorer mental health, but better physical health. 30.5% of immigrants reported poor mental health.
- Immigrants reported less need for health care services, but 24.7% of immigrants had denied themselves health care service, compared to 13.5% of native Icelanders.
- Immigrant job-seekers generally display more proactivity and flexibility than native Icelanders, and that especially applies to unemployed women.

Young people are in poorer mental health and are more likely to have denied themselves health care service:

- 41.6% of young people report poor mental health, compared to 21.4% of those who are older, and far more young people had denied themselves health care service in the last six months, or 58.9%, compared to 33.8% of older people.

1 Inngangur

Efnahagskreppan í kjölfar útbreiðslu kórónuveirunnar hefur valdið víðtækum breytingum á vinnumarkaði og daglegu lífi. Rétt rúm tíu ár eru síðan íslenska bankakerfið hrundi með tilheyrandi atvinnuleysi og alvarlegum afleiðingum fyrir lífsskilyrði og kjör fólks.

Í ljósi breyttrar stöðu á vinnumarkaði þótti ástæða til að leggja fyrir spurningakönnun meðal launafólks innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB til að afla upplýsinga um fjárhagslega, andlega og líkamlega heilsu launafólks á tímum kórónuveirunnar. Auk þess var sérstaklega horft til að ná til atvinnulausra og afla upplýsinga um stöðu þeirra í samanburði við launafólk. Markmið könnunarinnar er að veita upplýsingar um stöðu:

1. Launafólks út frá fjárhagsstöðu og heilsu.
2. Atvinnulausra út frá fjárhagsstöðu, heilsu og atvinnuleit.
3. Innflytjenda út frá fjárhagsstöðu, heilsu og stöðu á vinnumarkaði.
4. Ungs fólks út frá fjárhagsstöðu, heilsu og stöðu á vinnumarkaði.

Könnunin var lögð fyrir í lok nóvember og byrjun desember 2020 og er aðferð hennar lýst í 2. kafla. Í 3. kafla er greint frá niðurstöðum könnunarinnar og er fyrst greint frá stöðu félaga innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB út frá bakgrunnspáttum og stöðu á vinnumarkaði. Í kafla 3.2. er farið yfir niðurstöður meðal atvinnulausra félaga og staða þeirra skoðuð í samanburði við launafólk. Í kafla 3.3. er fjallað um stöðu innflytjenda og í kafla 3.4. stöðu ungs fólks.

2 Aðferð

Könnunin var ætluð félögum í aðildarfélögum Alþýðusambands Íslands og BSRB. Hún var rafræn og aðgengileg með hlekk og var hægt að svara könnuninni einu sinni á hverju IP-númeri. Hægt var að svara henni á íslensku, ensku eða pólsku. Formaður BSRB og forseti ASÍ sendu formönnum allra aðildarfélaganna tölvupóst og óskuðu eftir aðstoð þeirra við að koma könnuninni á framfæri við félagsfólk. Í tölvupóstinum voru upplýsingar um markmið könnunarinnar, netslóð inn á hana og texti sem óskað var eftir að væri sendur með tölvupósti til félagastéttarfélaganna sem var á íslensku, ensku og pólsku. Leiðbeiningar um upplýsingagjöf komu fram í póstinum þar sem félögin voru beðin um að senda út tilkynningu um könnunina og ítrekun viku síðar. Upphaflega var ráðgert að dreifa könnuninni eingöngu með tölvupósti eða smáskilaboðum til félagastéttarfélaganna. Eftir ábendingar um að reynsla margra féлага væri sú að mun betra væri að dreifa slíkum upplýsingum í gegnum samfélagsmiðla var ákveðið að heimila slíka dreifingu. Hvernig beiðni um þátttöku var send út var í höndum hvers og eins stéttarfélags. Könnunin var opin frá 25. nóvember 2020 til 8. desember 2020.

2.1 Þýði og úrtak

Könnunin var þýðisrannsókn og því opin öllum félagsmönnum heildarsamtaka ASÍ og BSRB að undanskildum félögum Eflingar en úrtak var tekið úr þeirra hópi sem er lýst síðar. Greiddandi félagar innan 46 aðildarfélaganna ASÍ voru 120.220 þann 1. janúar 2020. Þar af voru Eflingarfélagar 23.609 og félagar innan aðildarfélaganna ASÍ sem þýðisrannsóknin náði til því samtals 96.611. Innan BSRB voru í janúar 2020 samtals 21.919 félagar í 23 aðildarfélögum. Í þýðinu voru því samtals 118.530 einstaklingar. Í þeim hópi var svarhlutfallið 7% eða 8.461.

Hjá félagsmönnum Eflingar voru tekin tvö úrtök úr tveimur þýðishópum. Félagar í Eflingu sem voru á almennum atvinnuleysisbótum eða á hlutabótum hjá Vinnumálastofnun í september 2020 lentu í öðrum þýðishópnum, þýði I. Samtals voru 4.036 félagsmenn Eflingar í þýði I og 1.000 manna slembiúrtak tekið úr þeim hópi, Efling I. Eflingarfélagar sem greiddu félagsgjöld af tekjum sem voru 25% eða meira af lágmarkstekjutryggingu í október 2020 og voru ekki á skrá Vinnumálastofnunar lentu í seinni þýðishópnum, þýði II. Samtals 19.573 félagsmenn Eflingar voru í þýði II og 1.000 manna tilviljunarúrtak tekið úr þeirra hópi, Efling II. Hjá Eflingu fengu aðeins þeir sem lentu í úrtökunum tveimur beiðni um þátttöku og ítrekanir voru aðeins sendar þeim hópi. Samtals 141 svar barst frá þeim sem lentu í fyrra úrtakinu og svarhlutfall því 14,1% en samtals 147 svör bárust frá þeim sem lentu í seinna úrtakinu og svarhlutfall þar því 14,7%.

2.2 Vigtun gagna

Gögnin úr könnuninni voru vigtuð til þess að svörin endurspegli betur þýðið. Aðildarfélögum innan ASÍ og BSRB skipt í vigtunarflokka eftir eðli þeirra starfa sem félagsmenn í viðkomandi félögum sinna. Þrjú aðildarfélaganna féllu ekki í neinn flokk og voru vigtuð sér. Að auki lenda þýði I og þýði II hjá Eflingu hvort í sínum vigtunarflokknum. Skiptingin er sýnd í töflu 1.

Tafla 1. Flokkun aðildarféлага vegna vigtunar gagna

| Vigtunarflokkur | Félög |
|-----------------|--|
| ASÍ 1 | AFL-Starfsgreinafélag, Aldan stéttarfélag, Báran stéttarfélag, Drífandi stéttarfélag, Eining – Iðja, Framsýn stéttarfélag, Stéttarfélag Vesturlands, Stéttarfélagið Samstaða, Verkalýðs- og sjómannafélag Bolungarvíkur, Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis, Verkalýðs- og sjómannafélag Sandgerðis, Verkalýðsfélag Akraness, Verkalýðsfélag Grindavíkur, Verkalýðsfélag Snæfellinga, Verkalýðsfélag Suðurlands, Verkalýðsfélag Vestfirðinga, Verkalýðsfélag Þórshafnar, Verkalýðsfélagið Hlíf. |
| ASÍ 2 | Félag verslunar- og skrifstofufólks á Akureyri, Verslunarmannafélag Skagfirðinga, VR. |
| ASÍ 3 | Félag íslenskra rafvirkja, Félag íslenskra símamanna, Félag rafeindavirkja, Félag rafíðnaðarmanna Suðurlandi, Félag sýningarstjóra við kvikmyndahús, Félag tæknifólks í rafíðnaði, Rafíðnaðarfélag Norðurlands, Rafíðnaðarfélag Suðurnesja. |
| ASÍ 4 | BYGGIÐN - Félag byggingamanna, Félag iðn- og tæknigreina, Félag járníðnaðarmanna Ísafirði, Félag málmíðnaðarmanna Akureyri, Iðnsveinafélag Skagafjarðar, ÞINGIÐN, FHS - Félag hársnyrtisveina, Grafía - stéttarfélag í prent- og miðlunargreinum, MATVÍS, VM - Félag vélstjóra og málm tæknimanna. |
| ASÍ 5 | Sjómannafélag Eyjafjarðar, Sjómannafélag Ólafsfjarðar, Sjómannafélagið Jötunn. |
| BSRB 1 | Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi, Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum, FOSS - stéttarfélag í almannaþjónustu, Kjölur - stéttarfélag starfsmanna í almannaðjónustu, Starfsmannafélag Dala- og Snæfellsnessýslu, Starfsmannafélag Fjallabyggðar, Starfsmannafélag Fjarðabyggðar, Starfsmannafélag Húsavíkur, Starfsmannafélag Suðurnesja, Starfsmannafélag Vestmannaeyja. |
| BSRB 2 | Starfsmannafélag Garðabæjar, Starfsmannafélag Hafnarfjarðar, Starfsmannafélag Kópavogs, Starfsmannafélag Mosfellsbæjar, Félag starfsmanna Stjórnarráðsins. |
| BSRB 4 | Landssamband lögreglumanna, Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna, Tollvarðafélag Íslands. |
| FÍF | Félag íslenskra flugumferðarstjóra. |
| FFÍ | Flugfreyjufélag Íslands. |
| LEIÐSÖGN | LEIÐSÖGN - Stéttarfélag leiðsögumanna. |
| Efling I | Eflingarfólk í vinnu. |
| Efling II | Eflingarfólk á atvinnuleysisbótum eða á hlutabótaleið. |

Öllum flokkunum sem tilheyra þýðiskönnuninni var upphaflega gefin úrtaksvogin 1 en Eflingarflokkunum úrtaksvog miðað við líkur á að lenda í úrtaki. Efling I fékk þannig úrtaksvogina 19,57 en Efling II úrtaksvogina 4,04. Lokavog var síðan reiknuð út með því að deila svarhlutfalli viðkomandi flokks í upprunavogina. Til þess að fá vigtaðan fjöldi svara (vigtað N) í sama hlutfall og upprunalegan fjölda svara (N) var síðan deilt í þá vog með stuðlinum „samfals fjöldi í þýði/samfals fjöldi svara“.

Tafla 2. Svarhlutfall og lokavog vigtunarflokka

| Vigtunarflokkur | Svarhlutfall | Úrtaksvog | Lokavog |
|-----------------|--------------|-----------|---------|
| ASÍ 1 | 2,6% | 1 | 38,63 |
| ASÍ 2 | 7,6% | 1 | 13,22 |
| ASÍ 3 | 13,7% | 1 | 7,27 |
| ASÍ 4 | 9,4% | 1 | 10,60 |
| ASÍ 5 | 9,7% | 1 | 10,26 |
| BSRB 1 | 8,8% | 1 | 11,39 |
| BSRB 2 | 12,8% | 1 | 7,81 |
| BSRB 4 | 10,6% | 1 | 9,46 |
| FÍF | 14,7% | 1 | 6,82 |
| FFÍ | 47,7% | 1 | 2,10 |
| LEIDSÖGN | 17,1% | 1 | 5,86 |
| Efling I | 37,8% | 1 | 2,65 |
| Efling II | 14,7% | 19,57 | 133,15 |

2.3 Mælingar

Andleg líðan: Við mat á andlegri líðan var notast við Patient Health Questionnaire (PHQ-9) sem er einfaldur níu spurninga sjálfsmatskvarði sem hefur verið þýddur á íslensku og rannsakaður með tilliti til réttmætis og áreiðanleika. Kvarðinn metur einkenni þunglyndis og alvarleika þeirra (Andri Steinþór Björnsson, Karen Jónsdóttir, Signý Sigurðardóttir, Inga Wessman, Ólafía Sigurjónsdóttir, Auður Sjöfn Þórisdóttir o.fl., 2018). Spurt var um hversu oft á síðustu tveimur vikum viðkomandi hefði fundið fyrir hverju einkenni fyrir sig á fjörgildum skala (0 = alls ekki, 1 = nokkra daga, 2 = meira en helmings tímans, 3 = nánast alla daga). Spurt var um eftirfarandi einkenni: 1) Lítil áhugi eða gleði við að gera hluti. 2) Verið niðurdregin/n, dapur/döpur eða vonlaus. 3) Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina. 4) Þreyta og orkuleysi. 5) Lystarleysi eða ofát. 6) Liðið illa með sjálfa/n þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum þér eða fjölskyldu þinni. 7) Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp. 8) Hreyfa þig eða tala svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus eða óróleg(ur) að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega. 9) Hugsað um að það væri betra að þú værir dáin/n eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt (Þróunarmiðstöð, e.d.). Hver svarandi gat fengið 0-27 stig. Hér eru 10 eða fleiri stig metin sem slæm andleg heilsa (Kroenke og Spitzer. 2002). Þeir sem merkja ekki við neina spurningu fá brottfallsgildi. Þeir sem merkja við a.m.k. eina spurningu en svara ekki

öllum spurningunum finna ekki fyrir þeim einkennum sem þeir merkja ekki við og fá gildið 0 í stað brottfallsgildis. Heilsan er því ekki verri en gögnin segja til um.

Efnislegur skortur: Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum þar með talið spurningum sem saman mæla efnislegan skort samkvæmt skilgreiningu sem Hagstofa Evrópusambandsins og Hagstofa Íslands nota. Spurt var hvort einhver níu staðhæfinga ætti við um heimili svarenda. Staðhæfingarnar voru: 1) Vanskil á leigu, húsnæðislánnum eða öðrum lánnum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum. 2) Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu. 3) Hef ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag. 4) Get ekki mætt óvæntum útgjöldum. 5) Hef hvorki efni á heimsíma né farsíma. 6) Hef ekki efni á sjónvarpstæki. 7) Hef ekki efni á þvottavél. 8) Hef ekki efni á bíl. 9) Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu. Samkvæmt skilgreiningu búa þau við skort sem búa á heimili sem þrennt af ofantöldum þáttum á við um (Hagstofa Íslands, e.d.).

2.4 Marktæknipróf

Persons kí-kvaðrat próf (χ^2) var notað til að reikna út tölfræðilega marktækni. Prófið metur hvort marktækur munur er á milli mismunandi hópa í tíðnitöflum. Miðað var við 95% vikiörk, * = $p < 0,05$, ** = $p < 0,001$.

3 Niðurstöður

Atvinnuleysi hefur alvarlegar afleiðingar. Það er meðal annars tengt verri andlegri heilsu meðal atvinnulausra (Bambra & Eikemo, 2009; Pharr, Sheniz & Bungum, 2012) og eykur veikindi, vanlíðan, fjarvistir vegna veikinda og samskiptavandamál meðal þeirra sem halda vinnunni á vinnustöðum sem hafa orðið fyrir niðurskurði (Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ásta Snorradóttir & Hjördís Sigursteinsdóttir, 2014). Frá því að kórónuveirufaraldurinn skall á hafa orðið miklar breytingar á vinnumarkaði. Almennt atvinnuleysi í desember 2020 samkvæmt mælingum Vinnumálastofnunar var 10,7%. Atvinnuleysi er meira meðal karla (55%) en kvenna (44%), meðal innflytjenda (24%) en innfæddra (12,1%) og 10,7% 18-25 ára eru atvinnulaus (Vinnumálastofnun, 2020).

Staðan á vinnumarkaði í desember samkvæmt Vinnumálastofnun, á sama tíma og könnunin var lögð fyrir, endurspeglar niðurstöður könnunarinnar. Í niðurstöðum er byrjað á því að skoða vinnumarkaðstöðu félagsmanna innan ASÍ og BSRB út frá lýðfræðilegum þáttum, það er eftir kyni, aldri, innflytjendastöðu, búsetu og menntun. Að auki er hlutfall þeirra sem nýtt hafa hlutabótaleiðina skoðað sem og hvort vinnuframlag hafi verið í samræmi við starfshlutfall. Í framhaldinu er fjárhagsstaða og heilsufar greint eftir kyni. Staða atvinnulausra er skoðuð nánar út frá fjárhagsstöðu, heilsu, atvinnuleit og þjónustu við atvinnuleitendur. Fjárhagsstaða og heilsufar atvinnulausra er borið saman við fjárhagsstöðu og heilsufar launafólks auk þess sem birtar eru niðurstöður úr spurningum sem eingöngu þeir sem voru í atvinnuleit fengu. Þær spurningar snúa að lengd atvinnuleysisins, hvort þeir hefðu verið atvinnulausir áður og að virkni og sveigjanleika í atvinnuleitinni. Einnig var spurt um líkamlega heilsu og vinnuálag fyrir atvinnuleysi og viðhorf til þjónustu Vinnumálastofnunar og stéttarfélaganna við atvinnulausa. Loks var staða innflytjenda og ungs fólks skoðuð á sambærilegan hátt. Fjárhagsstaða og heilsufar innflytjenda og staða atvinnulausra innflytjenda er borin saman við sömu þætti hjá innfæddum og fjárhagsstaða og heilsufar ungs fólks og staða atvinnulauss ungs fólks undir þrítugu borin saman við sömu þætti hjá þeim eldri eru. Allar niðurstöður eru að auki greindar eftir kyni.

3.1 Staða félaga

Hér á eftir verður staða félaga innan aðildarféлага ASÍ og BSRB skoðuð. Fyrst er fjallað um samsetningu út frá kyni, aldri, menntun og búsetu. Næst er fjallað um stöðu á vinnumarkaði. Fjárhagsstaða er skoðuð út frá nokkrum spurningum og eru niðurstöður birtar eftir kyni.

Sérstakur kafli er um heilsufar og er þar einnig skoðuð þörf fyrir heilbrigðisþjónustu og hvort svarendur hafi neitað sér um heilbrigðisþjónustu og niðurstöðurnar greindar eftir kyni.

3.1.1 Staða félaga á vinnumarkaði

Tafla 1. Lýðfræðileg samsetning eftir vinnumarkaðsstöðu

| | Í launavinnu | Á uppsagnarfresti | Atvinnulausir | Önnur staða | Samtals | N | p |
|--------------------------|--------------|-------------------|---------------|-------------|---------|------|---------|
| <i>Kyn</i> | | | | | | 8649 | 0,882 |
| Kona | 78,6% | 1,5% | 10,4% | 9,6% | 55,9% | | |
| Karl | 78,7% | 1,6% | 9,9% | 9,8% | 44,1% | | |
| <i>Aldur</i> | | | | | | 8648 | 0,000** |
| < 30 ára | 71,5% | 1,3% | 12,7% | 14,4% | 14,7% | | |
| 30-69 ára | 80,0% | 1,5% | 9,7% | 8,7% | 85,3% | | |
| <i>Innflytjendastaða</i> | | | | | | 8678 | 0,000** |
| Innfæddir | 81,1% | 1,3% | 7,0% | 10,6% | 83,7% | | |
| Innflytjendur | 66,1% | 2,4% | 26,4% | 5,1% | 16,3% | | |
| <i>Búseta</i> | | | | | | 8676 | 0,000** |
| Höfuðborgarsvæðið | 79,4% | 1,4% | 9,3% | 9,9% | 56,5% | | |
| Suðurnes | 66,6% | 1,3% | 26,9% | 5,1% | 7,9% | | |
| Landsbyggð | 80,2% | 1,7% | 7,7% | 10,5% | 35,6% | | |
| <i>Menntun</i> | | | | | | 8663 | 0,000** |
| Grunnskólastig | 81,6% | 1,8% | 7,3% | 9,3% | 24,5% | | |
| Framhaldsskólastig | 79,9% | 1,2% | 9,1% | 9,8% | 49,8% | | |
| Háskólastig | 73,5% | 1,8% | 14,9% | 9,9% | 25,7% | | |
| Samtals | 78,8% | 1,5% | 10,2% | 9,6% | 100% | 8749 | |

Í töflu 1 er lýðfræðileg samsetning svarenda skoðuð eftir stöðu á vinnumarkaði. Hún sýnir að 78,6% kvenna innan aðildarfélaga ASÍ og BSRB sem svöruðu könnuninni voru í launavinnu, 1,5% á uppsagnarfresti, 10,4% á atvinnuleysisbótum og 9,6% í annarri stöðu á vinnumarkaði. 78,7% karla innan voru í launavinnu, 1,6% á uppsagnarfresti, 9,9% atvinnulausir og 9,8% í annarri stöðu. Í flokkinn önnur staða á vinnumarkaði flokkast námsmenn, lífeyrisþegar og fleiri sem telja þá stöðu vera aðalstöðu sína en merkja við að þeir séu aðilar í aðildarfélagi innan ASÍ eða BSRB.

Tafla 1 sýnir einnig að meðal félagsmanna aðildarfélaga ASÍ og BSRB er hlutfallslega meira atvinnuleysi meðal fólks undir þrítugu (12,7%) en eldra fólks (9,7%), meðal innflytjenda (26,4%) en innfæddra (7%), meðal fólks með menntun á háskólastigi (14,9%) en meðal þeirra sem eru með menntun á framhaldsskólastigi (9,1%) eða á grunnskólastigi (7,3%), meðal íbúa

á Suðurnesjum (26,9%) en á höfuðborgarsvæðinu (9,3%) og á landsbyggðinni (7,7%). Einnig eru hlutfallslega fleiri innflytjendur (2,4%) en innfæddir á uppsagnarfresti (1,3%) en óverulegur munur mælist á hlutfalli fólks á uppsagnarfresti eftir öðrum lýðfræðilegum þáttum sem mældir voru. Þá er hlutfallslega fleira yngra fólk (14,4%) en eldra (8,7%), innfæddir (10,6%) en innflytjendur (5,1%), og íbúar á höfuðborgarsvæðinu (9,9%) og landsbyggðarfólk (10,5%) en Suðurnesjábúar (5,1%) í annarri stöðu á vinnumarkaði. Enginn kynjamunur mælist hins vegar á vinnumarkaðsstöðu félagsmanna innan ASÍ og BSRB.

Tafla 2. Hlutfall sem hefur nýtt hlutabótaleiðina

| | Konur | Karlar | Samtals | P |
|------------------------------|-------|--------|---------|----------|
| Já, nýtt hlutabótaleið | 21,8% | 21,2% | 21,5% | 0,410 |
| Nei, ekki nýtt hlutabótaleið | 78,2% | 78,8% | 78,5% | N = 8650 |

Tafla 2 sýnir hlutfall félagsmanna innan aðildarféлага ASÍ og BSRB sem hafa nýtt hlutabótaleiðina eftir kyni. Hún sýnir að ríflega fimmtungur (21,5%) hefur nýtt þetta vinnumarkaðsúrræði sem komið var á í tengslum við sóttvarnaraðgerðir stjórnvalda til að hefta útbreiðslu veirunnar og að enginn kynjamunur mælist á hlutfallinu.

Svarendur sem sögðust hafa nýtt hlutabótaleiðina voru spurðir að því hvort minnkað starfshlutfall hefði verið í samræmi við þá vinnu sem innt var af hendi á meðan úrræðið var nýtt. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 3.

Tafla 3. Starfshlutfall í hlutabótaleið í samræmi við vinnu sem innt var af hendi eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | p |
|-----------------|-------|--------|---------|----------|
| Já | 72,7% | 71,7% | 72,3% | 0,393 |
| Nei, vann meira | 16,9% | 19,1% | 17,9% | N = 1820 |
| Nei, vann minna | 10,3% | 9,2% | 9,8% | |

Tafla 3 sýnir að vinnuframlag tæplega þriggja af hverjum fjórum þeirra sem nýtt hafa hlutabótaleiðina var í samræmi við starfshlutfallið sem þeir voru í en að tæpur fimmtungur vann meira en tíundi hluti minna en starfshlutfallið sagði til um. Sá litli kynjamunur sem er á því hvort starfshlutfall í hlutabótaleið hafi verið í samræmi við þá vinnu sem innt var af hendi er ekki tölfræðilega marktækur.

3.1.2 Fjárhagsleg staða félaga

Fjárhagsstaða launafólks á vinnumarkaði var skoðuð í könnuninni og metin með nokkrum spurningum. Svarendur voru spurðir að því hversu auðvelt eða erfitt þeir eiga með að ná endum

saman, hvort þeir búi við skort á efnislegum gæðum, hversu oft á síðastliðnum fimm árum þeir hafi tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí og hver staða þeirra á húsnæðismarkaði sé. Niðurstöðurnar voru greindar eftir kyni.

Tafla 4. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman meðal launafólks eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | P |
|----------------|-------|--------|---------|----------|
| Auðvelt | 32,6% | 43,5% | 37,4% | 0,000** |
| Nokkuð auðvelt | 40,2% | 37,0% | 38,8% | N = 7827 |
| Frekar erfitt | 18,6% | 15,4% | 17,1% | |
| Erfitt | 8,6% | 4,1% | 6,6% | |

Niðurstöður um hversu auðvelt eða erfitt launafólk innan ASÍ og BSRB á með að ná endum saman eftir kyni eru birtar í töflu 4. Taflan sýnir að hlutfallslega fleiri konur eiga erfitt (8,6%) eða frekar erfitt (18,6%) með að ná endum saman en karlar (4,1% og 15,4%). Að sama skapi eiga karlar hlutfallslega oftar auðvelt (43,5%) eða nokkuð auðvelt (37%) með að ná endum saman en konur (32,6% og 40,2%). Munurinn er tölfræðilega marktækur.

Tafla 5. Efnislegur skortur meðal launafólks eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | N | p |
|--|-------|--------|---------|------|---------|
| Vanskil á leigu/lánnum | 4,7% | 4,2% | 4,5% | 7764 | 0,000** |
| Ekki árlegt frí með fjölskyldu | 16,7% | 10,0% | 13,8% | 7766 | 0,000** |
| Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag | 4,3% | 2,3% | 3,4% | 7764 | 0,000** |
| Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum | 22,1% | 15,3% | 19,1% | 7765 | 0,000** |
| Ekki efni á síma | 0,8% | 0,5% | 0,7% | 7764 | 0,000** |
| Ekki efni á sjónvarpstæki | 1,8% | 1,7% | 1,8% | 7765 | 0,000** |
| Ekki efni á þvottavél | 1,4 % | 1,8% | 1,6% | 7764 | 0,000** |
| Ekki efni á bíl | 5,8% | 4,3% | 5,2% | 7765 | 0,000** |
| Ekki nægileg upphitun | 0,7% | 0,3% | 0,5% | 7765 | 0,000** |

Niðurstöður um efnislegan skort eftir kyni eru birtar í töflu 5. Hlutfallslega voru fleiri konur í vanskilum á leigu eða lánnum síðastliðna 12 mánuði (4,7% á móti 4,2%), sem gátu ekki mætt óvæntum útgjöldum (22,1% á móti 15,3%) og sem höfðu ekki efni á árlegu frí með fjölskyldunni (16,7% á móti 10%), á kjöt-, fisk- eða sambærilegri grænmetis máltíð annan hvern dag (4,3% á móti 2,3%), á síma (0,8% á móti 0,5%), á sjónvarpstæki (1,8% á móti 1,7%), á bíl

(5,8% á móti 4,3%) og á nægri upphitun (0,7% á móti 0,3%). Eini þátturinn sem hlutfall karla er hærra er að hafa ekki efni á þvottavél (1,8% á móti 1,4%). Um tölfræðilega marktækan mun er að ræða í öllum tilfellum. 6,1% launafólks býr við efnislegan skort, 7,1% kvenna og 4,8% karla.

Tafla 6. Hversu oft síðastliðin fimm ár tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí, meðal launafólks eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | P |
|------------------------|-------|--------|---------|----------|
| Aldrei eða einu sinni | 20,7% | 20,1% | 20,5% | 0,000** |
| Tvisvar eða þrisvar | 21,1% | 24,1% | 22,5% | N = 8656 |
| Fjórum eða fimm sinnum | 39,2% | 38,5% | 38,8% | |
| Oftar en fimm sinnum | 19,0% | 17,3% | 18,3% | |

Tafla 6 sýnir hversu oft á síðastliðnum fimm árum svarendur hafa tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí. Hlutfall karla og kvenna sem hafa aldrei eða einu sinni farið í sumarfrí á síðastliðnum fimm árum er mjög svipað eða 20,7% meðal kvenna og 20,1% meðal karla. 21,1% kvenna og 24,1% karla hafa tekið sumarfrí tvisvar eða þrisvar sinnum á tímabilinu. 39,2% kvenna og 38,5% karla hafa farið fjórum eða fimm sinnum í sumarfrí og 19% kvenna og 17,3% karla hafa farið árlega eða oft. Munurinn er tölfræðilega marktækur.

Tafla 7. Staða launafólks á húsnæðismarkaði eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | p |
|---------------------------------|-------|--------|---------|----------|
| Eigið húsnæði | 75,4% | 74,4% | 74,9% | 0,000** |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 13,7% | 15,5% | 14,5% | N = 7828 |
| Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum | 3,6% | 3,0% | 3,3% | |
| Hjá ættingjum/vinum | 6,5% | 5,7% | 6,2% | |
| Annað | 0,8% | 1,3% | 1,1% | |

Tafla 7 sýnir að lítil munur er á stöðu á húsnæðismarkaði eftir kyni. Nokkuð fleiri karlar eru á almennum leigumarkaði eða 15,5% en 13,7% kvenna. Munurinn er tölfræðilega marktækur.

3.1.2.1 Fjárhagsleg staða félaga - samantekt

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna verulegan mun á fjárhagsstöðu félagsfólks aðildarfélaga ASÍ og BSRB eftir kyni. Þannig eiga hlutfallslega fleiri konur en karlar erfitt með að láta enda ná saman og líða efnislegan skort. Lítil munur er á stöðu kynjanna á húsnæðismarkaði og sömuleiðis var ekki afgerandi munur á töku sumarfrís eftir kyni.

3.1.2.2 Financial situation of members – Summary

The survey results show a considerable difference in the financial situation of both ASÍ and BSRB members depending on their gender. A higher proportion of women struggle to make

ends meet and experience material deprivation, compared to men. There is small difference between women and men when it comes to housing situation and the ability to take summer vacations.

3.1.3 Heilsufar félaga

Þeir heilsufarsþættir sem notaðir voru til að meta heilsufar sem greint var eftir kyni voru: sjálfsmat á níu einkennum andlegar vanlíðanar og heildarmat á andlegri heilsu samkvæmt PHQ-9 skalanum, sjálfsmat á líkamlegi heilsu nú um stundir, þörf fyrir heilbrigðisþjónustu síðustu sex mánuði og það að hafa neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu á sama tímabili.

Tafla 8. Hlutfall launafólks sem finnur nánast daglega fyrir andlegum einkennum eftir kyni

| Einkenni | Konur | Karlar | Samtals | N | P |
|--|-------|--------|---------|------|---------|
| Lítill áhugi eða gleði við að gera hlutina | 6,3% | 5,1% | 5,6% | 7727 | 0,000** |
| Niðurdregin(n), dapur/döpur, vonlaus | 4,1% | 3,2% | 3,7% | 7732 | 0,000** |
| Erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina | 11,6% | 6,7% | 9,5% | 7749 | 0,000** |
| Þreyta og orkuleysi | 14,6% | 8,9% | 12,1% | 7850 | 0,000** |
| Lystarleysi eða ofát | 6,6% | 2,6% | 4,8% | 7556 | 0,000** |
| Líða illa með sjálfa(n) sig eða fundist hann/hún ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum(ri) sér eða fjölskyldu sinni | 7,7% | 4,8% | 6,4% | 7713 | 0,000** |
| Erfiðleika með einbeitingu | 6,2% | 3,0% | 4,8% | 7725 | 0,000** |
| Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus | 3,3% | 1,8% | 2,6% | 7725 | 0,000** |
| Hugsa um að það væri betra að þú værir dáin(n) eða um að skaða þig á einhvern hátt | 1,8% | 1,1% | 1,5% | 7716 | 0,000** |
| Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum | 24,6% | 17,3% | 21,4% | 7816 | 0,000* |

Þegar andleg heilsa kvenna og karla er skoðuð meðal launafólks þá er hlutfall kvenna hærra í öllum níu spurningunum og heildarskor meðal kvenna einnig umtalsvert hærra eins og sést í töflu 9. 6,3% kvenna og 5,1% karla á vinnumarkaði finna lítinn áhuga eða gleði við að gera hlutina. 4,1% kvenna en 3,2% karla hafa verið niðurdregin, döpur eða vonlaus. 11,6% kvenna en 6,7% karla hafa átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina. 14,6% kvenna en 8,9% karla hafa fundið fyrir þreytu og orkuleysi. 6,6% kvenna en 2,6% karla hafa upplifað lystarleysi eða ofát. 7,7% kvenna en 4,8% karla hefur liðið illa með sig. 6,2% kvenna en 3% karla hafa átt

erfitt með einbeitingu. 3,3% kvenna og 1,8% karla hafa hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir taka eftir því eða verið eirðarlaus. 1,8% kvenna og 1,1% karla hafa hugsað að það væri betra ef þau væri dáin eða hugsað um að skaða sig. Fjórðungur kvenna eða 24,6% mælist með slæma andlega heilsu samkvæmt mælikvarðanum en 17,3% karla. Andleg heilsa vinnandi kvenna er mun verri en vinnandi karla.

Tafla 9. Líkamlegt heilsufar launafólks eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | P |
|------------------------|-------|--------|---------|----------|
| Mjög gott eða gott | 54,4% | 59,1% | 56,4% | 0,000** |
| Hvorki gott né slæmt | 31,3% | 30,9% | 31,1% | N = 7828 |
| Slæmt eða frekar slæmt | 14,3% | 10,0% | 12,5% | |

Tafla 9 sýnir að 14,3% kvenna en 10% karla telja líkamlegt heilsufar sitt slæmt eða frekar slæmt. 31,3% kvenna og 30,9% karla segja heilsufar sitt hvorki gott né slæmt og 54,4% kvenna og 59,1% karla segja líkamlegt heilsufar mjög gott eða gott. Um tölfræðilega marktækan mun er að ræða.

Tafla 10. Þörf launafólks fyrir heilbrigðisþjónustu eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | p |
|-------------------------------|-------|--------|---------|----------|
| Já, þörf fyrir þjónustu | 62,0% | 50,1% | 56,7% | 0,887 |
| Nei, ekki þörf fyrir þjónustu | 38,0% | 49,9% | 43,3% | N = 7832 |

Tafla 10 sýnir að töluverður munur er á þörf félagsmanna innan ASÍ og BSRB fyrir heilbrigðisþjónustu eftir kyni. 62% kvenna en 50,1% karla hafði þörf fyrir slíka þjónustu á síðastliðnum sex mánuðum.

Tafla 11. Hlutfall launafólks sem hefur neitað sér um einhvers konar heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði eftir kyni

| Þjónusta | Konur | Karlar | Samtals | N | P |
|---|-------|--------|---------|------|---------|
| Almenn heilbrigðisþjónusta | 13,1% | 11,5% | 12,5% | 3316 | 0,000** |
| Tannlæknaþjónusta | 30,7% | 27,4% | 29,1% | 4105 | 0,000** |
| Geðheilbrigðisþjónusta | 19,7% | 10,7% | 16,3% | 3445 | 0,000** |
| Neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu | 35,6% | 30,5% | 33,8% | 4430 | 0,000** |

Tafla 11 sýnir síðan hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um einhvers konar heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði eftir kyni. Hún sýnir að hlutfallslega fleiri konur en karlar hafa neitað sér um allar tegundir heilbrigðisþjónustu sem spurt var um, eða almenna heilbrigðisþjónustu (13,1% á móti 11,5%), tannlæknaþjónustu (30,7% á móti 27,4%) og geðheilbrigðisþjónustu

(19,7% á móti 10,7%). Með öðrum orðum þá hafa 35,6% kvenna og 30,5% karla neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu á síðustu sex mánuðum. Munurinn er tölfræðilega marktækur.

3.1.3.1 Heilsufar félaga – samantekt

Andlegt heilsufar kvenna var töluvert verra en karla. Líkamlegt heilsufar kvenna var einnig verra en munurinn ekki jafn mikill og þegar andlega heilsufarið var skoðað. Konur voru líklegri til að hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu og fleiri úr þeirra hópi höfðu þörf fyrir slíka þjónustu.

3.1.3.2 Health of members – Summary

Women reported significantly poorer mental health than men. Women also reported poorer physical health, but the difference was not as great as in mental health. Women are more likely to have denied themselves health care service, and more women were in need for health care service.

3.2 Staða atvinnulausra

Hér á eftir verður staða atvinnulausra skoðuð nánar. Fjárhagsstaða atvinnulausra og heilsufar er borið saman við fjárhagsstöðu og heilsufar launafólks og einnig verða birtar niðurstöður úr spurningum sem eingöngu voru lagðar fyrir atvinnuleitendur. Þær spurningar vörðuðu lengd atvinnuleysis, hvort þeir hefðu verið atvinnulausir áður, íhugað flutninga, íhugað að fara í nám, leitað að starfi síðustu tvær vikur, hafnað starfi síðastliðinn mánuð og hvort atvinnulausir væru tilbúnir að ráða sig í annars konar starf en þeir voru í. Einnig var spurt um líkamlega heilsu, vinnuálag fyrir atvinnuleysi og viðhorfs til þjónustu Vinnumálstofnunar og stéttarfélaganna við atvinnulausa. Undir launafólk falla þau sem eru í launavinnu eða á uppsagnarfresti. Þeir svarendur sem merktu við aðra stöðu á vinnumarkaði (þeir sem taka lífeyrisgreiðslur, nemar, öryrkjar, verktakar, heimavinnandi, annað) eru því ekki með í þessari greiningu.

3.2.1 Fjárhagsstaða atvinnulausra

Munur á fjárhagsstöðu eftir atvinnustöðu var metinn með nokkrum spurningum. Svarendur voru spurðir að því hversu auðvelt eða erfitt þeir eiga með að ná endum saman, hvort þeir hafi fengið fjárhagsaðstoð, hvort þeir búi við skort á efnislegum gæðum, hversu oft á síðastliðnum fimm árum þeir hafi tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí og hver staða þeirra á húsnæðismarkaði sé.

Tafla 12. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir atvinnustöðu og kyni

| | Launafólk | Atvinnulausir | Samtals | P |
|----------------|-----------|---------------|---------|----------|
| <i>Allir</i> | | | | 0,000** |
| Auðvelt | 37,4% | 15,8% | 35,0% | N = 7827 |
| Nokkuð auðvelt | 38,8% | 33,8% | 38,3% | |
| Frekar erfitt | 17,1% | 26,1% | 18,1% | |
| Erfitt | 6,6% | 24,4% | 8,6% | |
| <i>Konur</i> | | | | 0,000** |
| Auðvelt | 32,6% | 17,5% | 30,8% | N = 4352 |
| Nokkuð auðvelt | 40,2% | 34,9% | 39,6% | |
| Frekar erfitt | 18,6% | 26,5% | 19,5% | |
| Erfitt | 8,6% | 21,1% | 10,0% | |
| <i>Karlar</i> | | | | 0,000** |
| Auðvelt | 43,5% | 13,6% | 40,2% | N = 3437 |
| Nokkuð auðvelt | 37,0% | 32,1% | 36,4% | |
| Frekar erfitt | 15,4% | 25,7% | 16,5% | |
| Erfitt | 4,1% | 28,6% | 6,8% | |

Niðurstöður um hversu auðvelt eða erfitt launafólk innan ASÍ og BSRB á með að ná endum saman eftir atvinnustöðu eru birtar í töflu 12. Taflan sýnir að hlutfallslega fleiri atvinnulausir eiga erfitt (24,4%) eða frekar erfitt (26,1%) með að ná endum saman en þeir sem eru með vinnu (6,6% og 17,1%). Að sama skapi eiga hlutfallslega fleiri þeirra sem eru með vinnu auðvelt (37,4%) eða nokkuð auðvelt (38,8%) með að ná endum saman en atvinnulausir (15,8% og 33,8%). Munurinn eftir atvinnustöðu er tölfræðilega marktækur og helst sá munur hvort tveggja í hópi kvenna og í hópi karla. Raunar er munurinn á milli atvinnulausra og launafólks enn meiri í hópi karla en kvenna.

Tafla 13. Fjárhagsaðstoð á síðastliðnum 12 mánuðum eftir atvinnustöðu og kyni

| | | Launafólk | Atvinnulausir | Samtals | N | P |
|---------------------|--------|-----------|---------------|---------|------|---------|
| Frá sveitarfélagi | Allir | 1,8% | 10,7% | 2,7% | 7010 | 0,000** |
| | Konur | 1,4% | 10,0% | 2,3% | 3837 | 0,000** |
| | Karlar | 2,1% | 11,7% | 3,1% | 3136 | 0,000** |
| Frá ættingjum/vinum | Allir | 9,1% | 18,2% | 10,0% | 7578 | 0,000** |
| | Konur | 10,5% | 18,5% | 11,3% | 4226 | 0,000** |
| | Karlar | 7,5% | 17,2% | 8,2% | 3311 | 0,000** |
| Frá hjálparsamtökum | Allir | 0,7% | 2,8% | 0,9% | 6884 | 0,000** |
| | Konur | 0,6% | 1,6% | 0,7% | 3773 | 0,016** |
| | Karlar | 0,8% | 4,6% | 1,1% | 3074 | 0,000** |
| Mataraðstoð | Allir | 1,0% | 6,8% | 1,5% | 6929 | 0,000** |
| | Konur | 1,4% | 6,5% | 1,9% | 3821 | 0,000** |
| | Karlar | 0,4% | 7,2% | 1,1% | 3073 | 0,000** |

Niðurstöður um hvort launafólk hafi fengið fjárhagsaðstoð síðasta árið eftir atvinnustöðu sjást í töflu 13. Þær sýna að atvinnulausir eru líklegri en launafólk til að hafa þegið aðstoð frá sveitafélagi (10,7% á móti 1,8%), frá ættingjum og/eða vinum (18,2% á móti 9,1%), frá félags- eða hjálparsamtökum (2,8% á móti 0,7%) og mataraðstoð (6,8% á móti 1%). Í öllum tilfellum er munurinn eftir atvinnustöðu tölfræðilega marktækur og helst sá munur hvort tveggja í hópi karla og kvenna.

Tafla 14. Fjöldi fjárhagsaðstoðarþátta eftir atvinnustöðu og kyni

| | Launafólk | Atvinnulausir | Samtals | P |
|--------------------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Engin fjárhagsaðstoð | 89,3% | 72,8% | 87,5% | N = 7796 |
| Ein tegund | 9,5% | 23,0% | 11,0% | |
| Tvær eða fleiri tegundir | 1,2% | 4,2% | 1,5% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Engin fjárhagsaðstoð | 88,2% | 72,5% | 86,4% | N = 4337 |
| Ein tegund | 10,4% | 24,7% | 12,0% | |
| Tvær eða fleiri tegundir | 1,4% | 2,8% | 1,6% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Engin fjárhagsaðstoð | 90,6% | 73,5% | 88,8% | N = 3421 |
| Ein tegund | 8,5% | 20,2% | 9,8% | |
| Tvær eða fleiri tegundir | 0,8% | 6,3% | 1,4% | |

Tafla 14 sýnir að hlutfallslega fleiri atvinnulausir hafa þegið eina (23%), tvær eða fleiri (4,2%) gerðir fjárhagsaðstoðar síðasta árið en launfólk hefur þegið (9,5% og 1,2%). Að sama skapi hefur hlutfallslega fleira launafólk (89,3%) en atvinnulausir (72,8%) ekki þegið neina fjárhagsaðstoð af því tagi sem spurt var um. Taflan sýnir að munurinn er tölfræðilega marktækur og helst marktækur hvort tveggja meðal kvenna og karla.

Tafla 15. Efnislegur skortur eftir atvinnustöðu og kyni

| | | Launafólk | Atvinnulausir | Samtals | N | p |
|--|--------|-----------|---------------|---------|------|---------|
| Vanskil á leigu/lánnum | Allir | 4,5% | 13,6% | 5,5% | 7764 | 0,000** |
| | Konur | 4,7% | 11,5% | 5,5% | 4306 | 0,000** |
| | Karlar | 4,2% | 16,4% | 5,6% | 3420 | 0,000** |
| Ekki árlegt frí með fjölskyldu | Allir | 13,8% | 32,9% | 15,9% | 7766 | 0,000** |
| | Konur | 16,7% | 30,5% | 18,3% | 4306 | 0,000** |
| | Karlar | 10,0% | 35,8% | 12,8% | 3420 | 0,000** |
| Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag | Allir | 3,4% | 12,2% | 4,4% | 7764 | 0,000** |
| | Konur | 4,3% | 10,5% | 5,0% | 4306 | 0,000** |
| | Karlar | 2,3% | 14,6% | 3,6% | 3420 | 0,000** |
| Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum | Allir | 19,1% | 39,4% | 21,4% | 7765 | 0,000** |
| | Konur | 22,1% | 38,8% | 24,0% | 4306 | 0,000** |
| | Karlar | 15,3% | 39,9% | 18,8% | 3420 | 0,000** |
| Ekki efni á síma | Allir | 0,7% | 3,1% | 1,0% | 7764 | 0,000** |
| | Konur | 0,8% | 2,6% | 1,0% | 4306 | 0,000** |
| | Karlar | 0,5% | 3,8% | 0,9% | 3421 | 0,000** |
| Ekki efni á sjónvarpstæki | Allir | 1,8% | 6,7% | 2,3% | 7765 | 0,000** |
| | Konur | 1,8% | 5,9% | 2,3% | 4306 | 0,000** |
| | Karlar | 1,7% | 7,8% | 2,3% | 3420 | 0,000** |
| Ekki efni á þvottavél | Allir | 1,6% | 6,6% | 2,1% | 7764 | 0,000** |
| | Konur | 1,4% | 6,5% | 2,0% | 4306 | 0,000** |
| | Karlar | 1,8% | 7,0% | 2,3% | 3420 | 0,000** |
| Ekki efni á bíl | Allir | 5,2% | 17,0% | 6,5% | 7765 | 0,000** |
| | Konur | 5,8% | 15,8% | 6,9% | 4306 | 0,000** |
| | Karlar | 4,3% | 18,5% | 5,9% | 3421 | 0,000** |
| Ekki nægileg upphitun | Allir | 0,5% | 2,3% | 0,7% | 7765 | 0,000** |
| | Konur | 0,7% | 2,6% | 0,9% | 4307 | 0,000** |
| | Karlar | 0,3% | 2,2% | 0,5% | 3421 | 0,000** |

Niðurstöður um efnislegan skort eftir atvinnustöðu eru birtar í töflu 15. Þær sýna tölfræðilega marktækan mun á milli launafólks og atvinnulausra í öllum þeim níu efnislegu þáttum sem mældir voru og að í öllum tilvikum hallar á atvinnulausa. Það voru þannig hlutfallslega fleiri í hópi atvinnulausra en í hópi launafólks sem voru í vanskilum á leigu eða lánnum síðastliðna 12 mánuði (13,6% á móti 4,5%), sem gátu ekki mætt óvæntum útgjöldum (39,4% á móti 19,1%) og sem höfðu ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldunni (32,9% á móti 13,8%), á kjöt-, fisk- eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag (12,2% á móti 3,4%), á síma (3,1% á móti 0,7%), á sjónvarpstæki (6,7% á móti 1,8%), á þvottavél (6,6% á móti 1,6%), á bíl (17% á móti

5,2%) og/ eða á nægri upphitun (2,3% á móti 0,5%). Hvað alla níu efnislegu þættina varðar þá helst munurinn eftir atvinnustöðu hvort tveggja meðal kvenna og karla.

Tafla 16. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir atvinnustöðu og kyni

| | Launafólk | Atvinnulausir | Samtals | P |
|-----------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Enginn | 72,4% | 44,8% | 69,3% | N = 7765 |
| Einn | 14,8% | 20,4% | 15,4% | |
| Tveir | 6,7% | 14,6% | 7,6% | |
| Þrír eða fleiri | 6,1% | 20,2% | 7,7% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Enginn | 68,2% | 45,2% | 65,5% | N = 4307 |
| Einn | 16,8% | 22,8% | 17,5% | |
| Tveir | 7,9% | 13,3% | 8,5% | |
| Þrír eða fleiri | 7,1% | 18,8% | 8,5% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Enginn | 77,8% | 44,5% | 74,2% | N = 3420 |
| Einn | 12,3% | 17,3% | 12,8% | |
| Tveir | 5,1% | 16,2% | 6,3% | |
| Þrír eða fleiri | 4,8% | 22,1% | 6,6% | |

Í töflu 16 er sýnt hversu mörgum af þeim efnislegu gæðum sem mæld voru í töflu 5 hver svarandi hefur ekki efni á eftir innflytjendastöðu. Tafla 6 sýnir að mun fleira launafólk (72,4%) en atvinnulausir (44,8%) þurfa ekki að neita sér um nein þeirra efnislegu gæða sem mæld voru. Að sama skapi þurfa fleiri atvinnulausir en launafólk að neita sér um ein (20,4% á móti 14,8%), tvö (14,6% á móti 6,7%) eða þrenn eða fleiri (20,2% á móti 6,1%) efnisleg gæði. Munurinn eftir atvinnustöðu helst bæði meðal kvenna og karla. Þeir sem ekki hafa efni á þrennum eða fleiri efnislegum gæðum sem mæld eru á þessum skala hafa verið skilgreindir þannig að þeir búi við efnislegan skort. Munurinn er tölfræðilega marktækur.

Tafla 17. Hversu oft síðastliðin fimm ár tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí eftir atvinnustöðu og kyni

| | Launafólk | Atvinnulausir | Samtals | P |
|------------------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Aldrei eða einu sinni | 20,5% | 36,7% | 22,3% | N = 8656 |
| Tvisvar eða þrisvar | 22,5% | 32,6% | 23,6% | |
| Fjórum eða fimm sinnum | 38,8% | 22,4% | 36,9% | |
| Oftar en fimm sinnum | 18,3% | 8,3% | 17,2% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Aldrei eða einu sinni | 20,7% | 36,6% | 22,5% | N = 4351 |
| Tvisvar eða þrisvar | 21,1% | 33,6% | 22,6% | |
| Fjórum eða fimm sinnum | 39,2% | 21,1% | 37,1% | |
| Oftar en fimm sinnum | 19,0% | 8,7% | 17,8% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Aldrei eða einu sinni | 20,1% | 36,7% | 21,9% | N = 3435 |
| Tvisvar eða þrisvar | 24,1% | 31,4% | 24,9% | |
| Fjórum eða fimm sinnum | 38,5% | 24,0% | 36,9% | |
| Oftar en fimm sinnum | 17,3% | 7,9% | 16,3% | |

Tafla 17 sýnir tölfræðilega marktækan mun eftir atvinnustöðu á því hversu oft á síðastliðnum fimm árum svarendur hafa tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí. Hlutfallslega fleiri meðal atvinnulausra en launafólks hafa aldrei eða einu sinni (36,7% á móti 20,5%) eða tvisvar eða þrisvar sinnum (32,6% á móti 22,5%) tekið það langt frí einu sinni á ári á síðustu fimm árum. Hlutfallslega fleira launafólk en atvinnulausir hafa hins vegar farið fjórum eða fimm sinnum (38,8% á móti 22,4%) eða oftar en fimm sinnum (18,3% á móti 8,3%) í svo langt frí á tímabilinu. Munurinn eftir atvinnustöðu helst tölfræðilega marktækur hvort tveggja meðal kvenna og karla. Með öðrum orðum þá eru þeir sem eru atvinnulausir nú líklegri en þeir sem hafa vinnu til þess að hafa sjaldan eða aldrei farið í langt sumarfrí á síðustu árum og er sá munur óháður kyni.

Tafla 18. Staða á húsnæðismarkaði eftir aldri og kyni

| | Launafólk | Atvinnulausir | Samtals | p |
|---------------------------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 74,9% | 47,6% | 71,8% | N = 7828 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 14,5% | 35,0% | 16,8% | |
| Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum | 3,3% | 6,1% | 3,6% | |
| Hjá ættingjum/vinum | 6,2% | 9,0% | 6,5% | |
| Annað | 1,1% | 2,3% | 1,2% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 75,4% | 50,2% | 72,6% | N = 4354 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 13,7% | 32,9% | 15,9% | |
| Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum | 3,6% | 5,8% | 3,8% | |
| Hjá ættingjum/vinum | 6,5% | 9,4% | 6,8% | |
| Annað | 0,8% | 1,6% | 0,9% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 74,4% | 44,0% | 71,1% | N = 3434 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 15,5% | 37,8% | 17,9% | |
| Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum | 3,0% | 6,4% | 3,4% | |
| Hjá ættingjum/vinum | 5,7% | 8,6% | 6,1% | |
| Annað | 1,3% | 3,2% | 1,5% | |

Tafla 18 sýnir verulegan mun á stöðu á húsnæðismarkaði eftir atvinnustöðu og að um tölfræðilega marktækan mun er að ræða. Tæplega helmingur atvinnulausra býr í eigin húsnæði en það gera þrír fjórðu hlutar launafólks auk þess sem hlutfallslega fleira launafólk hefur tök á að búa hjá ættingjum eða vinum (9% á móti 6,2%). Að sama skapi búa 35% atvinnulausra í leiguhúsnæði á almennum markaði en 14,5% launafólks og 6,1% atvinnulausra býr í leiguhúsnæði hjá leigusamtökum en 3,3% launafólks. Samtals 2,3% atvinnulausra og 1,1% launafólks býr síðan við annars konar húsnæðisform. Munurinn eftir atvinnustöðu helst í meginráttum hvort tveggja hjá konum og körlum. Raunar er hlutfall þeirra sem ekki býr í eigin húsnæði lægst meðal atvinnulausra karla, eða 44%, en hlutfallið er 50,2% meðal atvinnulausra kvenna.

3.2.1.1 Fjárhagsstaða atvinnulausra – samantekt

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna verulegan mun á fjárhagsstöðu félagsfólks aðildarfélaga ASÍ og BSRB eftir því hvort það hefur vinnu eða er atvinnulaust. Þannig eiga hlutfallslega fleiri atvinnulausir en launafólk erfitt með að ná endum saman og hlutfallslega fleiri í þeirra hópi hafa þegið mataraðstoð og/eða fjárhagsaðstoð frá hjálparsamtökum eða sveitarfélagi og

líða efnislegan skort á þann hátt að geta ekki staðið í skilum á húsaleigu eða lánnum, að geta ekki mætt óvæntum útgjöldum og að hafa ekki efni á bíl, sumarfrí og/eða að borða reglulega staðgóða máltíð. Að auki er staða atvinnulausra á húsnæðismarkaði mun verri en staða launafólks. Innan við helmingur atvinnulausra býr í eigin húsnæði en þrír fjórðu hlutar launafólks og 35% atvinnulausra býr í leiguhúsnæði en 15,5% launafólks. Í öllum tilfellum helst munurinn á fjárhagsstöðunni bæði hjá körlum og hjá konum sem bendir til að munurinn sé að mestu óháður kyni.

3.2.1.2 Financial situation of unemployed people – Summary

The survey results show a considerable difference in the financial situation of both ASÍ and BSRB members depending on their employment status. A higher proportion of unemployed people struggle to make ends meet, compared to employed people, a higher proportion has received food aid and/or financial support from aid organisations or a municipality, and have experienced material deprivation in the form of not being able to pay rent or loans, not being able to meet unexpected expenses and not affording a car, summer vacations and/or a regular healthy meal. Additionally, unemployed people are in a far worse housing situation than those employed. Less than half of unemployed people are home-owners, compared to three out of four employed people, and 35% of unemployed people live in rented housing, compared to 15,5% of employed people. The difference in financial situation by employment status applies to both women and men, indicating that the difference is mostly independent of gender.

3.2.2 Heilsufar atvinnulausra

Þeir heilsufarsþættir sem notaðir voru til að meta mun á heilsufari eftir atvinnustöðu voru: sjálfsmat á níu einkennum andlegar vanlíðanar og heildarmat á andlegri heilsu samkvæmt PHQ-9 skalanum, sjálfsmat á líkamlegi heilsu nú um stundir, þörf fyrir heilbrigðisþjónustu síðustu sex mánuði og það að hafa neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu á sama tímabili.

Tafla 19. Hlutfall þeirra sem finna nánast daglega fyrir andlegum einkennum eftir atvinnustöðu og kyni

| Einkenni | | Launafólk | Atvinnulausir | Samtals | N | p |
|--|--------|-----------|---------------|---------|------|---------|
| Lítill áhugi eða gleði við að gera hlutina | Allir | 5,6% | 16,2% | 6,8% | 7727 | 0,000** |
| | Konur | 6,3% | 13,4% | 6,8% | 4299 | 0,000** |
| | Karlar | 5,1% | 20,1% | 6,7% | 3388 | 0,000** |
| Niðurdregin(n), dapur/döpur, vonlaus | Allir | 3,7% | 14,5% | 4,9% | 7732 | 0,000** |
| | Konur | 4,1% | 13,6% | 5,2% | 4306 | 0,000** |
| | Karlar | 3,2% | 15,8% | 4,6% | 3388 | 0,000** |
| Erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina | Allir | 9,5% | 22,1% | 10,9% | 7749 | 0,000** |
| | Konur | 11,6% | 21,3% | 12,7% | 4317 | 0,000** |
| | Karlar | 6,7% | 23,1% | 8,5% | 3391 | 0,000** |
| Þreyta og orkuleysi | Allir | 12,1% | 19,0% | 12,9% | 7850 | 0,000** |
| | Konur | 14,9% | 19,2% | 15,4% | 4321 | 0,000** |
| | Karlar | 8,9% | 19,0% | 10,0% | 3387 | 0,000** |
| Lystarleysi eða ofát | Allir | 4,8% | 11,5% | 5,6% | 7556 | 0,000** |
| | Konur | 6,6% | 11,1% | 7,1% | 4200 | 0,000** |
| | Karlar | 2,6% | 11,9% | 3,6% | 3318 | 0,000** |
| Líða illa með sjálfa(n) sig eða fundist hann/hún ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum(ri) sér eða fjölskyldu sinni | Allir | 6,4% | 17,2% | 7,6% | 7713 | 0,000** |
| | Konur | 7,7% | 17,1% | 8,8% | 4292 | 0,000** |
| | Karlar | 4,8% | 17,2% | 6,1% | 3383 | 0,000** |
| Erfiðleika með Einbeitingu | Allir | 4,8% | 11,4% | 5,5% | 7725 | 0,000** |
| | Konur | 6,2% | 10,7% | 6,7% | 4298 | 0,000** |
| | Karlar | 3,0% | 12,4% | 4,1% | 3388 | 0,000** |
| Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus .. | Allir | 2,6% | 4,9% | 2,9% | 7725 | 0,000** |
| | Konur | 3,3% | 3,5% | 3,3% | 4298 | 0,000** |
| | Karlar | 1,8% | 6,8% | 2,3% | 3388 | 0,000** |
| Hugsa um að það væri betra að þú værir dain(n) eða um að skaða þig á einhvern hátt | Allir | 1,5% | 2,3% | 1,6% | 7716 | 0,000** |
| | Konur | 1,8% | 1,2% | 1,7% | 4304 | 0,000** |
| | Karlar | 1,1% | 3,8% | 1,4% | 3376 | 0,000** |
| Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum | Allir | 21,4% | 40,5% | 23,5% | 7816 | 0,000* |
| | Konur | 24,6% | 40,3% | 26,4% | 4355 | 0,000** |
| | Karlar | 17,3% | 41,1% | 19,9% | 3421 | 0,000** |

Tafla 19 sýnir marktækan mun eftir atvinnustöðu á öllum þeim níu einkennum andlegrar vanlíðanar sem mæld voru. Í öllum tilfellum sögðust hlutfallslega fleiri meðal atvinnulausra en launafólks finna nánast daglega fyrir andlegri vanlíðan. Meðal annars sögðust 16,2% atvinnulausra en 5,6% launafólks finna nánast alla daga að þau hefðu lítinn áhuga eða gleði yfir að gera hlutina, 14,5% atvinnulausra en 3,7% launafólks að þau væru niðurdregin eða döpur nánast alla daga, 22,1% atvinnulausra en 9,5% launafólks að þau ættu erfitt með að sofna eða sofa nánast allar nætur og 17,2% atvinnulausra en 6,4% launafólks að þeim liði illa með sig eða fundist þau ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sér eða fjölskyldu sinni. Þá sögðust 2,3% atvinnulausra en 1,5% launafólks hugsa nánast daglega um að það væri betra ef hann/hún væri dái(n) eða um að skaða sig á einhvern hátt. Neðst í töflunni eru síðan birtar niðurstöður á heildarmati á andlegu heilsunni og sýnt hversu hátt hlutfall býr við slæma andlega heilsu samkvæmt PHQ-9 skalanum. Niðurstöðurnar sýna að atvinnulausir búa við mun verri almenna andlega heilsu en launafólk. Andleg heilsa 40,5% atvinnulausra telst þannig slæm en hlutfallið er 21,4% hjá launafólki og er munurinn tölfræðilega marktækur.

Þegar niðurstöðurnar eru skoðaðar út frá kyni sést að hlutfall atvinnulausra karla sem finna fyrir andlegum einkennum á þeim níu mælikvöðum sem notaður voru er hærra í átta mælikvörðum af níu. 20,1% atvinnulausra karla en 13,4% atvinnulausra kvenna hafa fundið fyrir litlum áhuga eða gleði við að gera hlutina. 15,8% atvinnulausra karla en 13,6% atvinnulausra kvenna hafa verið niðurdregin, döpur eða vonlaus. 23,1% atvinnulausra karla og 21,3% atvinnulausra kvenna hafa átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina. Minni kynjamunur er í spurningunum um lystarleysi eða ofát en 11,9% atvinnulausra karla og 11,1% atvinnulausra kvenna hafa fundið fyrir einkenninu. 17,2% atvinnulausra karla og 17,1% atvinnulausra kvenna hafa liðið illa með sjálf sig eða fundist þau ekki hafa staðið sig í stykkinu og er nánast enginn munur til staðar. Fleiri atvinnulausar konur, eða 19,2%, höfðu fundið fyrir þreytu og orkuleysi en 19% karla. 41,1% atvinnulausra karla mælist með slæma andlega heilsu samkvæmt skalanum en 40,3% kvenna. Á heildina litið er andleg heilsa atvinnulausra karla verri en kvenna en munurinn er lítil. Andleg heilsa vinnandi kvenna er verri en karla en þegar andleg heilsa er skoðuð meðal atvinnulausra er hún örlítið verri meðal karla en kvenna.

Tafla 20. Líkamlegt heilsufar nú um stundir eftir atvinnustöðu og kyni

| | Launafólk | Atvinnulausir | Samtals | p |
|------------------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,002** |
| Mjög gott eða gott | 56,4% | 50,5% | 55,7% | N = 7828 |
| Hvorki gott né slæmt | 31,1% | 34,0% | 31,4% | |
| Slæmt eða frekar slæmt | 12,5% | 15,6% | 12,9% | |
| Konur | | | | 0,398 |
| Mjög gott eða gott | 54,4% | 51,2% | 54,0% | N = 4356 |
| Hvorki gott né slæmt | 31,3% | 33,4% | 31,6% | |
| Slæmt eða frekar slæmt | 14,3% | 15,4% | 14,4% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Mjög gott eða gott | 59,1% | 49,5% | 58,0% | N = 3437 |
| Hvorki gott né slæmt | 30,9% | 34,7% | 31,3% | |
| Slæmt eða frekar slæmt | 10,0% | 15,8% | 10,7% | |

Tafla 20 sýnir marktækan mun eftir atvinnustöðu á því hvernig svarendur meta líkamlegt heilsufar sitt nú um stundir. Heldur fleiri meðal atvinnulausra en launafólks telja líkamlegt heilsufar sitt slæmt (15,6% á móti 12,5%) eða hvorki gott né slæmt (34% á móti 31,1%) en fleira launafólk en atvinnulausir telja líkamlegt heilsufar sitt hins vegar vera gott (56,4% á móti 50,5%). Munurinn eftir atvinnustöðu hverfur hins vegar meðal kvenna þegar gögnin eru greind eftir kyni en helst meðal karla. Fleiri atvinnulausir karlar en vinnandi telja líkamlegt heilsufar sitt þannig slæmt (15,8% á móti 10%) eða hvorki gott né slæmt (34,7% á móti 30,9%) en fleiri vinnandi karlar en atvinnulausir telja líkamlegt heilsufar sitt hins vegar vera gott (59,1% á móti 49,5%).

Tafla 21. Haft þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á síðastliðnum sex mánuðum eftir atvinnustöðu og kyni

| | Launafólk | Atvinnulausir | Samtals | p |
|-------------------------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,887 |
| Já, þörf fyrir þjónustu | 56,7% | 56,5% | 56,7% | N = 7832 |
| Nei, ekki þörf fyrir þjónustu | 43,3% | 43,5% | 43,3% | |
| Konur | | | | 0,119 |
| Já, þörf fyrir þjónustu | 62,0% | 58,4% | 61,5% | N = 4351 |
| Nei, ekki þörf fyrir þjónustu | 38,0% | 41,6% | 38,5% | |
| Karlar | | | | 0,139 |
| Já, þörf fyrir þjónustu | 50,1% | 54,1% | 50,5% | N = 3439 |
| Nei, ekki þörf fyrir þjónustu | 49,9% | 45,9% | 49,5% | |

Tafla 21 sýnir að það er enginn munur eftir atvinnustöðu á þörf félagsmanna innan ASÍ og BSRB á heilbrigðisþjónustu. Jafnhátt hlutfall launafólks og atvinnulausra telur sig hafa haft þörf fyrir slíka þjónustu á síðastliðnum sex mánuðum og á það við bæði hjá konum og hjá körlum.

Tafla 22. Hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um einhvers konar heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði eftir atvinnustöðu og kyni

| Þjónusta | | Launafólk | Atvinnulausir | Samtals | N | p |
|---|--------|-----------|---------------|---------|------|---------|
| Almennri heilbrigðisþjónusta | Allir | 12,5% | 32,0% | 14,4% | 3316 | 0,000** |
| | Konur | 13,1% | 26,8% | 14,4% | 1949 | 0,000** |
| | Karlar | 11,5% | 39,1% | 14,5% | 1354 | 0,000** |
| Tannlæknaþjónusta | Allir | 29,1% | 46,9% | 30,9% | 4105 | 0,000** |
| | Konur | 30,7% | 47,4% | 31,8% | 2443 | 0,000** |
| | Karlar | 27,4% | 46,6% | 29,5% | 1640 | 0,000** |
| Geðheilbrigðisþjónusta | Allir | 16,3% | 30,3% | 17,6% | 3445 | 0,000** |
| | Konur | 19,7% | 33,0% | 20,9% | 2111 | 0,000** |
| | Karlar | 10,7% | 25,6% | 12,1% | 1318 | 0,000** |
| Neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu | Allir | 33,8% | 54,6% | 36,1% | 4430 | 0,000** |
| | Konur | 35,6% | 54,6% | 37,7% | 2676 | 0,000** |
| | Karlar | 30,5% | 55,1% | 33,4% | 1731 | 0,000** |

Tafla 22 sýnir síðan hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um einhvers konar heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði eftir atvinnustöðu. Hún sýnir að hlutfallslega fleiri meðal atvinnulausra en launafólks hafa neitað sér um allar tegundir heilbrigðisþjónustu sem spurt var um, eða almenna heilbrigðisþjónustu (32% á móti 12,5%), tannlæknaþjónustu (46,9% á móti 29,1%)

og geðheilbrigðisþjónustu (30,3% á móti 16,3%). Með öðrum orðum þá hefur meira en helmingur atvinnulausra en þriðjungur launafólks neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu á síðustu sex mánuðum. Munurinn er tölfræðilega marktækur og helst í öllum tilfellum marktækur bæði meðal kvenna og karla. Raunar er hlutfallslegi munurinn á milli atvinnulausra og vinnandi enn hærri meðal karla en kvenna sem helgast af því að hlutfallslega færri vinnandi karlar en konur neita sér um heilbrigðisþjónustu en kynjamunurinn jafnast úr við atvinnumissinn. Eins og sést í töflu 22 var svörun með minna móti og því nauðsynlegt að taka niðurstöðunum með ákveðnum fyrirvara en svarenda hópurinn reyndist ekki frábrugðinn þegar hann er skoðaður sérstaklega.

3.2.2.1 Heilsufar atvinnulausra - samantekt

Niðurstöðurnar sýna mun á heilsufari eftir atvinnustöðu félagsfólks innan ASÍ og BSRB en hann er þó mismikill eftir þeim þáttum sem mældir voru auk þess sem mynstrið er ekki alveg það sama hjá körlum og konum. Munurinn er mestur þegar kemur að andlegri heilsu og er andleg heilsa atvinnulausra áberandi verri en launfólks. Þannig sögðust hlutfallslega fleiri atvinnulausir en launafólk finna nánast daglega fyrir öllum níu andlegu einkennunum sem mælt var fyrir og þegar heildarmat er sett á andlegu heilsuna mælast 40,5% atvinnulausra við slæma andlega heilsu á móti 21,5% launafólks. Þegar kynjamunur er skoðaður varðandi andlega heilsu sést að andleg heilsa vinnandi kvenna er mun verri en vinnandi karla en meðal atvinnulausra þurrkast kynjamunurinn á andlegu heilsunni út. Raunar er hlutfall atvinnulausra karla sem býr við slæma andlega heilsu lítið herra en hlutfall atvinnulausra kvenna (41,1% á móti 40,3%). Svipaða sögu má segja af mun eftir atvinnustöðu á því að neita sér um heilbrigðisþjónustu. Hærra hlutfall atvinnulausra en vinnandi hefur neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu á síðustu sex mánuðum. Örlítið herra hlutfall atvinnulausra karla en kvenna (55,1% á móti 54,6%) hefur neitað sér um heilbrigðisþjónustu en þegar litið er til vinnandi karla og kvenna hafa talsvert fleiri konur en karlar (35,6% á móti 30,5%) neitað sér um heilbrigðisþjónustu. Atvinnulausir eru líka við hlutfallslega verri líkamlega heilsu en launafólk. Aftur spilar kynjamunur á heilsunni þó inn í því munurinn á líkamlegu heilsunni eftir atvinnustöðu mælist ekki meðal kvenna en helst meðal karla. Jafnhátt hlutfall launafólks og atvinnulausra telur sig hins vegar hafa haft þörf fyrir einhverja heilbrigðisþjónustu á sama tíma bili og á það bæði við meðal kvenna og karla.

3.2.2.2 Health of unemployed people – Summary

The results show a difference in the state of health of ASÍ and BSRB members depending on employment status, but the difference varies by which factor is being measured, and the pattern

is slightly different by gender. The difference is biggest when it comes to mental health, and unemployed people are in significantly poorer mental health than employed people. A higher proportion of unemployed people reported experiencing all nine mental symptoms asked about on a daily basis, compared to those employed, and when assessing general mental health, 40.5% of unemployed people are considered in poor mental health, compared to 21.5% of employed people. The results show that employed women are in poorer mental health than employed men, but the difference in mental health is not present among unemployed people. In fact, unemployed men report a slightly higher rate of poor mental health than unemployed women (41.1% compared to 40.3%). The same applies to the relationship between employment status and whether people deny themselves of health care services. A higher proportion of unemployed people denied themselves some health care service in the last six months, compared to employed people. A slightly higher proportion of unemployed men (55.1%) compared to unemployed women (54.6%) denied themselves health care service, but if we look at employed men and women, a significantly higher proportion of women (35.6%), compared to men (30.5%) denied themselves health care service. Unemployed people also report poorer physical health than employed people. Also here, a gender health difference has an impact as the results show no difference in physical health by employment status among women, but it remains among men. Employed people and unemployed people equally report needing some health care service during this period, and that applies to both women and men.

3.2.3 Staða og virkni atvinnulausra

Svarendur sem merktu við að þeir væru atvinnulausir voru beðnir um að svara spurningum um lengd atvinnuleysisins. Hvort þeir hafi verið atvinnulausir áður, íhugað að flytja eða fara í nám í kjölfar atvinnuleysisins, leitað að starfi síðustu tvær vikurnar, hafnað starfi síðasta mánuðinn og hvort þeir væru tilbúnir til að ráða sig í annars konar starf en þeir voru í og/eða í starf á öðru atvinnusvæði. Þá voru þeir spurðir hvernig líkamleg heilsa þeirra og vinnuálag hefði verið fyrir atvinnuleysið og hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustu Vinnumálastofnunar.

Tafla 23. Lengd atvinnuleysis eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | p |
|------------------|-------|--------|---------|---------|
| 0-3 mánuðir | 33,4% | 28,6% | 31,4% | 0,063 |
| 3-6 mánuðir | 28,9% | 22,4% | 26,1% | N = 605 |
| 6-9 mánuðir | 13,4% | 20,4% | 16,4% | |
| 9-12 mánuðir | 10,9% | 12,9% | 11,7% | |
| Meira en eitt ár | 13,4% | 15,7% | 14,4% | |

Tafla 23 sýnir að meira en helmingur, eða 57,5%, atvinnulausra hefur verið atvinnulaus skemur en í hálf t ár en að yfir 40% hafa verið atvinnulaus í meira en hálf t ár. Þar af hafa 14,4% verið atvinnulaus í meira en eitt ár og teljast því langtímaatvinnulausir samkvæmt skilgreiningum Hagstofunnar (2007). Taflan sýnir að sá litli kynjamunur sem er á því hversu lengi atvinnuleysið hefur varað er ekki tölfræðilega marktækur.

Tafla 24. Verið atvinnulaus áður eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | p |
|-----|-------|--------|---------|---------|
| Já | 43,3% | 43,0% | 43,2% | 0,937 |
| Nei | 56,7% | 57,0% | 56,8% | N = 864 |

Niðurstöðurnar sem birtast í töflu 24 sýna að þó nokkur hluti þeirra félagsmanna innan ASÍ og BSRB sem voru atvinnulausir þegar könnunin var gerð hafa verið atvinnulausir áður, eða 43,2%. Þær sýna einnig að engin kynjamunur er á því hvort þau sem eru atvinnulaus nú hafi verið atvinnulaus áður.

Tafla 25. Virkni og sveigjanleiki atvinnulausra eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | N | p |
|--|-------|--------|---------|-----|---------|
| Leitað að starfi síðustu tvær vikur | 85,1% | 91,5% | 87,9% | 851 | 0,005** |
| Ekki hafnað starfi síðastliðinn mánuð | 96,7% | 95,2% | 96,0% | 856 | 0,273 |
| Íhugað að flytja | 38,8% | 54,1% | 45,5% | 871 | 0,000** |
| Íhugað að fara í nám | 69,8% | 60,8% | 65,8% | 855 | 0,006** |
| Tilbúin(n) að breyta til ef tækifæri gefst | 90,7% | 95,0% | 92,5% | 872 | 0,016** |

Tafla 25 sýnir niðurstöður hvað varðar nokkra þætti sem mæla virkni og sveigjanleika atvinnulausa félagsmanna innan ASÍ og BSRB. Hún sýnir að mikill meirihluti atvinnulausra, eða 87,9%, hefur leitað að starfi síðustu tvær vikurnar og að hlutfallslega fáir í þeirra hópi, eða 4%, hafa hafnað starfi síðasta mánuðinn. Mikill meirihluti atvinnulausra, eða 92,5%, er líka

tilbúinn til að breyta til og ráða sig í öðruvísi starf en þeir voru í eða í starf á öðru atvinnusvæði gefist tækifæri til. Þá hafa 45,5% atvinnulausra íhugað að flytja til að eiga auðveldara með að fá vinnu og 65,8% íhugað að fara í nám.

Niðurstöðurnar sýna líka ákveðinn kynjamun á virkni og sveigjanleika atvinnulausra. Fjórar mælingarnar af fimm sýna þannig tölfræðilega marktækan kynjamun og að í þremur af þeim mælingum sýna hlutfallslega fleiri karlar en konur virkni og sveigjanleika. Þannig hafa hlutfallslega fleiri karlar en konur leitað að starfi síðustu tvær vikurnar (91,5% á móti 85,1%), íhugað að flytja (54,1% á móti 38,8%) og eru tilbúnir að breyta til og ráða sig í öðruvísi starf en þeir voru í eða í starf á öðru atvinnusvæði (95% á móti 90,7%). Hlutfallslega fleiri konur en karlar hafa hins vegar íhugað að fara í nám (69,8% á móti 60,8%) en enginn kynjamunur mælist hins vegar á því að hafa ekki hafnað starfi síðasta mánuðinn.

Í töflu 25 kom fram að 12,1% atvinnulausra hafði ekki leitað að starfi síðustu tvær vikur. Tafla 26 sýnir helstu ástæður þess að þessi hópur leitaði ekki að starfi á þessu tímabili. Spurningin var fjölvalsspurning, þ.e. hver svarandi gat merkt við fleiri en eitt svar. Svarendur voru of fáir til að hægt væri að greina svörin eftir kyni.

Tafla 26. Hvers vegna hefur ekki verið leitað að starfi síðustu tvær vikur

| | Hlutfall af þeim sem hafa ekki leitað að vinnu | Hlutfall af atvinnulausum |
|---|--|---------------------------|
| Af heilsufarsástæðum | 32,0% | 4,9% |
| Ekkert starf á mínu atvinnusvæði | 33,1% | 4,3% |
| Enga vinnu að fá | 30,9% | 3,9% |
| Lág laun | 7,6% | 0,9% |
| Margir sem sækja um hvert starf | 10,3% | 1,2% |
| Vinnutími hentar ekki | 5,7% | 0,8% |
| Vegna álags og persónulegra skuldbindinga | 16,7% | 2,3% |
| Annað | 16,4% | 4,9% |

Tafla 26 sýnir að helstu ástæður þess að hluti atvinnulausra hefur ekki leitað að starfi á síðustu tveimur vikum eru heilsufarslegar (32% þeirra sem ekki hafa leitað að vinnu síðustu tvær vikur), að ekkert starf er í boði á þeirra atvinnusvæði (33,1% þeirra sem ekki hafa leitað að vinnu síðustu tvær vikur) og/eða að engu vinnu er að fá (30,9% þeirra sem ekki hafa leitað að vinnu síðustu tvær vikur).

Í töflu 25 kom fram að 4% atvinnulausra höfðu hafnað starfi síðastliðinn mánuð. Tafla 27 sýnir helstu ástæður þess að þessi hópur hafnaði starfi á þessu tímabili. Spurningin var

fjölvalsspurning, þ.e. hver svarandi gat merkt við fleiri en eitt svar. Svarendur voru of fáir til að hægt væri að greina svörin eftir kyni.

Tafla 27. Hvers vegna hafnað starfi síðasta mánuðinn

| | Hlutfall af þeim sem hafa hafnað starfi | Hlutfall af atvinnulausum |
|---|---|---------------------------|
| Of lág laun | 37,5% | 1,4% |
| Laun svipuð eða sömu og atvinnuleysisbætur | 19,4% | 0,7% |
| Slæmar vinnuaðstæður | 20,4% | 0,7% |
| Tímabundið starf | 24,5% | 0,9% |
| Starfið langt frá heimili mínu | 12,1% | 0,4% |
| Vinnutími hentar ekki vegna persónulegra ástæðna | 20,3% | 0,7% |
| Starfið krefst búferlaflutninga | 0% | 0,0% |
| Um tímavinnu að ræða | 7,9% | 0,4% |
| Af heilsufarsástæðum | 19,4% | 0,8% |
| Hrædd(ur) um að detta út af atvinnuleysisbótakerfinu eða fá kröfu um endurgreiðslu bóta | 13,0% | 0,5% |
| Annað | 6,6% | 0,3% |

Tafla 27 sýnir að helstu ástæður þess að hluti atvinnulausra hafnaði starfi síðasta mánuðinn voru að hann taldi launin of lág (37,5% þeirra sem höfðu starfi síðasta mánuðinn), að um tímabundið starf var að ræða (24,5% þeirra sem höfðu starfi síðasta mánuðinn), að vinnuaðstæður voru slæmar (20,4% þeirra sem höfðu starfi síðasta mánuðinn), að vinnutími hentaði ekki vegna persónulegra ástæðna (20,3% þeirra sem höfðu starfi síðasta mánuðinn), að laun voru svipuð eða sömu og atvinnuleysisbætur og af heilsufarsástæðum (í báðum tilfellum 19,4% þeirra sem höfðu starfi síðasta mánuðinn).

Atvinnulausir voru spurðir að því hvernig starf kæmi til greina að þeir réðu sig í. Spurningin var fjölvalsspurning, þ.e. hver svarandi gat merkt við fleiri en eitt svar. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 28. Svarendur voru of fáir til að hægt væri að greina svörin eftir kyni.

Tafla 28. Hvernig starf kemur til greina

| | Hlutfall |
|---|----------|
| Starf sem krefst minni menntunar en síðasta starf | 37,4% |
| Starf sem er ólíkt fyrri störfum | 63,7% |
| Starf sem krefst nýrrar þekkingar | 71,2% |
| Starf sem er með lakari vinnuskilyrðum en áður | 15,1% |
| Starf sem krefst flutninga utan | 23,4% |
| Starf sem krefst flutninga innanlands | 24,5% |
| Starf með lægri launum en áður | 22,0% |
| Ekkert ofantalið kæmi til greina | 7,5% |
| Annað | 3,1% |

Tafla 28 sýnir að mikill meirihluti atvinnulausra, eða 92,5%, telur koma til greina að breyta til og ráða sig í öðruvísi starf en hann var í og/eða í starf á öðru atvinnusvæði. Nærri þrír af hverjum fjórum eru opnir fyrir að fara í starf sem krefst nýrrar þekkingar, tæplega þrír af hverjum fjórum opnir fyrir starfi sem er ólíkt fyrri störfum, yfir þriðjungur telur koma til greina að fara í starf sem krefst minni menntunar, um fjórðungur í starf sem krefst flutninga innanlands og annar tæpur fjórðungur í starf sem krefst flutninga til útlanda. Þá telja 22% atvinnulausra koma til greina að fara í starf með lægri laun en fyrra starf.

Tafla 29. Líkamlegt heilsufar fyrir atvinnuleysi eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | p |
|----------------------|-------|--------|---------|---------|
| Gott | 75,4% | 74,0% | 74,8% | 0,907 |
| Hvorki gott né slæmt | 17,3% | 18,2% | 17,7% | N = 829 |
| Slæmt | 7,3% | 7,7% | 7,5% | |

Tafla 29 sýnir að þrír fjórðu hlutar atvinnulausra telja að líkamlegt heilsufar þeirra hafi verið gott fyrir atvinnumissinn, ríflega sjötti hluti að það hafi hvorki verið gott né slæmt en 7,3%

segja að fyrir atvinnumissinn hafi líkamlegt heilsufar verið slæmt. Enginn kynjamunur mælist á líkamlegu heilsufari fyrir atvinnumissinn.

Tafla 30. Líkamlegt heilsufar fyrir atvinnuleysi eftir núverandi líkamlegri heilsu

| Núverandi heilsa | Heilsa fyrir atvinnuleysi | | | Samtals | p |
|--------------------|---------------------------|------------------------|----------|---------|---------|
| | Var góð | Var hvorki góð né slæm | Var slæm | | |
| Góð | 45,6% | 2,6% | 1,1% | 49,3% | 0,000** |
| Hvorki góð né slæm | 23,3% | 9,7% | 1,8% | 34,9% | N = 832 |
| Slæm | 5,9% | 5,4% | 4,6% | 15,9% | |

Tafla 30 sýnir marktækan mun á líkamlegu heilsufari atvinnulausra fyrir atvinnumissinn og á núverandi heilsufari. Ríflega þriðjungur (34,6%) metur núverandi líkamlega heilsu verri en fyrir atvinnumissi, þar af segja 23,3% þeirra sem segja heilsuna fyrir atvinnumissi hafa verið góða að hún sé hvorki góð né slæm núna og 5,9% að hún sé slæm og 5,4% þeirra sem segja að líkamlega heilsan hafi hvorki verið góð né slæm fyrir atvinnumissinn að hún sé slæm núna. Samtals 5,5% meta núverandi líkamlega heilsu sína hins vegar vera betri en hún var fyrir atvinnumissinn en 59,9% meta líkamlega heilsu sína eins núna og hún var fyrir atvinnumissinn.

Tafla 31. Vinnuálag fyrir atvinnuleysi eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | p |
|-----------------------|-------|--------|---------|---------|
| Mjög eða frekar mikið | 65,4% | 70,3% | 67,5% | 0,054 |
| Hófllegt | 31,0% | 24,2% | 28,0% | N = 831 |
| Frekar eða mjög lítið | 3,6% | 5,6% | 4,5% | |

Tafla 31 sýnir að tveir þriðju hlutar atvinnulausra félagsmanna innan ASÍ og BSRB bjuggu við mikið eða frekar mikið vinnuálag fyrir atvinnumissinn, að 28% bjuggu við hófllegt vinnuálag en að 4,5% bjuggu við frekar eða mjög lítið vinnuálag. Taflan sýnir einnig að sá litli kynjamunur sem er á vinnuálagi fyrir atvinnuleysi er ekki tölfræðilega marktækur.

Tafla 32. Ánægja eða óánægja atvinnulausra með þjónustu Vinnumálastofnunar eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | p |
|--------------------------------|-------|--------|---------|---------|
| Mjög eða frekar ánægð(ur) | 49,4% | 43,5% | 46,8% | 0,006** |
| Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) | 34,8% | 31,9% | 33,5% | N = 823 |
| Frekar eða mjög óánægð(ur) | 15,8% | 24,7% | 19,7% | |

Tafla 32 sýnir að innan við helmingur atvinnulausra eða 46,8% félagsmanna innan ASÍ og BSRB er annaðhvort mjög eða frekar ánægður með þá þjónustu sem Vinnumálastofnun veitir

atvinnulausum. 33,5% eru hvorki ánægð né óánægð. Alls eru 19,7% frekar eða mjög óánægð með þjónustuna.

Tölfræðilega marktækur kynjamunur mælist á ánægju atvinnulausra með þjónustu Vinnumálastofnunar við þá eins og sést í töflu 32. Hlutfallslega fleiri konur eru annaðhvort mjög eða frekar ánægðar með þjónustuna (49,4% á móti 43,5%) eða hvorki ánægðar né óánægðar með þjónustustuna (34,8% á móti 31,9%). Að sama skapi eru hlutfallslega fleiri karlar en konur frekar eða mjög óánægðir með þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnulausa (24,7% á móti 15,8%).

Tafla 33. Ánægð eða óánægð með þjónustu stéttarfélags við atvinnulausa eftir kyni

| | Konur | Karlar | Samtals | p |
|--------------------------------|-------|--------|---------|---------|
| Mjög eða frekar ánægð(ur) | 47,2% | 43,5% | 45,6% | 0,014** |
| Hvorki ánægð(ur) né óánægð(ur) | 43,7% | 40,7% | 42,4% | N = 823 |
| Frekar eða mjög óánægð(ur) | 9,1% | 15,8% | 12,0% | |

Tafla 33 sýnir að innan við helmingur (45,6%) atvinnulausra félagsmanna innan ASÍ og BSRB er annaðhvort mjög eða frekar ánægður með þá þjónustu sem stéttarfélag þeirra veitir atvinnulausum, að nokkurn veginn sama hlutfall (42,4%) er hvorki ánæggt né óánæggt en 12% eru frekar eða mjög óánægð með þjónustuna.

Tölfræðilega marktækur kynjamunur mælist á ánægju atvinnulausra með þjónustu viðkomandi stéttarfélags við þá eins og sést í töflu 33. Hlutfallslega fleiri konur eru mjög eða frekar ánægðar með þjónustuna (47,2% á móti 43,5%) eða hvorki ánægðar né óánægðar (43,7% á móti 40,7%) en hlutfallslega fleiri karlar frekar eða mjög óánægðir með þjónustu stéttarfélags síns við atvinnulausa (15,8% á móti 9,1%).

3.2.3.1 Staða og virkni atvinnulausra - samantekt

Niðurstöðurnar sýna að tæplega þriðjungur atvinnulausra félagsmanna innan ASÍ og BSRB hefur verið atvinnulaus í þrjá mánuði eða skemur en að 14,4% verið atvinnulaus í meira en eitt ár og teljast því langtímaatvinnulaus. Þá hefur tæpur helmingur, eða 43,2%, verið atvinnulaus áður. Það mælist hvorki kynjamunur á lengd atvinnuleysisins né á því að hafa verið atvinnulaus áður.

Flestir atvinnulausir eru virkir og sveigjanlegir í leit að annarri vinnu. Þannig hefur mikill meirihluti, eða 85,2%, leitað að starfi síðustu tvær vikurnar, fáir hafnað starfi síðasta mánuðinn, eða 6,5%, og yfir níu af hverjum tíu eru tilbúin til að breyta til og ráða sig í öðruvísi starf en þau voru í og/eða í starf á öðru atvinnusvæði gefist tækifæri til. Þá hefur tæpur helmingur atvinnulausra íhugað að flytja til að eiga auðveldara með að fá vinnu og tveir þriðju

hlutar íhugað að fara í nám. Helstu ástæður þess að hluti atvinnulausra hefur ekki leitað að starfi á síðustu tveimur vikum eru heilsufarslegar, að ekkert starf er í boði á atvinnusvæði þeirra og/eða að engu vinnu er að fá. Helstu ástæður þess að hluti atvinnulausra hafnaði starfi síðasta mánuðinn voru að launin voru of lág og/eða að um tímabundið starf var að ræða. Niðurstöðurnar sýna ákveðinn kynjamun hvað varðar virkni og sveigjanleika atvinnulausra. Karlar eru virkari og sveigjanlegri en konur að því leyti að fleiri í þeirra hópi hafa leitað að starfi síðustu tvær vikurnar, íhugað að flytja og eru tilbúnir að breyta til og ráða sig í öðruvísi starf en þeir voru í eða í starf á öðru atvinnusvæði. Fleiri konur en karlar hafa hins vegar íhugað að fara í nám eftir atvinnumissinn.

Rífllega þriðjungur atvinnulausra félagsmanna ASÍ og BSRB bjó við mikið eða frekar mikið vinnuálag fyrir atvinnumissinn og sama hlutfall telur að líkamlegt heilsufar þeirra hafi verið gott áður en þau misstu vinnuna. Um það bil þriðjungur metur núverandi líkamlega heilsu hins vegar vera verri en líkamlega heilsu fyrir atvinnumissi. Það mældist hvorki kynjamunur á líkamlegu heilsufari né á vinnuálagi fyrir atvinnumissinn.

Innan við helmingur atvinnulausra félagsmanna innan ASÍ og BSRB er mjög eða frekar ánægður með þá þjónustu sem Vinnumálastofnun veitir atvinnulausum og svipað hlutfall er mjög eða frekar ánægt með þá þjónustu sem stéttarfélag þeirra veitir sama hópi. Lægra hlutfall er hins vegar mjög óánægt með þjónustu stéttarfélagsins en með þjónustu Vinnumálastofnunar. Karlar eru almennt óánægðari en konur með þá þjónustu sem atvinnuleitendum er veitt og á það hvort tveggja við þjónustu Vinnumálastofnunar og þjónustu stéttarfélaganna.

3.2.3.2 Status and activity of unemployed people – Summary

The results show that almost a third of unemployed members of ASÍ and BSRB have been unemployed for three months or less, and that 14.4% have been unemployed for more than one year, and thereby defined as long-term unemployed. Close to a half of those unemployed, or 43.2%, have been unemployed before. There is no significant gender difference in the length of unemployment or in whether people have been unemployed before.

Most unemployed people are active and flexible in their job-search. A large majority, 85.2%, actively sought a job in the last two weeks, few turned down work in the past month, or 6.5%, and more than nine out of ten people are prepared to make a change and accept work that is different from their previous job and/or in another area, if given the opportunity. Almost a half of unemployed people have considered moving to another area to increase their chances of getting a job, and two out of three have considered enrolling in school. The main reasons reported by those unemployed people who were not actively job searching in the last two weeks

are state of health, lack of jobs in the area, and/or lack of jobs in general. The main reasons reported by unemployed people who turned down a job in the last month is that they found the pay to be too low and/or that it was a temporary job. The results show a certain gender difference in how active and flexible unemployed people are. Men report being more active and flexible than women, in that more men actively sought a job in the last two weeks, more have considered moving and more are prepared to make a change and take a job that is different from their previous job, and/or a job in another area. On the other hand, more women than men considered enrolling in school since becoming unemployed.

Over a third of unemployed members of ASÍ and BSRB had a somewhat heavy or very heavy workload before becoming unemployed, and the same proportion considered their physical health in good condition before losing their job. Around a third of unemployed people report worse physical health after becoming unemployed. No significant gender difference was measured in physical health nor in workload before the loss of job.

Less than a half of unemployed ASÍ and BSRB members are somewhat or very satisfied with the services of Vinnumálastofnun (Icelandic Directorate of Labour) to unemployed people, and a similar proportion is somewhat or very satisfied with the service of their trade union to unemployed people. Fewer are very unsatisfied with their trade union's service, than with Vinnumálastofnun's service. Men are generally more unsatisfied than women with the service provided to unemployed people, both by Vinnumálastofnun and the trade unions.

3.3 Innflytjendur

Lögð var áhersla á að meta sérstaklega stöðu innflytjenda sem eru 15,2% mannfjöldans (Hagstofa Íslands, 2020). Atvinnuleysi er mun meira meðal innflytjenda, 24%, en 10,7% meðal innfæddra (Vinnumálastofnun, 2020). Í nýrri skýrslu sem unnin var fyrir félagsmálaráðuneytið og Velferðarvaktina kemur fram að stór hluti þeirra sem sækja aðstoð hjálparsamtaka á höfuðborgarsvæðinu sé innflytjendur (Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Guðný Gústafsdóttir og Steinunn Hrafnisdóttir, 2021). Margir innflytjendur vinna láglounastörf og er algengt, sérstaklega meðal kvenna, að þeir séu of menntaðar fyrir störf sem þeir sinna samanborið við innlenda. Í nýlegri rannsókn meðal innflytjenda voru 49% þátttakenda með háskólamenntun (Unnur Dís Skaptadóttir, Anna Wojtyńska og Margrét Wendt, 2020).

Greiningar sem liggja að baki niðurstöðum í þessum kafla byggjast á svörum þátttakenda óháð atvinnustöðu. Þegar fjallað er um innflytjendur eða fólk af erlendum uppruna er hér átt við þá sem eru með erlent ríkisfang eða hafa erlendan uppruna. Hafa ber í huga að

Hagstofan skilgreinir innflytjendur sem þá sem eru fæddir erlendis og báðir foreldrar eru fæddir erlendis (Hagstofa Íslands, 2020) en Vinnuálfstofnun greinir gögn sín eftir ríkisfangi. Þegar litið er til uppruna en ekki eingöngu ríkisfangs er hægt að fanga aðra kynslóð innflytjenda og þá sem eru fæddir erlendis en eiga báða eða annað foreldri innlent (Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir, 2019).

3.3.1 Lýðfræðileg samsetning innflytjenda

Spurt var um ríkisfang og upprunaland. Í töflu 34 sést að alls sögðust 86,5% svarenda vera með íslenskt ríkisfang, 7,7% með pólskt og 5,7% með annað ríkisfang en íslenskt eða pólskt. Hlutfall þeirra sem segja Ísland vera upprunaland sitt er heldur lægra en þeirra sem eru með íslenskt ríkisfang, eða 83,7%, hlutfall svarenda með pólskan uppruna er 8,3% og þeirra með annan uppruna en íslenskan eða pólskan er 8%.

Tafla 34. Hlutfall svarenda eftir ríkisfangi og innflytjendastöðu

| | Ríkisfang | Upprunaland |
|---------|-----------------|-----------------|
| Ísland | 86,5% | 83,7% |
| Pólland | 7,7% | 8,3% |
| Annað | 5,7% | 8,0% |
| Samtals | 100% (N = 8749) | 100% (N = 8749) |

Í greiningunni hér á eftir er munur á stöðu launafólks innan ASÍ og BSRB eftir innflytjendastöðu skoðaður hvað varðar lýðfræðilega þætti (kyn, aldur, búsetu, hjúskaparstöðu og menntun), þætti tengda fjárhagsstöðu, heilsufarsþætti, stöðu á vinnumarkaði og stöðu atvinnulausra.

Tafla 35. Lýðfræðileg samsetning innflytjenda

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | N | P |
|-------------------------|-----------|---------------|---------|------|---------|
| <i>Kyn</i> | | | | 8686 | 0,001** |
| Kona | 55,1% | 59,8% | 55,9% | | |
| Karl | 44,9% | 40,2% | 44,1% | | |
| <i>Aldur</i> | | | | 8681 | 0,000** |
| < 30 ára | 13,3% | 22,5% | 14,8% | | |
| 30-69 ára | 86,7% | 77,5% | 85,2% | | |
| <i>Búseta</i> | | | | 8712 | 0,000** |
| Höfuðborgarsvæðið | 57,4% | 52,3% | 56,6% | | |
| Suðurnes | 6,3% | 15,7% | 7,9% | | |
| Landsbyggð | 36,2% | 32,0% | 34,5% | | |
| <i>Hjúskaparstaða</i> | | | | 8712 | 0,019** |
| Einhleyp(ur) | 21,0% | 23,8% | 21,4% | | |
| Í sambúð | 74,2% | 70,6% | 73,6% | | |
| eða hjónabandi | | | | | |
| Fráskilin(n) | 4,8% | 5,6% | 5,0% | | |
| eða ekkja/ekkill | | | | | |
| <i>Menntun</i> | | | | 8699 | 0,000** |
| Grunnskólastig | 27,3% | 10,2% | 24,5% | | |
| Framhaldsskólastig | 50,1% | 48,6% | 49,8% | | |
| Háskólastig | 22,6% | 41,2% | 25,7% | | |
| <i>Vinumarkaðsstaða</i> | | | | 8678 | 0,000** |
| Í launaðri vinnu | 81,1% | 66,1% | 78,6% | | |
| Á uppsagnarfresti | 1,3% | 2,4% | 1,5% | | |
| Atvinnulaus | 7,0% | 26,4% | 10,1% | | |
| Önnur staða | 10,6% | 5,1% | 9,7% | | |

Þegar innflytjendur eru skoðaðir og lýðfræðilegir þættir sést að samsetning hópsins er talsvert önnur en þegar almennt er litið til félaga í heildarsamtökunum tveimur eins og tafla 35 sýnir. Yngra fólk, Suðurnesjabúar, háskólamenntaðir, einhleypir og konur eru þannig fjölmennari í hópi innflytjenda en í hópi félagsmanna ASÍ og BSRB sem hafa íslenskan bakgrunn. Í öllum tilfellum er um tölfræðilega marktækan mun að ræða. Þá er atvinnuleysi mun algengara í hópi innflytjenda en í hópi fólks með íslenskan bakgrunn og fleiri innflytjendur en innfæddir eru á uppsagnarfresti. Ríflega fjórðungur innflytjenda er atvinnulaus en 7% innfæddra og 2,4% innflytjenda er á uppsagnarfresti en 1,3% innfæddra.

3.3.2 Fjárhagsstaða innflytjenda

Fjárhagsstaða var metin með nokkrum spurningum. Svarendur voru spurðir hversu auðvelt eða erfitt væri að láta enda ná saman, hvort þeir hafi fengið fjárhagsaðstoð, hvort þeir búi við skort á efnislegum gæðum, hversu oft á síðastliðnum fimm árum þeir hafi tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí og hver staða þeirra á húsnæðismarkaði sé. Hér á eftir eru þessir þættir greindir eftir innflytjendastöðu og kyni.

Tafla 36. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | P |
|----------------|-----------|---------------|---------|----------|
| <i>Allir</i> | | | | 0,000** |
| Auðvelt | 36,2% | 26,9% | 34,7% | N = 8704 |
| Nokkuð auðvelt | 37,6% | 38,2% | 37,7% | |
| Frekar erfitt | 17,4% | 23,2% | 18,3% | |
| Erfitt | 8,8% | 11,7% | 9,2% | |
| <i>Konur</i> | | | | 0,016** |
| Auðvelt | 31,4% | 28,2% | 30,8% | N = 4844 |
| Nokkuð auðvelt | 38,9% | 37,8% | 38,7% | |
| Frekar erfitt | 18,8% | 23,4% | 19,6% | |
| Erfitt | 11,0% | 10,7% | 10,9% | |
| <i>Karlar</i> | | | | 0,000** |
| Auðvelt | 42,2% | 25,1% | 39,6% | N = 3821 |
| Nokkuð auðvelt | 35,9% | 38,6% | 36,3% | |
| Frekar erfitt | 15,8% | 23,0% | 16,9% | |
| Erfitt | 6,1% | 13,3% | 7,1% | |

Niðurstöður spurningarinnar um hversu erfitt eða auðvelt er að láta enda ná saman eru birtar í töflu 36. Hlutfallslega fleiri í hópi innflytjenda eiga erfitt (11,7%) eða frekar erfitt (23,2%) með að ná endum saman en í hópi innfæddra (8,8% og 17,4%) og er um tölfræðilega marktækan mun að ræða. Að sama skapi eiga hlutfallslega fleiri í hópi innfæddra auðvelt (36,2%) eða nokkuð auðvelt (37,6%) með að ná endum saman en í hópi innflytjenda (26,9% og 38,2%). Taflan sýnir einnig að munurinn eftir innflytjendastöðu helst hvort tveggja í hópi kvenna og í hópi karla og er hann raunar enn meiri hjá körlum en hjá konum.

Tafla 37. Fjárhagsaðstoð síðastliðið ár eftir innflytjendastöðu og kyni

| | | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | N | p |
|---------------------|--------|-----------|---------------|---------|------|---------|
| Frá sveitarfélagi | Allir | 1,7% | 9,3% | 2,9% | 7760 | 0,000** |
| | Konur | 1,8% | 7,6% | 2,8% | 4238 | 0,000** |
| | Karlar | 1,5% | 12,1% | 3,0% | 3482 | 0,000** |
| Frá ættingjum/vinum | Allir | 10,6% | 10,2% | 10,6% | 8418 | 0,657 |
| | Konur | 12,5% | 10,7% | 12,3% | 4693 | 0,157 |
| | Karlar | 8,2% | 9,6% | 8,3% | 3683 | 0,296 |
| Frá hjálparsamtökum | Allir | 0,8% | 2,7% | 1,1% | 7618 | 0,000** |
| | Konur | 0,9% | 1,8% | 1,1% | 4162 | 0,049* |
| | Karlar | 0,7% | 4,4% | 1,2% | 3418 | 0,000** |
| Mataraðstoð | Allir | 1,0% | 5,4% | 1,7% | 7659 | 0,000** |
| | Konur | 1,4% | 6,0% | 2,2% | 4210 | 0,000** |
| | Karlar | 0,5% | 4,6% | 1,1% | 3414 | 0,000** |

Tafla 37 sýnir hvort svarendur hafa notað einhvers konar fjárhagsaðstoð síðastliðið ár og eru niðurstöðurnar birtar eftir kyni og innflytjendastöðu. Innflytjendur eru líklegri en innfæddir til að hafa þegið aðstoð frá sveitafélagi (9,3% á móti 1,7%), frá félags- eða hjálparsamtökum (2,7% á móti 0,8%) og mataraðstoð (5,4% á móti 1%). Um tölfræðilega marktækan mun er að ræða og helst tölfræðilega marktæknin á þeim mun hvort tveggja meðal kvenna og karla. Niðurstöðurnar sýna hins vegar ekki mun eftir innflytjendastöðu þegar kemur að fjárhagsaðstoð frá ættingjum eða vinum, á það við um allan hópinn, um karla og um konur. Milli 10 og 11% svarenda segjast hafa þegið fjárhagsaðstoð frá nákomnum.

Tafla 38. Fjöldi fjárhagsaðstoðarþátta eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | p |
|--------------------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Konur | | | | 0,000* |
| Engin fjárhagsaðstoð | 86,7% | 79,5% | 85,5% | N = 4819 |
| Ein tegund | 11,4% | 18,7% | 12,7% | |
| Tvær eða fleiri tegundir | 1,9% | 1,8% | 1,9% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Engin fjárhagsaðstoð | 90,5% | 78,0% | 88,7% | N = 3806 |
| Ein tegund | 8,3% | 19,2% | 9,9% | |
| Tvær eða fleiri tegundir | 1,1% | 2,9% | 1,4% | |
| Allir | | | | 0,000** |
| Engin fjárhagsaðstoð | 88,4% | 79,0% | 86,9% | N = 8668 |
| Ein tegund | 10,0% | 18,8% | 11,4% | |
| Tvær eða fleiri tegundir | 1,6% | 2,2% | 1,7% | |

Tafla 38 sýnir síðan að hlutfallslega fleiri í hópi innflytjenda hafa þegið eina (18,8%) eða tvær eða fleiri (2,2%) gerðir fjárhagsaðstoðar en innfæddir (10% og 1,6%). Jafnframt hafa hlutfallega fleiri í hópi innfæddra (88,4%) en innflytjenda ekki þegið neina fjárhagsaðstoð af því tagi sem spurt var um. Munurinn er tölfræðilega marktækur. Þá helst munurinn marktækur eftir innflytjendastöðu hjá körlum og konum.

Tafla 39. Efnislegur skortur eftir innflytjendastöðu og kyni

| | | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | N | p |
|--|--------|-----------|---------------|---------|------|---------|
| Vanskil á leigu/lánnum | Allir | 5,4% | 9,0% | 6,0% | 8634 | 0,000** |
| | Konur | 5,7% | 7,7% | 6,1% | 4791 | 0,029* |
| | Karlar | 5,0% | 11,0% | 5,9% | 3802 | 0,000* |
| Ekki árlegt frí með fjölskyldu | Allir | 14,5% | 26,4% | 16,5% | 8634 | 0,000** |
| | Konur | 17,5% | 27,3% | 19,3% | 4791 | 0,000* |
| | Karlar | 10,7% | 25,2% | 12,8% | 3801 | 0,000** |
| Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag | Allir | 4,0% | 7,4% | 4,6% | 8635 | 0,000** |
| | Konur | 4,9% | 7,3% | 5,3% | 4719 | 0,005** |
| | Karlar | 2,9% | 7,5% | 3,6% | 3801 | 0,005** |
| Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum | Allir | 20,3% | 29,6% | 21,8% | 8634 | 0,000** |
| | Konur | 24,4% | 27,3% | 24,9% | 4791 | 0,068 |
| | Karlar | 15,3% | 33,0% | 17,9% | 3801 | 0,000** |
| Ekki efni á síma | Allir | 0,7% | 2,5% | 1,0% | 8635 | 0,000** |
| | Konur | 0,7% | 2,9% | 1,1% | 4791 | 0,000** |
| | Karlar | 0,6% | 2,0% | 0,8% | 3801 | 0,002** |
| Ekki efni á sjónvarpstæki | Allir | 2,1% | 4,5% | 2,5% | 8635 | 0,000** |
| | Konur | 2,2% | 4,6% | 2,7% | 4791 | 0,000** |
| | Karlar | 1,9% | 4,1% | 2,9% | 3801 | 0,001** |
| Ekki efni á þvottavél | Allir | 2,3% | 2,3% | 2,3% | 8634 | 0,995 |
| | Konur | 2,3% | 2,5% | 2,3% | 4791 | 0,668 |
| | Karlar | 2,3% | 2,0% | 2,2% | 3801 | 0,619 |
| Ekki efni á bíl | Allir | 5,8% | 12,3% | 6,8% | 8635 | 0,000** |
| | Konur | 6,8% | 11,4% | 7,6% | 4791 | 0,000** |
| | Karlar | 4,3% | 13,5% | 5,7% | 3801 | 0,000** |
| Ekki nægileg upphitun | Allir | 0,7% | 1,4% | 0,8% | 8634 | 0,010** |
| | Konur | 1,0% | 1,7% | 1,1% | 4791 | 0,088 |
| | Karlar | 0,5% | 1,1% | 0,6% | 3802 | 0,076 |

Niðurstöður um efnislegan skort eftir innflytjendastöðu eru birtar í töflu 39. Þær sýna tölfræðilega marktækan mun á milli innflytjenda og innfæddra í átta af þeim níu efnislegum þáttum sem mældir voru og að í öllum hallaði á innflytjendur. Það voru þannig hlutfallslega fleiri í hópi innflytjenda en í hópi innfæddra sem voru í vanskilum á leigu eða lánnum síðastliðna 12 mánuði (9% á móti 5,4%), sem gátu ekki mætt óvæntum útgjöldum (29,6% á móti 20,3%) og sem höfðu ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldunni (26,4% á móti 14,5%), á kjöt-, fisk- eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag (7,4% á móti 4%), á síma (2,5% á móti 0,7%), á sjónvarpstæki (4,5% á móti 2,1%), á bíl (12,3% á móti 5,8%) og/ eða á nægri upphitun (1,4%

á móti 0,7%). Munurinn eftir innflytjandastöðu helst meðal karla og kvenna í sjö af þessum átta efnislegu þáttum, það er í öllum nema því að geta ekki mætt óvæntum útgjöldum. Þar mælist ekki tölfræðilega marktækur munur eftir innflytjandastöðu meðal kvenna. Jafn margir í hópi innflytjenda og innfæddra hafa ekki efni á þvottavél (2,3%) og á það við bæði meðal karla og kvenna.

Tafla 40. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir innflytjandastöðu

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | P |
|-----------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Enginn | 72,6% | 48,1% | 68,6% | N = 8634 |
| Einn | 13,0% | 27,9% | 15,5% | |
| Tveir | 6,7% | 13,0% | 7,7% | |
| Þrjú eða fleiri | 7,7% | 10,9% | 8,2% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Enginn | 67,8% | 47,9% | 64,3% | N = 4791 |
| Einn | 15,2% | 28,5% | 17,6% | |
| Tveir | 7,7% | 13,3% | 8,7% | |
| Þrjú eða fleiri | 9,2% | 10,2% | 9,4% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Enginn | 78,7% | 48,0% | 74,2% | N = 3800 |
| Einn | 10,2% | 27,4% | 12,7% | |
| Tveir | 5,4% | 12,8% | 6,5% | |
| Þrjú eða fleiri | 5,7% | 11,9% | 6,6% | |

Í töflu 40 sést fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir innflytjandastöðu. Í töflunni eru teknir saman þeir níu þættir sem sýndir eru í töflu 39 og saman mæla efnislegan skort. Mun fleiri innfæddir (72,6%) en innflytjendur (48,1%) þurfa ekki að neita sér um neinn þeirra efnislegu þátta sem mældir voru. Að sama skapi þurfa fleiri í hópi innflytjenda en innfæddra að neita sér um einn (27,9% á móti 13%), tvo (13% á móti 6,7%) eða þrjú eða fleiri (10,9% á móti 7,7%) efnislega þætti. Munurinn eftir innflytjandastöðu er tölfræðilega marktækur og helst marktækur hvort tveggja í hópi karla og kvenna.

Þeir sem ekki hafa efni á þremur eða fleiri efnislegum þáttum sem mældir eru á þessum skala hafa verið skilgreindir þannig að þeir búi við efnislegan skort.

Tafla 41. Tveggja vikna sumarfrí í a.m.k. tvær vikur sl. fimm ár eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | p |
|------------------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Aldrei eða einu sinni | 21,8% | 33,6% | 23,7% | N = 8685 |
| Tvisvar eða þrisvar | 22,2% | 31,2% | 23,7% | |
| Fjórum eða fimm sinnum | 37,4% | 26,6% | 35,7% | |
| Oftar en fimm sinnum | 18,5% | 8,6% | 16,9% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Aldrei eða einu sinni | 22,3% | 32,3% | 24,0% | N = 4828 |
| Tvisvar eða þrisvar | 20,9% | 32,7% | 23,0% | |
| Fjórum eða fimm sinnum | 37,4% | 27,6% | 35,7% | |
| Oftar en fimm sinnum | 19,4% | 7,4% | 17,3% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Aldrei eða einu sinni | 20,9% | 35,3% | 23,1% | N = 3817 |
| Tvisvar eða þrisvar | 23,8% | 29,3% | 24,6% | |
| Fjórum eða fimm sinnum | 37,8% | 25,0% | 35,9% | |
| Oftar en fimm sinnum | 17,5% | 10,4% | 16,5% | |

Tafla 41 sýnir tölfræðilega marktækan mun eftir innflytjendastöðu þegar skoðað er hversu oft á síðastliðnum fimm árum svarendur hafa tekið að minnsta kosti tveggja vikna sumarfrí. Hlutfallslega fleiri innflytjendur en innfæddir hafa aldrei eða einu sinni (33,6% á móti 21,8%) eða tvisvar eða þrisvar sinnum (31,2% á móti 22,2%) tekið það langt frí einu sinni á ári á síðustu fimm árum. Hlutfallslega fleiri innfæddir en innflytjendur hafa hins vegar farið fjórum eða fimm sinnum (37,4% á móti 26,5%) eða oftar en fimm sinnum (18,5% á móti 8,6%) í svo langt frí á tímabilinu. Með öðrum orðum þá eru innflytjendur líklegri en innfæddir til þess að hafa sjaldan eða aldrei farið í langt sumarfrí á síðustu árum og það hvort tveggja meðal karla og kvenna.

Tafla 42. Staða á húsnæðismarkaði eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | p |
|---------------------------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 77,4% | 34,9% | 69,6% | N = 8708 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 11,1% | 49,3% | 18,1% | |
| Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum | 3,5% | 8,4% | 4,4% | |
| Hjá ættingjum/vinum | 7,0% | 4,6% | 6,6% | |
| Annað | 1,0% | 2,8% | 1,3% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 77,1% | 44,3% | 71,3% | N = 4846 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 10,8% | 42,3% | 16,3% | |
| Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum | 3,7% | 6,0% | 4,1% | |
| Hjá ættingjum/vinum | 7,7% | 5,2% | 7,2% | |
| Annað | 0,7% | 2,2% | 1,0% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 77,4% | 34,8% | 71,1% | N = 3819 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 11,8% | 49,5% | 17,4% | |
| Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum | 2,9% | 8,9% | 3,8% | |
| Hjá ættingjum/vinum | 6,6% | 3,4% | 6,1% | |
| Annað | 1,3% | 3,5% | 1,6% | |

Í töflu 42 sést verulegur munur á stöðu á húsnæðismarkaði eftir innflytjendastöðu og er munurinn tölfræðilega marktækur. Einungis ríflega þriðjungur innflytjenda býr í eigin húsnæði en það gera ríflega þrjú fjórðu hlutar innfæddra auk þess sem hlutfallslega fleiri í hópi innfæddra hafa tök á að búa hjá ættingjum eða vinum (7% á móti 4,6%). Að sama skapi býr nærri helmingur innflytjenda í leiguhúsnæði á almennum markaði en rétt ríflega tíundi hluti innfæddra og 8,4% innflytjenda býr í leiguhúsnæði hjá leigusamtökum en 3,5% innfæddra. Samtals 2,8% innflytjenda og 1% innfæddra býr síðan við annars konar húsnæðisform. Munurinn eftir innflytjendastöðu helst marktækur bæði meðal kvenna og meðal karla.

3.3.2.1 Fjárhagsstaða innflytjenda – samantekt

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna verulegan mun á fjárhagsstöðu eftir því hvort fólk rekur uppruna sinn til Íslands eða annars lands. Þannig eiga hlutfallslega fleiri í hópi innflytjenda en innfæddra erfitt með að ná endum saman og hlutfallslega fleiri í hópi innflytjenda hafa þegið mataraðstoð og/eða fjárhagsaðstoð frá hjálparsamtökum eða sveitafélagi og líða efnislegan skort á þann hátt að geta ekki staðið í skilum á húsaleigu eða lánnum, að geta ekki mætt óvæntum útgjöldum og að hafa ekki efni á bíl, sumarfrí og/eða að borða reglulega staðgóða máltíð. Að

auki eru innflytjendur líklegri en innfæddir til þess að hafa sjaldan eða aldrei farið í langt sumarfrí á síðustu fimm árum og staða þeirra á húsnæðismarkaði mun verri en staða innfæddra. Einungis ríflega þriðjungur innflytjenda býr í eigin húsnæði en ríflega þrír fjórðu hlutar innfæddra og 58% innflytjenda býr í leiguhúsnæði en 15% innfæddra. Í nær öllum tilfellum mælist munurinn eftir innflytjendastöðu bæði í hópi karla og kvenna og bendir það til þess að munurinn sé óháður kyni.

3.3.2.2 *Financial status of immigrants – Summary*

The survey results show a considerable difference in the financial situation of members depending on whether they are of Icelandic origin or other. A higher proportion of immigrants struggle to make ends meet, compared to native Icelanders, and a higher proportion of immigrants have received food aid and/or financial support from aid organisations or municipalities, and experience material deprivation in the form of not being able to pay rent or loans, not being able to meet unexpected expenses and not affording a car, summer holidays and/or a regular healthy meal. Immigrants are also more likely than native Icelanders to report rarely or never taking a long summer vacation in the last five years, and their housing situation is far worse than that of native Icelanders. Just over a third of immigrants are home-owners, compared to just over three out of four native Icelanders, and 58% of immigrants live in rented housing, compared to 15% of native Icelanders. In nearly all aspects, difference by origin is present among both men and women, indicating that the difference is independent of gender.

3.3.3 *Heilsufar innflytjenda*

Heilsufar var metið með PHQ-9 sjálfsmatskvarðanum sem inniheldur níu spurningar sem hver og ein gefa innsýn inn í andlega heilsu og samanlögð heildarstig hvers þátttakanda gefur vísbendingu um andlega heilsu hans. Við mat á líkamlegu heilsufari var notast við sjálfsmat þátttakanda. Spurt var um hvort þátttakendur hefðu þörf á heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði og hvort þeir hefðu neitað sér um heilbrigðisþjónustu á sama tímabili. Hér á eftir eru þessir þættir greindir eftir innflytjendastöðu og kyni.

Tafla 43. *Andleg heilsa eftir innflytjendastöðu og kyni*

| Einkenni | | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | N | p |
|--|--------|-----------|---------------|---------|------|---------|
| Lítill áhugi eða gleði við að gera hlutina | Allir | 5,6% | 12,7% | 6,8% | 8594 | 0,000** |
| | Konur | 5,8% | 11,5% | 6,9% | 4785 | 0,000** |
| | Karlar | 5,5% | 14,8% | 6,9% | 3768 | 0,000** |
| Niðurdregin(n), dapur/döpur, vonlaus | Allir | 3,7% | 11,3% | 4,9% | 8603 | 0,000** |
| | Konur | 3,8% | 12,2% | 5,3% | 4793 | 0,000** |
| | Karlar | 3,5% | 10,2% | 4,5% | 3770 | 0,000** |

| | | | | | | |
|--|--------|-------|-------|-------|------|---------|
| Erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina | Allir | 9,6% | 20,4% | 11,4% | 8616 | 0,000** |
| | Konur | 11,0% | 23,2% | 13,1% | 4805 | 0,000** |
| | Karlar | 7,8% | 16,0% | 9,0% | 3768 | 0,000** |
| Þreyta og orkuleysi | Allir | 11,5% | 21,4% | 13,1% | 8615 | 0,000** |
| | Konur | 14,1% | 23,9% | 15,8% | 4811 | 0,000** |
| | Karlar | 8,3% | 17,5% | 9,6% | 3763 | 0,000** |
| Lystarleysi eða ofát | Allir | 5,5% | 6,9% | 5,8% | 8401 | 0,019** |
| | Konur | 7,3% | 7,4% | 7,3% | 4674 | 0,257 |
| | Karlar | 3,4% | 6,0% | 3,8% | 3685 | 0,001** |
| Líða illa með sjálfa(n) sig eða fundist hann/hún ekki hafa staðið sig í stykkinu gagnvart sjálfum(ri) sér eða fjölskyldu sinni | Allir | 7,1% | 10,6% | 7,7% | 8573 | 0,000** |
| | Konur | 8,3% | 11,7% | 8,9% | 4771 | 0,000** |
| | Karlar | 5,5% | 8,9% | 6,0% | 3761 | 0,000** |
| Erfiðleika með einbeitingu | Allir | 5,3% | 6,9% | 5,6% | 8595 | 0,000** |
| | Konur | 6,2% | 9,0% | 6,7% | 4785 | 0,000** |
| | Karlar | 4,2% | 3,8% | 4,1% | 3767 | 0,000** |
| Hreyft sig eða talað svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus | Allir | 3,1% | 3,5% | 3,1% | 8590 | 0,000** |
| | Konur | 3,6% | 3,4% | 3,6% | 4785 | 0,000** |
| | Karlar | 2,4% | 3,6% | 2,6% | 3763 | 0,001** |
| Hugsa um að það væri betra að þú værir dáin(n) eða um að skaða þig á einhvern hátt | Allir | 1,6% | 3,0% | 1,8% | 8579 | 0,005** |
| | Konur | 1,9% | 3,5% | 2,2% | 4785 | 0,001** |
| | Karlar | 1,3% | 2,2% | 1,4% | 3763 | 0,062 |
| Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum | Allir | 22,3% | 34,9% | 24,4% | 8690 | 0,000** |
| | Konur | 25,6% | 37,8% | 27,7% | 4847 | 0,000** |
| | Karlar | 18,3% | 30,5% | 20,1% | 3802 | 0,000** |

Tafla 43 sýnir marktækan mun eftir innflytjendastöðu á öllum þeim níu einkennum andlegrar heilsu sem mæld voru. Í öllum tilfellum sögðust hlutfallslega fleiri innflytjendur en innfæddir finna nánast daglega fyrir mældri andlegri vanlíðan og verulegur munur er í sumum tilfellum. Þannig sögðust 21,4% innflytjenda finna nánast daglega fyrir þreytu og orkuleysi en 11,5% innfæddra, 20,4% innflytjenda en 9,6% innfæddra að nær allar nætur ættu þau erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina og 12,7% innflytjenda en 5,6% innfæddra að nánast alla daga hefðu þau lítinn áhuga á eða gleði yfir að gera hluti. Þá sögðust 3% innflytjenda en 1,6% innfæddra hugsa nánast daglega um að það væri betra ef hann/hún væri dáin(n) eða um að skaða sig á

einhvern hátt. Neðst í töflunni eru birtar niðurstöður á heildarmati á andlegri heilsu og sýnt hversu hátt hlutfall býr við slæma andlega heilsu samkvæmt PHQ-9 skalanum. Niðurstöðurnar sýna að innflytjendur búa við mun verri almenna andlega heilsu en innfæddir. Andleg heilsa 34,9% innflytjenda telst þannig slæm en hlutfallið er 22,3% hjá innfæddum og er munurinn tölfræðilega marktækur.

Tölfræðilega marktækur munur mælist hjá bæði konum og körlum eftir innflytjendastöðu í átta af níu andlegu einkennunum, hjá konum í öllum nema á lystarleysi og ofáti og hjá körlum í öllum nema því að hugsa um að það væri betra að vera dáinn eða að skaða sig á einhvern hátt. Að auki sýna niðurstöðurnar sem birtast í töflunni að örlítið hærra hlutfall innfæddra karla en innflytjendakarla eigi nánast daglega í erfiðleikum með einbeitingu. Heildarniðurstöður á þeirri mælingu sem ekki eru birtar hér sýna hins vegar að hærra hlutfall innflytjendakarla en innfæddra hefur einhvern tímann á síðustu tveimur vikum átt í einbeitingarerfiðleikum (50,1% á móti 39,1%). Það sama á við hjá konunum hvað varðar að hreyfa sig eða tala svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Örlítið hærra hlutfall innfæddra kvenna en innflytjendakvenna merkir við að finna nær daglega fyrir því einkenni en heildarniðurstöður á mælingunni sýna hins vegar að hlutfallslega fleiri innflytjendakonur en innfæddar hafa fundið fyrir einkenninu einhvern tímann á síðustu tveimur vikum (34,9% á móti 26,8%). Samantekið benda niðurstöðurnar því til þess að munurinn eftir innflytjendastöðu sé að mestu óháður kyni. Niðurstöðurnar á heildarmati á andlegri heilsu samkvæmt PHQ-9 skalanum styrkja þá ályktun en þær sýna að tölfræðilega marktæki munurinn eftir innflytjendastöðu á slæmri andlegri heilsu helst bæði meðal kvenna og karla og að hjá báðum kynjum eru hlutfallslega fleiri innflytjendur en innfæddir við slæma heilsu (37,8% á móti 25,6% hjá konum og 30,5% á móti 18,3% hjá körlum).

Tafla 44. Líkamlegt heilsufar eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | p |
|------------------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Mjög gott eða gott | 54,1% | 61,1% | 55,3% | N = 8709 |
| Hvorki gott né slæmt | 31,2% | 29,8% | 31,0% | |
| Slæmt eða frekar slæmt | 14,7% | 9,1% | 13,8% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Mjög gott eða gott | 52,7% | 58,9% | 53,8% | N = 4846 |
| Hvorki gott né slæmt | 30,5% | 32,2% | 30,8% | |
| Slæmt eða frekar slæmt | 16,8% | 8,9% | 15,4% | |
| Karlar | | | | 0,001** |
| Mjög gott eða gott | 56,0% | 64,4% | 57,3% | N = 3823 |
| Hvorki gott né slæmt | 32,1% | 26,7% | 31,3% | |
| Slæmt eða frekar slæmt | 11,9% | 8,9% | 11,5% | |

Tafla 44 sýnir að tölfræðilega marktækur munur er á heilsufari eftir innflytjendastöðu. Ólíkt því sem kom fram varðandi andlegt heilsufar þá eru það innfæddir sem eru líklegri en innflytjendur til að meta líkamlega heilsu sína slæma eða frekar slæma (14,7% á móti 9,1%). Munurinn eftir innflytjendastöðu helst tölfræðilega marktækur meðal kvenna (16,8% á móti 8,9%) og karla (11,9% á móti 8,9%).

Tafla 45. Þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á síðastliðnum sex mánuðum eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | p |
|-------------------------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Já, þörf fyrir þjónustu | 60,2% | 46,7% | 58,0% | N = 8711 |
| Nei, ekki þörf fyrir þjónustu | 39,8% | 53,3% | 42,0% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Já, þörf fyrir þjónustu | 64,9% | 51,9% | 62,6% | N = 4843 |
| Nei, ekki þörf fyrir þjónustu | 35,1% | 48,1% | 37,4% | |
| Karlar | | | | 0,001** |
| Já, þörf fyrir þjónustu | 54,2% | 39,0% | 52,0% | N = 3825 |
| Nei, ekki þörf fyrir þjónustu | 45,8% | 61,0% | 48,0% | |

Hlutfallslega fleiri innfæddir (60,2%) en innflytjendur (46,7%) hafa haft meiri þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á tímabilinu og er munurinn tölfræðilega marktækur líkt og sést í töflu 45. Munurinn eftir innflytjendastöðu helst tölfræðilega marktækur bæði meðal kvenna (64,9% á móti 51,9%) og karla (54,2% á móti 39%).

Tafla 46. Hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði eftir innflytjendastöðu og kyni

| Þjónusta | | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | N | P |
|-----------------------------------|--------|-----------|---------------|---------|------|---------|
| Almenna heilbrigðisþjónusta | Allir | 13,5% | 24,7% | 14,9% | 3714 | 0,000** |
| | Konur | 13,8% | 25,7% | 15,5% | 2165 | 0,000** |
| | Karlar | 12,9% | 22,6% | 13,9% | 1530 | 0,001** |
| Tannlæknaþjónusta | Allir | 31,1% | 36,3% | 31,8% | 4632 | 0,015** |
| | Konur | 32,3% | 37,3% | 33,0% | 2728 | 0,059 |
| | Karlar | 29,3% | 34,1% | 29,8% | 1876 | 0,182 |
| Geðheilbrigðisþjónusta | Allir | 19,3% | 15,6% | 18,9% | 3900 | 0,065 |
| | Konur | 23,6% | 17,6% | 22,9% | 2373 | 0,024** |
| | Karlar | 12,7% | 10,2% | 12,5% | 1505 | 0,399 |
| Ekki neitað sér um neina þjónustu | Allir | 64,0% | 54,6% | 62,8% | 5022 | 0,000** |
| | Konur | 61,6% | 54,2% | 60,6% | 3016 | 0,003** |
| | Karlar | 67,6% | 55,9% | 66,3% | 1977 | 0,001** |

Tafla 46 sýnir hlutfall þeirra sem hafa neitað sér um einhvers konar heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði eftir innflytjendastöðu. Hún sýnir að hlutfallslega fleiri í hópi innflytjenda en innfæddra hafa neitað sér um almenna heilbrigðisþjónustu (24,7% á móti 13,5%) og tannlæknaþjónustu (36,3% á móti 31,1%) sem og að hlutfallslega fleiri í þeirra hópi hafi þurft að neita sér um eina eða fleiri tegund heilbrigðisþjónustu (36% á móti 45,4%). Hér er um marktækan mun að ræða. Marktækur munur eftir innflytjendastöðu mældist hins vegar ekki á því að hafa neitað sér um geðheilbrigðisþjónustu. Tölfræðilega marktækur munur eftir innflytjendastöðu helst bæði hjá konum og körlum hvað varðar almenna heilbrigðisþjónustu og það að hafa neitað sér um einhverja þjónustu. Munur eftir innflytjendastöðu á því að hafa neitað sér um tannlæknaþjónustu hverfur hins vegar hjá báðum kynjum og marktækur munur eftir innflytjendastöðu mælist á því að hafa neitað sér um geðheilbrigðisþjónustu í hópi kvenna. Hlutfalllega fleiri innfæddar konur en innflytjendakonur hafa neitað sér um geðheilbrigðisþjónustu (23,6% á móti 17,6%). Eins og sést í töflu 46 var svörun með minna móti og því nauðsynlegt að taka niðurstöðunum með ákveðnum fyrirvara en svarenda hópurinn virðist ekki frábrugðinn þegar hann er skoðaður sérstaklega.

3.3.3.1 Heilsufar innflytjenda - samantekt

Niðurstöðurnar sýna mun á heilsufari eftir innflytjendastöðu en það er misjafnt eftir þeim þáttum sem mældir voru hvort heilsan er verri hjá innflytjendum eða innfæddum. Niðurstöðurnar sýna á afgerandi hátt að andleg líðan innflytjenda er verri en andlega líðan innfæddra. Þannig sögðust hlutfallslega fleiri innflytjendur en innfæddir finna nánast daglega

fyrir öllum níu andlegu einkennunum sem mælt var fyrir og þegar heildarmat er sett á andlegu heilsuna mælast 34,9% innflytjenda við slæma andlega heilsu á móti 22,3% innfæddra. Að auki er í nokkrum tilfellum um verulegan mun á milli hópanna tveggja að ræða hvað ákveðin einkenni varðar. Þannig sögðust 21,4% innflytjenda finna nánast daglega fyrir þreytu og orkuleysi og 20,4% að nær allar nætur ættu þau erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina en hlutföllin meðal innfæddra voru 11,5% og 9,6%. Munurinn eftir innflytjendastöðu á andlegu heilsunni helst í megindráttum hvort tveggja meðal kvenna og karla. Þannig mælist hjá báðum kynjum marktækur munur eftir innflytjendastöðu í átta mælingum af níu auk þess sem heildarmatið á andlegu heilsunni sýnir að hvort tveggja konur og karlar af erlendum uppruna búa við verri andlega heilsu en innfædd kynsystkin þeirra. Þá hafa hlutfallslega fleiri í hópi innflytjenda en innfæddra þurft að neita sér um eina eða fleiri tegund heilbrigðisþjónustu síðustu sex mánuði og á það bæði við um konur og karla. Innfæddir eru hins vegar líklegri en innflytjendur til að meta líkamlega heilsu sína slæma eða frekar slæma og hlutfallslega fleiri innfæddir en innflytjendur hafa haft meiri þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á síðustu sex mánuðum og á þetta í báðum tilvikum við bæði kynin.

3.3.3.2 Health of immigrants – Summary

The results show a difference in the state of health by origin, but immigrants report better health by some factors, while poorer health by other factors. The results clearly show poorer mental health among immigrants than among native Icelanders. A higher proportion of immigrants reported experiencing all nine mental symptoms asked about on a daily basis, compared to those employed, and when assessing general mental health, 34.9% of immigrants are considered in poor mental health, compared to 22.3% of native Icelanders. Furthermore, the difference was significant for certain symptoms. 21.4% of immigrants report feeling tired and lacking energy on almost a daily basis, and 20.4% report trouble falling asleep or sleeping through the night almost every night, but the rates for native Icelanders are, respectively, 11.5% and 9.6%. The difference in mental health by origin is mostly the same for women and men. In eight indicators out of nine, there is significant difference by origin among both women and men, and the general assessment of mental health shows that both women and men of foreign origin have poorer mental health than their native peers. A higher proportion of immigrants have had to deny themselves one or more types of health care services in the last six months, compare to native Icelanders, and that applies to both women and men. On the other hand, native Icelanders are more likely than immigrants to report poor or somewhat poor physical

health, and a higher proportion of native Icelanders have needed health care services in the last six months, compared to immigrants, and this applies to both women and men.

3.3.4 Staða innflytjenda á vinnumarkaði

Staða innflytjenda á vinnumarkaði á tímum kórónuveirunnar var metin með spurningu um stöðu á vinnumarkaði þar sem upplýsinga var aflað um hvort þátttakendur væri í launaðri vinnu, á uppsagnarfresti, atvinnulausir eða í annarri stöðu á vinnumarkaði. Einnig var spurt hvort svarendur hefðu nýtt hlutabótaleiðina og ef svo væri hvort breytt starfshlutfall hefði verið í samræmi við þá vinnu sem fólk innti af hendi. Þeir sem voru atvinnulausir fengu viðbótarspurningar varðandi atvinnuleit, viðhorf til atvinnuleitar, þjónustu Vinnumálastofnunar og stéttarféлага. Hér á eftir eru þessir þættir greindir eftir innflytjendastöðu og kyni.

Tafla 47. Staða á vinnumarkaði eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | P |
|--------------------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Allir | | | | |
| <i>Vinnumarkaðsstaða</i> | | | | 0,000** |
| Í launaðri vinnu | 81,1% | 66,1% | 78,6% | N = 8678 |
| Á uppsagnarfresti | 1,3% | 2,4% | 1,5% | |
| Atvinnulaus | 7,0% | 26,4% | 10,1% | |
| Önnur staða | 10,6% | 5,1% | 9,7% | |
| <i>Hlutabótaleið</i> | | | | 0,000** |
| Já, nýtt hlutabótaleið | 19,5% | 31,9% | 21,5% | N = 8680 |
| Konur | | | | |
| <i>Vinnumarkaðsstaða</i> | | | | 0,000** |
| Í launaðri vinnu | 81,0% | 66,9% | 78,6% | N = 4820 |
| Á uppsagnarfresti | 1,3% | 2,5% | 1,5% | |
| Atvinnulaus | 7,3% | 25,1% | 10,4% | |
| Önnur staða | 10,4% | 5,5% | 9,6% | |
| <i>Hlutabótaleið</i> | | | | 0,000** |
| Já, nýtt hlutabótaleið | 20,0% | 30,3% | 21,8% | N = 4819 |
| Karlar | | | | |
| <i>Vinnumarkaðsstaða</i> | | | | 0,000** |
| Í launaðri vinnu | 81,2% | 64,4% | 78,7% | N = 3815 |
| Á uppsagnarfresti | 1,4% | 2,3% | 1,6% | |
| Atvinnulaus | 6,6% | 28,7% | 9,9% | |
| Önnur staða | 10,7% | 4,6% | 9,8% | |
| <i>Hlutabótaleið</i> | | | | 0,000** |
| Já, nýtt hlutabótaleið | 18,9% | 34,1% | 21,2% | N = 3819 |

Í töflu 47 sést að marktækur munur er á stöðu þátttakenda á vinnumarkaði eftir innflytjendastöðu. Hærra hlutfall innflytjenda en innfæddra er atvinnulaust (26,4% á móti 7%), á uppsagnarfresti (2,4% á móti 1,3%) eða hefur nýtt sér hlutabótaleiðina (31,9% á móti 19,5%). Munurinn milli innflytjenda og atvinnulausra á vinnumarkaðsstöðunni helst hjá báðum kynjum. Með öðrum orðum þá hafa efnahagsþrengingarnar af völdum faraldursins bitnað harðar á atvinnuöryggi innflytjenda en á atvinnuöryggi innfæddra óháð kyni.

Svarendur sem sögðust hafa nýtt hlutabótaleiðina voru spurðir að því hvort minnkað starfshlutfall hafi verið í samræmi við þá vinnu sem innt var af hendi á meðan úrræðið var nýtt. Niðurstöðurnar eru sýndar í töflu 48.

Tafla 48. Starfshlutfall í hlutabótaleið í samræmi við vinnu sem innt var af hendi eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | P |
|-----------------|-----------|---------------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Já | 73,2% | 68,9% | 72,2% | N = 1825 |
| Nei, vann meira | 18,5% | 16,2% | 18,0% | |
| Nei, vann minna | 8,2% | 14,8% | 9,8% | |
| Konur | | | | 0,930 |
| Já | 72,9% | 71,7% | 72,6% | N = 1015 |
| Nei, vann meira | 16,7% | 17,7% | 16,9% | |
| Nei, vann minna | 10,4% | 10,5% | 10,4% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Já | 74,1% | 64,6% | 71,8% | N = 802 |
| Nei, vann meira | 20,3% | 14,6% | 19,0% | |
| Nei, vann minna | 5,6% | 20,8% | 9,2% | |

Tafla 48 sýnir niðurstöður eftir innflytjendastöðu um hvort starfshlutfall í hlutabótaleið hafi verið í samræmi við þá vinnu sem innt var af hendi. Hlutfallslega fleiri innfæddir en innflytjendur unnu annaðhvort jafn mikið og (73,2% á móti 68,9%) eða meira (18,5% á móti 16,2%) en starfshlutfallið sagði til um. Að sama skapi unnu hlutfallslega fleiri innflytjendur en innfæddir minna en starfshlutfallið sagði til um (14,8% á móti 8,2%). Munurinn er tölfræðilega marktækur en þó verður að hafa í huga að hér er ekki um verulegan mun að ræða í prósentum talið sem gæti skýrst af því að samspil er á milli innflytjendastöðu og kyns. Þannig mælist enginn munur eftir innflytjendastöðu á meðal kvenna en hlutfallslega fleiri innflytjendakarlar unnu hins vegar minna (20,8% á móti 5,6%) en hlutfallslega fleiri innfæddir karlar annaðhvort jafn mikið (74,1% á móti 64,6%) eða meira en starfshlutfallið sagði til um (20,3% á móti 14,6%).

3.3.4.1 Staða atvinnulausra innflytjenda

Svarendur sem merktu við að þeir væru atvinnulausir voru beðnir um að svara spurningum um lengd atvinnuleysisins, hvort þeir hafi verið atvinnulausir áður, íhugað að flytja eða fara í nám í kjölfar atvinnuleysisins, leitað að starfi síðustu tvær vikurnar, hafnað starfi síðasta mánuðinn og hvort þeir væru tilbúnir til að ráða sig í annars konar starf en þeir voru í og/eða í starf á öðru atvinnusvæði. Þá voru þeir spurðir hvernig líkamleg heilsa þeirra og vinnuálag hefði verið fyrir atvinnuleysið og hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustu Vinnumálastofnunar. Hér á eftir eru þessir þættir greindir eftir innflytjendastöðu og kyni.

Tafla 49. Lengd atvinnuleysis eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | p |
|------------------|-----------|---------------|---------|---------|
| Allir | | | | |
| 0-3 mánuðir | 32,7% | 28,7% | 31,2% | 0,604 |
| 3-6 mánuðir | 24,9% | 28,7% | 26,4% | N = 603 |
| 6-9 mánuðir | 16,9% | 15,2% | 16,3% | |
| 9-12 mánuðir | 10,7% | 13,5% | 11,8% | |
| Meira en eitt ár | 14,7% | 13,9% | 14,4% | |
| Konur | | | | |
| 0-3 mánuðir | 34,7% | 31,1% | 33,3% | 0,668 |
| 3-6 mánuðir | 29,1% | 28,1% | 28,7% | N = 348 |
| 6-9 mánuðir | 13,6% | 13,3% | 13,5% | |
| 9-12 mánuðir | 8,9% | 14,1% | 10,9% | |
| Meira en eitt ár | 13,6% | 13,3% | 13,5% | |
| Karlar | | | | |
| 0-3 mánuðir | 30,4% | 25,0% | 28,4% | 0,413 |
| 3-6 mánuðir | 18,6% | 29,2% | 22,6% | N = 257 |
| 6-9 mánuðir | 21,7% | 18,8% | 20,6% | |
| 9-12 mánuðir | 13,0% | 12,5% | 12,8% | |
| Meira en eitt ár | 16,1% | 14,6% | 15,6% | |

Munur eftir innflytjendastöðu á lengd atvinnuleysis er lítill og ekki tölfræðilega marktækur og á það hvort tveggja við um konur og karla.

Tafla 50. Atvinnuleysi áður eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | p |
|---------------|-----------|---------------|---------|---------|
| Allir | | | | |
| Já | 52,9% | 30,3% | 43,2% | 0,000** |
| Nei | 47,1% | 69,7% | 56,8% | N = 863 |
| Konur | | | | |
| Já | 54,2% | 29,0% | 43,4% | 0,000** |
| Nei | 45,8% | 71,0% | 56,6% | N = 484 |
| Karlar | | | | |
| Já | 51,6% | 31,9% | 43,1% | 0,000** |
| Nei | 48,4% | 68,1% | 56,9% | N = 378 |

Fleiri innfæddir (52,9%) en innflytjendur (30,3%) hafa áður upplifað atvinnuleysi og er munurinn tölfræðilega marktækur. Það er einnig svo þegar munurinn er skoðaður meðal kvenna (54,2% á móti 29%) og meðal karla (51,6% á móti 31,9%).

Tafla 51. Virkni og sveigjanleiki atvinnulausra eftir innflytjendastöðu og kyni

| | | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | N | p |
|--|--------|-----------|---------------|---------|-----|---------|
| Leitað að starfi síðustu tvær vikur | Allir | 84,9% | 92,3% | 88,0% | 852 | 0,001** |
| | Konur | 81,2% | 90,5% | 85,1% | 476 | 0,005** |
| | Karlar | 89,6% | 93,9% | 91,5% | 376 | 0,140 |
| Ekki hafnað starfi síðastliðinn mánuð | Allir | 97,1% | 94,3% | 95,9% | 856 | 0,038** |
| | Konur | 97,8% | 95,1% | 96,7% | 480 | 0,104 |
| | Karlar | 96,2% | 93,3% | 94,9% | 376 | 0,198 |
| Íhugað að flytja | Allir | 39,7% | 53,4% | 45,5% | 872 | 0,000** |
| | Konur | 33,8% | 46,2% | 39,0% | 492 | 0,006** |
| | Karlar | 47,7% | 62,2% | 54,1% | 379 | 0,004** |
| Íhugað að fara í nám | Allir | 60,8% | 72,2% | 65,7% | 855 | 0,001** |
| | Konur | 66,2% | 74,5% | 69,8% | 483 | 0,048* |
| | Karlar | 54,3% | 69,3% | 60,9% | 371 | 0,003** |
| Tilbúin(n) að breyta til ef tækifæri gefst | Allir | 90,4% | 95,4% | 92,5% | 872 | 0,005** |
| | Konur | 88,0% | 94,2% | 90,7% | 492 | 0,020* |
| | Karlar | 93,5% | 96,3% | 94,7% | 378 | 0,223 |

Tafla 51 birtir niðurstöður eftir innflytjendastöðu hvað varðar nokkra þætti sem mæla virkni og sveigjanleika atvinnulausra. Allar mælingarnar sýna tölfræðilega marktækan mun og að í fjórum mælingum af fimm eru það innflytjendur sem sýna meiri virkni og sveigjanleika en innfæddir. Þannig hafa hlutfallslega fleiri í hópi innflytjenda en innfæddra leitað að starfi síðustu tvær vikurnar (92,3% á móti 84,9%), íhugað að flytja (53,4% á móti 39,7%) eða fara í nám (72,2% á móti 60,8%) auk þess sem fleiri í hópi innflytjenda eru tilbúnir til að breyta til og ráða sig í öðruvísi starf en þeir voru í eða í starf á öðru atvinnusvæði (95,4% á móti 90,4%). Munur eftir innflytjendastöðu á þessum fjórum þáttum helst í öllum tilvikum meðal kvenna en hverfur hins vegar meðal karla hvað varðar að leita að starfi og vera tilbúinn að breyta til. Heldur fleiri í hópi innfæddra en innflytjenda hafa hins vegar ekki hafnað starfi síðasta mánuðinn (97,1% á móti 94,3%) en sá munur hverfur hins vegar hjá báðum kynjum þegar gögnin eru greind eftir kyni.

Tafla 52. Líkamlegt heilsufar fyrir atvinnuleysi eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | p |
|----------------------|-----------|---------------|---------|---------|
| Allir | | | | |
| Gott | 69,5% | 82,3% | 74,9% | 0,000** |
| Hvorki gott né slæmt | 21,3% | 13,0% | 17,7% | N = 830 |
| Slæmt | 9,3% | 4,8% | 7,3% | |
| Konur | | | | |
| Gott | 71,3% | 81,4% | 75,5% | 0,013* |
| Hvorki gott né slæmt | 18,8% | 14,9% | 17,2% | N = 466 |
| Slæmt | 9,9% | 3,6% | 7,3% | |
| Karlar | | | | |
| Gott | 67,0% | 83,8% | 74,4% | 0,001** |
| Hvorki gott né slæmt | 24,5% | 10,0% | 18,1% | N = 360 |
| Slæmt | 8,5% | 6,3% | 7,5% | |

Í töflu 52 sést að fleiri innflytjendur telja að líkamlegt heilsufar hafi verið gott fyrir atvinnuleysi (82,3% á móti 69,5%) en hlutfallslega fleiri í hópi innfæddra að það hafi hvorki verið gott né slæmt (21,3% á móti 13%) eða að það hafi verið slæmt (9,3% á móti 4,8%). Munurinn er tölfræðilega marktækur og helst hjá báðum kynjum.

Tafla 53. Vinnuálag fyrir atvinnuleysi eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | p |
|-----------------------|-----------|---------------|---------|---------|
| Allir | | | | |
| Mjög eða frekar mikið | 69,0% | 65,8% | 67,6% | 0,053 |
| Hófllegt | 28,1% | 27,7% | 27,9% | N = 831 |
| Frekar eða mjög lítið | 3,0% | 6,4% | 4,5% | |
| Konur | | | | |
| Mjög eða frekar mikið | 67,6% | 62,4% | 65,5% | 0,257 |
| Hófllegt | 29,8% | 32,5% | 30,9% | N = 469 |
| Frekar eða mjög lítið | 2,6% | 5,1% | 3,6% | |
| Karlar | | | | |
| Mjög eða frekar mikið | 70,5% | 70,0% | 70,3% | 0,132 |
| Hófllegt | 26,0% | 21,9% | 24,2% | N = 360 |
| Frekar eða mjög lítið | 3,5% | 8,1% | 5,6% | |

Lítill munur er á vinnuálagi fyrir atvinnuleysi eftir innflytjendastöðu eins og sést í töflu 53 og er munurinn ekki tölfræðilega marktækur. Það á við bæði kyn.

Tafla 54. Viðhorf til þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnulausa eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | p |
|----------------------------|-----------|---------------|---------|---------|
| Allir | | | | 0,003** |
| Mjög eða frekar ánægðir | 42,2% | 52,8% | 46,8% | N = 823 |
| Hvorki ánægðir né óánægðir | 38,2% | 27,4% | 33,5% | |
| Frekar eða mjög óánægðir | 19,6% | 19,8% | 19,7% | |
| Konur | | | | 0,063 |
| Mjög eða frekar ánægðar | 45,30% | 54,90% | 49,30% | N = 460 |
| Hvorki ánægðar né óánægðar | 39,3% | 29,0% | 35,0% | |
| Frekar eða mjög óánægðar | 15,4% | 16,1% | 15,7% | |
| Karlar | | | | 0,032* |
| Mjög eða frekar ánægðir | 38,0% | 50,3% | 43,5% | N = 361 |
| Hvorki ánægð né óánægðir | 37,0% | 25,5% | 31,9% | |
| Frekar eða mjög óánægðir | 25,0% | 24,2% | 24,7% | |

Hlutfallslega fleiri í hópi innflytjenda (52,8% á móti 42,2%) eru mjög eða frekar ánægðir með þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnulausa. Hlutfallslega fleiri innfæddir eru hvorki ánægðir né óánægðir með þjónustuna (38,2% á móti 27,4%). Nánast jafn hátt hlutfall innfæddra og innflytjenda, eða tæpur fimmtungur, er síðan frekar eða mjög óánægt með þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnulausa. Munurinn er marktækur í öllum tilfellum. Sambærilegur munur á ánægjunni eftir innflytjendastöðu mælist einnig marktækur meðal karla en sá munur sem er meðal kvennanna mælist hins vegar ekki tölfræðilega marktækur.

Tafla 55. Viðhorf til þjónustu stéttarfélaganna við atvinnulausa eftir innflytjendastöðu og kyni

| | Innfæddir | Innflytjendur | Samtals | p |
|----------------------------|-----------|---------------|---------|---------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Mjög eða frekar ánægðir | 37,1% | 56,7% | 45,6% | N = 824 |
| Hvorki ánægðir né óánægðir | 49,8% | 33,0% | 42,5% | |
| Frekar eða mjög óánægðir | 13,1% | 10,3% | 11,9% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Mjög eða frekar ánægðar | 37,4% | 60,4% | 47,2% | N = 462 |
| Hvorki ánægðar né óánægðar | 52,1% | 32,5% | 43,7% | |
| Frekar eða mjög óánægðar | 10,6% | 7,1% | 9,1% | |
| Karlar | | | | 0,010* |
| Mjög eða frekar ánægðir | 36,5% | 52,2% | 43,5% | N = 361 |
| Hvorki ánægð né óánægðir | 47,0% | 33,5% | 41,0% | |
| Frekar eða mjög óánægðir | 16,5% | 14,3% | 15,5% | |

Tölfræðilega marktækur munur eftir innflytjendastöðu mælist einnig með ánægju atvinnulausra með þjónustu viðkomandi stéttarfélags við þá eins og sést í töflu 55. Aftur eru hlutfallslega fleiri í hópi atvinnulausra innflytjenda mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna (56,7% á móti 37,1%) en hlutfallslega fleira í hópi atvinnulausra innfæddra hins vegar hvorki ánægðir né óánægðir (49,8% á móti 33%). Heldur hærra hlutfall í hópi innfæddra en innflytjenda er síðan frekar eða mjög óánægt með þjónustu stéttarfélags síns við atvinnulausa (13,1% á móti 10,3%). Sama mynstur með ánægjuna með þjónustu stéttarfélagsins helst hjá báðum kynjum.

3.3.4.2 Staða innflytjenda á vinnumarkaði - samantekt

Niðurstöðurnar sýna að efnahagsþrengingarnar af völdum faraldursins hafa bitnað harðar á atvinnuöryggi innflytjenda en á atvinnuöryggi innfæddra óháð kyni. Þannig eru innflytjendur líklegri en innfæddir til að vera atvinnulausir, vera á uppsagnarfresti eða hafa nýtt sér hlutabótaleiðina. Munurinn á atvinnuleysi í þessum tveimur hópum er sláandi en ríflega fjórðungur innflytjenda er atvinnulaus en hlutfallið er sjö prósent meðal innfæddra. Fleiri í hópi atvinnulausra innfæddra en atvinnulausra innflytjenda hafa hins vegar upplifað atvinnuleysi fyrr á ævinni, eða ríflega helmingur á móti tæplega þriðjungu og á það við um bæði kynin. Þá unnu fleiri innfæddir karlar en aðfluttir á hlutabótaleið annað hvort jafn mikið eða meira en starfshlutfall sagði til um. Enginn munur eftir innflytjendastöðu á vinnuframlagi á hlutabótaleið mældist hins vegar meðal kvenna. Innfæddir á atvinnuleysisskrá eru líka verr í stakk búnir en innflytjendur í sömu stöðu til að takast á við atvinnuleysið hvað líkamlega heilsu varðar en fleiri í þeirra hópi segjast hafa búið við slæma líkamlega heilsu fyrir atvinnuleysið og er munurinn óháður kyni.

Atvinnulausir innflytjendur sýna almennt meiri virkni og sveigjanleika í atvinnuleitinni en innfæddir og þá sérstaklega atvinnulausar konur í hópi innflytjenda. Þannig hafa hlutfallslega fleiri innflytjendur en innfæddir leitað að starfi síðustu tvær vikurnar, íhugað að flytja eða fara í nám og fleiri innflytjendur en innfæddir eru tilbúnir til að breyta til varðandi starf og búsetu auki það líkur á nýju starfi. Þessi munur eftir innflytjendastöðu helst í öllum tilvikum meðal kvenna en hverfur hins vegar meðal karla hvað varðar að leita að starfi og vera tilbúinn að breyta til. Þá eru hlutfallslega fleiri innflytjendur en innfæddir ánægðir með þjónustu stéttarfélags síns við atvinnulausa og hlutfallslega fleiri aðfluttir karlar en innfæddir ánægðir með þjónustu Vinnumálastofnunar.

3.3.4.3 Status of immigrants in the labour market – Summary

The results show that the economic difficulties caused by the pandemic have harmed the employment security of immigrants more than the employment security of native Icelanders, irrespective of gender. Immigrants are more likely than native Icelanders to be unemployed, to be working their notice period, or to have received partial unemployment benefits (hlutabætur). The difference in the unemployment rate between the two groups is striking, with over one out of four immigrants unemployed, compared to seven percent of native Icelanders. A higher proportion of unemployed native Icelanders have been unemployed before in their lives, or a little over half, compared to a little under a third of immigrants, and that applies to both women and men. More native Icelandic men than immigrant men worked while receiving partial unemployment benefits, either more or equal to the job ratio indicated. No difference by origin was reported by women in the work contribution while receiving partial unemployment benefits. Unemployed native Icelanders are worse equipped than immigrants in the same situation to deal with unemployment when it comes to physical health, and a higher proportion of them report having poor physical health before becoming unemployed, irrespective of gender.

Unemployed immigrants generally display more pro-activity and flexibility in their job search than native Icelanders, especially unemployed women immigrants. A higher proportion of immigrants have sought jobs in the last two weeks, have considered to move or enrol in school, compared to native Icelanders, and more immigrants are prepared to make changes in regards to job type and area, to improve their chances in the job search. This difference by origin is present in all cases for women, but not for men in the case of looking for jobs and being prepared to make changes. A higher proportion of immigrants are satisfied with the service of their trade union to unemployed people, compared to native Icelanders, and a higher proportion of immigrant men are satisfied with the service of Vinnumálastofnun, compared to native Icelandic men.

3.4 Ungt fólk

Það er misjafnt við hvaða aldursmörk hefur verið miðað í athugunum á aðstæðum ungs fólks á vinnumarkaði. Stundum er eingöngu verið að horfa á unglinga undir 18 ára aldri eða undir tvítugu (Einarsdóttir & Snorradóttir, 2020), í tölfræði Hagstofu Íslands og Hagstofu Evrópusambandsins eru mörkin gjarnan sett við 24 ára aldurinn (Hagstofan, 2018) en í öðrum

tilfellum eru mörkin jafnvel sett við 35 ára aldur (Hanvold, Kines, Nykänen, Ólafsdóttir, Thomée, Holte, . . . Veiersted, 2016). Í samstarfsverkefni á vegum félagsmálaráðuneytisins þar sem unnið er að því að bæta lífskjör og lífsgæði ungs fólks er miðað við aldursbilið 18-29 ára (Virki starfsendurhæfingarsjóður, 2020). Hér var ákveðið að miða við 30 ára aldurinn og allir undir þeim aldri flokkaðir til ungs fólks. Ástæðan er sú að við vildum flokka sem flesta sem ekki hafa komið sér fyrir í lífinu sem ungt fólk en á seinni árum sá aldur sem fólk er orðið ráðsett farið hækkandi. Algengt er að fólk sé ekki búíð að stofna fjölskyldu og komið í framtíðarvinnu fyrir en undir þrítugt.

3.4.1 Lýðfræðileg samsetning ungs fólks

Tafla 56. Lýðfræðileg samsetning ungs fólks

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | N | P |
|----------------------------------|-----------------|-----------|---------|------|---------|
| <i>Kyn</i> | | | | 8651 | 0,000** |
| Kona | 63,7% | 54,7% | 56,0% | | |
| Karl | 36,3% | 45,3% | 44,0% | | |
| <i>Búseta</i> | | | | 8681 | 0,000** |
| Höfuðborgarsvæðið | 53,7% | 57,1% | 56,6% | | |
| Suðurnes | 12,6% | 7,1% | 7,9% | | |
| Landsbyggð | 33,7% | 35,8% | 35,5% | | |
| <i>Hjúskaparstaða</i> | | | | 8679 | 0,000** |
| Einhleyp(ur) | 40,0% | 18,2% | 21,5% | | |
| Sambúð eða hjónaband | 59,8% | 76,0% | 73,6% | | |
| Fráskilin(n) eða ekkja/ekkill | 0,2% | 5,7% | 4,9% | | |
| <i>Menntun</i> | | | | 8668 | 0,002** |
| Grunnskólastig | 27,6% | 24,0% | 24,5% | | |
| Framhaldsskólastig | 50,1% | 49,7% | 49,8% | | |
| Háskólastig | 22,3% | 26,3% | 25,7% | | |
| <i>Innflytjendastaða</i> | | | | 8681 | 0,000** |
| Innfæddur | 75,1% | 85,1% | 83,6% | | |
| Innflytjandi | 24,9% | 14,9% | 16,4% | | |
| <i>Vinnumarkaðsstaða</i> | | | | 8648 | 0,000** |
| Í launaðri vinnu | 71,5% | 80,0% | 78,8% | | |
| Á uppsagnarfresti | 1,3% | 1,5% | 1,5% | | |
| Atvinnulaus | 12,7% | 9,7% | 10,2% | | |
| Önnur staða | 14,4% | 8,7% | 9,6% | | |

Lýðfræðileg samsetning ungs fólks innan aðildarfélaganna ASÍ og BSRB er nokkuð önnur en lýðfræðileg samsetning eldra fólks eins og tafla 56 sýnir. Konur eru hlutfallslega fleiri en karlar, stærra hlutfall innflytjenda og íbúa á Suðurnesjum. Hlutfallslega eru fleiri einhleypir og að sama skapi færri sem eru í sambúð/hjónabandi eða fráskildir/hafa misst maka eins og búast má við hjá fólki undir þrítugu. Það eru líka heldur færri í hópi ungs fólksins en þeirra sem eldri eru sem hafa menntun á háskólastigi en heldur fleiri sem eru eingöngu með grunnskólamenntun. Í öllum tilfellum er um tölfræðilega marktækan mun að ræða.

Atvinnuleysi er algengara hjá ungs fólkinu en þeim sem eldri eru og hlutfallslega færra ungt fólk en eldra er í launuðum störfum. Nánast jafn hátt hlutfall ungs fólks og eldra fólks er á uppsagnarfresti. Að auki fellur fleira ungt fólk en eldra í flokkinn önnur staða á vinnumarkaði og má leiða líkum að því að ástæðan sé sú að hluti ungs fólksins sem svaraði könnuninni líti á sig sem nema frekar en sem launafólk þrátt fyrir að það vinni með skóla og/eða á sumrin. Munurinn á vinnumarkaðsstöðunni eftir aldri er tölfræðilega marktækur.

3.4.2 Fjárhagsstaða ungs fólks

Munur á fjárhagsstöðu eftir aldri var metinn með nokkrum spurningum. Svarendur voru spurðir að því hversu auðvelt eða erfitt þeir eiga með að ná endum saman, hvort þeir hafi fengið fjárhagsaðstoð, hvort þeir búi við skort á efnislegum gæðum, hversu oft á síðastliðnum fimm árum þeir hafi tekið lengra en tveggja vikna sumarfrí og hver staða þeirra á húsnæðismarkaði sé. Hér á eftir eru þessir þættir greindir eftir aldri og kyni.

Tafla 57. Auðvelt eða erfitt að ná endum saman eftir aldri og kyni

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | p |
|----------------|-----------------|-----------|---------|----------|
| <i>Allir</i> | | | | 0,288 |
| Auðvelt | 33,3% | 35,0% | 34,7% | N = 8674 |
| Nokkuð auðvelt | 37,5% | 37,8% | 37,7% | |
| Frekar erfitt | 18,7% | 18,3% | 18,3% | |
| Erfitt | 10,5% | 9,0% | 9,2% | |
| <i>Konur</i> | | | | 0,838 |
| Auðvelt | 29,7% | 31,2% | 30,9% | N = 4833 |
| Nokkuð auðvelt | 38,9% | 38,6% | 38,6% | |
| Frekar erfitt | 20,4% | 19,4% | 19,6% | |
| Erfitt | 11,0% | 10,8% | 10,9% | |
| <i>Karlar</i> | | | | 0,102 |
| Auðvelt | 38,8% | 39,6% | 39,5% | N = 3799 |
| Nokkuð auðvelt | 35,1% | 36,6% | 36,4% | |
| Frekar erfitt | 16,1% | 17,0% | 16,9% | |
| Erfitt | 10,0% | 6,8% | 7,2% | |

Í töflu 57 sést að ekki er munur á hversu auðvelt eða erfitt er að láta enda ná saman eftir aldri og sama á við um meðal karla og kvenna.

Tafla 58. Fjárhagsaðstoð síðastliðið ár eftir aldri og kyni

| | | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | N | p |
|---------------------|--------|--------------------|-----------|---------|------|---------|
| Frá sveitarfélagi | Allir | 5,1% | 2,6% | 2,9% | 7730 | 0,000** |
| | Konur | 4,9% | 2,5% | 2,8% | 4227 | 0,001** |
| | Karlar | 4,7% | 2,8% | 3,0% | 3457 | 0,047* |
| Frá ættingjum/vinum | Allir | 23,2% | 8,4% | 10,6% | 8387 | 0,000** |
| | Konur | 24,1% | 9,9% | 12,2% | 4681 | 0,000** |
| | Karlar | 21,4% | 6,6% | 8,4% | 3659 | 0,000** |
| Frá hjálparsamtökum | Allir | 3,1% | 0,8% | 1,1% | 7588 | 0,000** |
| | Konur | 3,0% | 0,8% | 1,1% | 4153 | 0,000** |
| | Karlar | 2,8% | 1,0% | 1,1% | 3392 | 0,002** |
| Mataraðstoð | Allir | 3,1% | 1,5% | 1,7% | 7629 | 0,000** |
| | Konur | 4,1% | 1,8% | 2,2% | 4199 | 0,000** |
| | Karlar | 1,4% | 1,0% | 1,1% | 3389 | 0,413 |

Ungt fólk er líklegra til að hafa fengið allar þær gerðir aðstoðar sem spurt var um í könnuninni.

Ungt fólk er líklegra til að hafa þegið aðstoð frá sveitafélagi (5,1% á móti 2,6%), frá

ættingjum/vinum (23,2% á móti 8,4%), frá félags- eða hjálparsamtökum (3,1% á móti 1,5%) og mataraðstoð (3,1% á móti 1,5%) en þeir sem eldri eru. Í öllum tilfellunum fjórum er um tölfræðilega marktækan mun að ræða og helst munurinn í öllum tilfellum marktækur meðal kvenna og í öllum tilfellum nema varðandi mataraðstoð meðal karla.

Tafla 59. Fjöldi fjárhagsaðstoðarþátta eftir aldri og kyni

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | p |
|--------------------------|-----------------|-----------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Engin fjárhagsaðstoð | 73,5% | 89,1% | 86,8% | N = 8637 |
| Ein tegund | 23,5% | 9,4% | 11,5% | |
| Tvær eða fleiri tegundir | 3,0% | 1,5% | 1,7% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Engin fjárhagsaðstoð | 72,7% | 88,0% | 85,4% | N = 4808 |
| Ein tegund | 24,2% | 10,3% | 12,7% | |
| Tvær eða fleiri tegundir | 3,1% | 1,6% | 1,9% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Engin fjárhagsaðstoð | 75,0% | 90,5% | 88,6% | N = 3781 |
| Ein tegund | 22,6% | 8,3% | 10,0% | |
| Tvær eða fleiri tegundir | 2,4% | 1,2% | 1,4% | |

Tafla 59 sýnir að hlutfallslega fleiri í hópi ungs fólks hafa þegið eina (23,4%) eða tvær eða fleiri (3%) gerðir fjárhagsaðstoðar en þeir sem eldri eru (9,4% og 1,5%). Að sama skapi hafa hlutfallslega fleiri í eldri hópnum (89,1%) en þeim yngri (73,5%) ekki þegið neina fjárhagsaðstoð af því tagi sem spurt var um. Taflan sýnir að munurinn er tölfræðilega marktækur og helst aldurmunurinn tölfræðilega marktækur bæði meðal kvenna og karla.

Tafla 60. Efnislegur skortur eftir aldri og kyni

| | | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | N | p |
|--|--------|--------------------|-----------|---------|------|---------|
| Vanskil á leigu/lánnum | Allir | 6,5% | 5,9% | 6,0% | 8603 | 0,418 |
| | Konur | 6,6% | 6,0% | 6,1% | 4781 | 0,536 |
| | Karlar | 6,5% | 5,8% | 5,9% | 3778 | 0,566 |
| Ekki árlegt frí með fjölskyldu | Allir | 26,9% | 14,7% | 16,5% | 8603 | 0,000** |
| | Konur | 27,7% | 17,5% | 19,2% | 4780 | 0,000** |
| | Karlar | 25,0% | 11,2% | 12,9% | 3777 | 0,000** |
| Ekki efni á kjötmáltíð annan hvern dag | Allir | 9,3% | 3,8% | 4,6% | 8601 | 0,000** |
| | Konur | 9,3% | 4,5% | 5,3% | 4780 | 0,000** |
| | Karlar | 8,7% | 2,9% | 3,6% | 3777 | 0,000** |
| Geta ekki mætt óvæntum útgjöldum | Allir | 27,8% | 20,9% | 21,9% | 8601 | 0,000** |
| | Konur | 27,5% | 24,3% | 24,8% | 4781 | 0,061 |
| | Karlar | 28,0% | 16,0% | 18,0% | 3777 | 0,000** |
| Ekki efni á síma | Allir | 3,6% | 0,5% | 1,0% | 8602 | 0,000** |
| | Konur | 3,0% | 0,7% | 1,1% | 4780 | 0,000** |
| | Karlar | 4,3% | 0,4% | 0,8% | 3778 | 0,000** |
| Ekki efni á sjónvarpstæki | Allir | 5,7% | 1,9% | 2,5% | 8603 | 0,000** |
| | Konur | 4,7% | 2,2% | 2,6% | 4780 | 0,000** |
| | Karlar | 7,2% | 1,6% | 2,2% | 3778 | 0,000** |
| Ekki efni á þvottavél | Allir | 6,1% | 1,6% | 2,3% | 8601 | 0,000** |
| | Konur | 4,9% | 1,8% | 2,3% | 4779 | 0,000** |
| | Karlar | 8,5% | 1,4% | 2,2% | 3778 | 0,000** |
| Ekki efni á bíl | Allir | 13,9% | 5,6% | 6,8% | 8602 | 0,000** |
| | Konur | 12,4% | 6,6% | 7,6% | 4781 | 0,000** |
| | Karlar | 16,1% | 4,2% | 5,7% | 3777 | 0,000** |
| Ekki nægileg upphitun | Allir | 0,8% | 0,9% | 0,8% | 8603 | 0,791 |
| | Konur | 0,7% | 1,2% | 1,1% | 4779 | 0,306 |
| | Karlar | 0,9% | 0,5% | 0,5% | 3777 | 0,832 |

Niðurstöður um efnislegan skort eftir aldri eru birtar í töflu 60. Þær sýna tölfræðilega marktækan mun á milli ungs fólks og þeirra sem eldri eru í sjö af þeim níu efnislegum þáttum sem mældir voru og að í öllum hallaði á unga fólkið. Það var þannig hlutfallslega fleira ungt fólk en eldra sem gat ekki mætt óvæntum útgjöldum (27,8% á móti 20,9%) og sem hafði ekki efni á árlegu fríi með fjölskyldunni (26,9% á móti 14,7%), á kjöt-, fisk- eða sambærilegri grænmetismáltíð annan hvern dag (9,3% á móti 3,8%), á síma (3,6% á móti 0,5%), á sjónvarpstæki (5,7% á móti 1,9%), á þvottavél (6,1% á móti 1,6%) á bíl (13,9% á móti 5,6%)

og/eða á nægri upphitun (0,9% á móti 0,8%). Tölfræðilega marktæki aldursmunurinn helst í þessum sjö þáttum meðal karla og í sex af sjö meðal kvenna. Hjá konunum mælist ekki marktækur aldursmunur á því að geta ekki mætt óvæntum útgjöldum. Hlutfallslega jafn margt yngra fólk og eldra var hins vegar í vanskilum á leigu eða lánnum síðastliðna 12 mánuði og/eða hafði ekki efni á nægilegri upphitun og á það við í hópi kvenna jafn sem karla.

Tafla 61. Fjöldi þátta sem efnislegur skortur er á eftir aldri og kyni

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | p |
|------------------|-----------------|-----------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Enginn | 53,7% | 71,1% | 68,5% | N = 8603 |
| Einn | 20,8% | 14,6% | 15,5% | |
| Tveir | 10,8% | 7,2% | 7,8% | |
| Þrjár eða fleiri | 14,7% | 7,1% | 8,2% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Enginn | 52,2% | 66,8% | 64,3% | N = 4781 |
| Einn | 24,0% | 16,3% | 17,6% | |
| Tveir | 10,6% | 8,4% | 8,7% | |
| Þrjár eða fleiri | 13,3% | 8,6% | 9,4% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Enginn | 57,2% | 76,3% | 74,0% | N = 3878 |
| Einn | 14,8% | 12,6% | 12,8% | |
| Tveir | 11,3% | 5,9% | 6,5% | |
| Þrjár eða fleiri | 16,7% | 5,2% | 6,6% | |

Í töflu 61 er sýnt hversu marga af þeim efnislegu þáttum sem mældir voru í töflu 60 hver svarandi hefur ekki efni á eftir aldri. Tafla 61 sýnir að mun fleiri í eldri aldurshópnum (71,1%) en þeim yngri (53,7%) þurfa ekki að neita sér um neinn þeirra efnislegu þátta sem mældir voru. Að sama skapi þarf fleira ungt fólk en eldra að neita sér um einn (20,8% á móti 14,6%), tvo (10,8% á móti 7,2%) eða þrjár eða fleiri (14,7 á móti 7,1%) efnislega þætti. Munurinn er tölfræðilega marktækur. Tölfræðilega marktæki aldursmunurinn á efnislega skortinum helst hvort tveggja meðal kvenna og karla og sýnir taflan að hlutfallslega fæstir í hópi karla sem náð hafa þrítugsaldri hafa ekki efni á þremur eða fleiri efnislegum þáttum (5,2%) og að sama skapi að hlutfallslega flestir í þeirra hópi hafa efni á öllum þáttunum sem spurt var um (76,3%). Samkvæmt skilgreiningu búa þau sem ekki hafa efni á þremur eða fleiri efnislegum þáttum sem mældir voru á skalanum við efnislegan skort.

Tafla 62. Tveggja vikna sumarfrí í a.m.k. tvær vikur sl. fimm ár eftir aldri og kyni

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | p |
|------------------------|-----------------|-----------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Aldrei eða einu sinni | 49,1% | 19,3% | 23,7% | N = 8656 |
| Tvisvar eða þrisvar | 33,6% | 22,0% | 23,7% | |
| Fjórum eða fimm sinnum | 13,8% | 39,5% | 35,7% | |
| Oftar en fimm sinnum | 3,5% | 19,1% | 16,9% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Aldrei eða einu sinni | 49,1% | 19,0% | 24,1% | N = 4819 |
| Tvisvar eða þrisvar | 35,6% | 20,4% | 22,9% | |
| Fjórum eða fimm sinnum | 10,9% | 40,7% | 35,7% | |
| Oftar en fimm sinnum | 4,4% | 19,9% | 17,3% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Aldrei eða einu sinni | 49,3% | 19,5% | 23,1% | N = 3792 |
| Tvisvar eða þrisvar | 29,6% | 24,0% | 24,7% | |
| Fjórum eða fimm sinnum | 18,9% | 38,3% | 35,9% | |
| Oftar en fimm sinnum | 2,2% | 18,2% | 16,3% | |

Hlutfallslega fleira ungt fólk en eldra hefur aldrei eða einu sinni (49,1% á móti 19,3%) eða tvisvar eða þrisvar sinnum (33,6% á móti 22%) tekið það langt frí einu sinni á ári á síðustu fimm árum. Hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum en þeim yngri hafa hins vegar farið fjórum eða fimm sinnum (39,9% á móti 13,8%) eða oftar en fimm sinnum (19,1% á móti 3,5%) í svo langt frí á tímabilinu. Í öllum tilfellum er um marktækan mun að ræða.

Aldursmunurinn helst bæði í hópi kvenna og karla. Með öðrum orðum þá er ungt fólk líklegra en þeir sem eldri eru til þess að hafa sjaldan eða aldrei farið í langt sumarfrí á síðustu árum og er sá aldursmunur óháður kyni.

Tafla 63. Staða á húsnæðismarkaði eftir aldri og kyni

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | P |
|---------------------------------|-----------------|-----------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 32,7% | 77,7% | 71,1% | N = 8678 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 28,1% | 14,9% | 16,8% | |
| Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum | 7,9% | 3,3% | 4,0% | |
| Hjá ættingjum/vinum | 30,4% | 2,7% | 6,8% | |
| Annað | 0,9% | 1,3% | 1,3% | |
| Konur | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 34,4% | 78,8% | 71,3% | N = 4846 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 26,3% | 14,3% | 16,3% | |
| Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum | 8,0% | 3,3% | 4,1% | |
| Hjá ættingjum/vinum | 30,1% | 2,7% | 7,3% | |
| Annað | 1,2% | 0,9% | 1,0% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Eigið húsnæði | 30,1% | 76,6% | 70,9% | N = 3819 |
| Leiguhúsnæði á almennum markaði | 31,0% | 15,6% | 17,5% | |
| Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum | 7,6% | 3,3% | 3,8% | |
| Hjá ættingjum/vinum | 31,0% | 2,7% | 6,1% | |
| Annað | 0,4% | 1,8% | 1,6% | |

Mikill munur er á stöðu á húsnæðismarkaði eftir aldri og er munurinn tölfræðilega marktækur. Tæpur þriðjungur ungs fólks býr hjá ættingjum eða vinum en það gera 2,7% í eldri aldurshópnum. Hlutfallslega fleira ungt fólk en eldra býr í leiguhúsnæði, 28,1% á móti 14,9% á almennum markaði og 7,9% á móti 3,3% hjá leigusamtökum. Einungis tæpur þriðjungur ungs fólks býr í eigin húsnæði en það gera ríflega þrjár fjórðu hlutar í eldri aldurshópnum. Aldursmunurinn á húsnæðisstöðunni mælist hvort tveggja meðal kvenna og karla.

3.4.2.1 Fjárhagsstaða ungs fólks – samantekt

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að fjárhagsstaða ungs fólks innan ASÍ og BSRB er nokkuð önnur en fjárhagsstaða þeirra sem eldri eru. Margt ungt fólk er að einhverju leyti upp á foreldra og/eða aðra nákomna komið. Þannig hefur nærri fjórðungur ungs fólks þegið fjárhagsaðstoð frá ættingjum eða vinum en hlutfallið er 8,4% hjá þeim sem eldri eru. Tæpur þriðjungur ungs fólks býr hjá foreldum eða öðrum nákomnum en það gera einungis 2,7% í eldri aldurshópnum. Niðurstöðurnar benda líka til þess að ungt fólk hafi minna á milli handanna en þeir eldri. Þannig hefur hlutfallslega fleira ungt fólk en eldra þegið mataraðstoð og/eða fjárhagsaðstoð frá hjálparsamtökum eða sveitafélagi og hlutfallslega fleira ungt fólk en eldra hafði ekki efni á að

minnsta kosti þremur af þeim níu efnislegu þáttum sem spurt var um. Þeir sem hafa ekki efni á svo mörgum efnislegum þáttum hafa verið skilgreindir þannig að þeir búi við efnislegan skort. Þá býr einungis tæpur þriðjungur ungs fólks í eigin húsnæði en ríflega þrír fjórðu hlutar í eldri aldurshópnum. Mun fleira ungt fólk en eldra er á leigumarkaði. Engu að síður sýna niðurstöðurnar hvorki aldursmun á því að eiga auðvelt eða erfitt með að ná endum saman né á því að hafa verið í vanskilum á leigu eða lánnum síðasta árið. Væntanlega vegna þess að margt ungt fólk hefur ekki stofnað til slíkra fjárhagsskuldbindinga eða að foreldrar eða aðrir nákomnir hlaupa undir bagga þegar á þarf að halda. Í sumum tilfellum getur líka verið að nákomnir kaupi eða láni unga fólkinu hluti sem það hefur ekki efni á sjálft, s.s. síma, þvottavél eða bíl. Þó verður að hafa í huga að ekki allt ungt fólk á fjársterka að sem geta hlaupið undir bagga með þeim. Meðal annars má vænta að það eigi við marga unga innflytjendur en niðurstöður rannsóknarinnar sýna líka að meðal innflytjenda er ungt fólk hlutfallslega fjölmennara en það eldra. Greining á aldursmuninum á fjárhagsstöðunni eftir kyni staðfestir síðan að munurinn er í öllum meginráttum óháður kyni og hvort tveggja að ungar konur eru verr settar en eldri konur og að ungir karlar eru verr settir en eldri karlar.

3.4.2.2 Financial situation of young people – Summary

The survey results show that the financial situation of young people within ASÍ and BSRB is significantly different from the financial situation of those in other age groups, and that many young people are somewhat financially dependent on their parents and/or other close relatives. Nearly one out of four young people received financial support from relatives or friends, compared to 8.4% of older individuals, and a little under a third of young people live with their parents or other close relatives, compared to only 2.7% of older individuals. The results also indicate that young people have less money than older individuals. A higher proportion of young people have received food aid and/or financial support from aid organisations or municipalities, compared to older individuals, and a higher proportion of young people were not able to afford at least three out of the nine material items asked about. People who cannot afford at least three out of the material items have been defined as living with material deprivation. Only a third of young people are home-owners, compared to more than three out of four of older individuals, and young people are far more likely to live in rental housing, or 43% compared to 11%. However, the results do not indicate a difference between the age-groups in whether people struggle to make ends meet or if they have been unable to pay rent or loans in the last year. Presumably, that is because many young people have not yet established such financial responsibilities, or that parents or other close relatives are able to

help out when needed. It can also be presumed that in some cases relatives buy or lend young people things they are not able to afford, such as a phone, a washing machine or a car. However, we must keep in mind that not all young people have well-off relatives. Presumably, many young immigrants do not enjoy that kind of a safety-net, and the results show that there are proportionately more young immigrants than older. A comparison of the financial status of different age-groups by gender shows that the difference is generally independent of gender, and that young women are worse off than older women, and young men are worse off than older men.

3.4.3 Heilsufar ungs fólks

Þeir heilsufarstengdu þættir sem notaðir voru til að meta aldursmun á heilsufari voru slæmt andlegt heilsufar, slæmt líkamlegt heilsufar, þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á síðastliðnum sex mánuðum og það að hafa neitað sér um heilbrigðisþjónustu af einhverju tagi á sama tímabili. Hér á eftir eru þessir þættir greindir eftir aldri og kyni.

Tafla 64. Heilsufar eftir aldri og kyni

| Einkenni | | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | N | P |
|--|--------|--------------------|-----------|---------|------|---------|
| Slæm andleg heilsa samkvæmt PHQ-9 skalanum | Allir | 41,6% | 21,4% | 24,4% | 8662 | 0,000** |
| | Konur | 46,9% | 23,8% | 27,7% | 4834 | 0,000** |
| | Karlar | 32,7% | 18,5% | 20,2% | 3778 | 0,000** |
| Slæmt líkamlegt heilsufar | Allir | 12,4% | 14,0% | 13,7% | 8677 | 0,332 |
| | Konur | 13,8% | 15,6% | 15,3% | 4836 | 0,414 |
| | Karlar | 9,8% | 11,8% | 11,5% | 3797 | 0,464 |
| Þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á síðastliðnum sex mánuðum | Allir | 55,3% | 58,3% | 57,9% | 8681 | 0,045* |
| | Konur | 63,8% | 62,2% | 62,2% | 4831 | 0,401 |
| | Karlar | 40,0% | 53,5% | 51,9% | 3802 | 0,000** |
| Neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu á síðastliðnum sex mánuðum | Allir | 58,9% | 33,8% | 37,3% | 4994 | 0,000** |
| | Konur | 60,9% | 35,0% | 39,4% | 3003 | 0,000** |
| | Karlar | 52,7% | 31,9% | 33,9% | 1960 | 0,000** |

Í töflu 65 eru birtar niðurstöður á heilsufari eftir aldri. Taflan sýnir mismunandi niðurstöður eftir þeim heilsufarsþáttum sem mældir voru. Andleg heilsa var mæld á PHQ-9 og sýna niðurstöðurnar að ungt fólk býr við mun verri andlega heilsu en fólk í eldri aldurshópnum. Andleg heilsa 41,6% ungs fólks telst þannig slæm en hlutfallið er 21,4% hjá þeim sem eldri eru. Aldursmunurinn er tölfræðilega marktækur og helst marktæknin eftir aldri bæði meðal kvenna og karla. Ungar konur eru sá hópur sem býr við verstu andlegu heilsuna en tæplega

helmingur þeirra býr við slæma andlega heilsu. Þá hefur hlutfallslega fleira ungt fólk en eldra neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði, eða 58,9% ungs fólks en 32,8% í eldri aldurshópnum. Aldursmunurinn er tölfræðilega marktækur og helst bæði marktækur meðal kvenna og karla. Niðurstöðurnar sýna hins vegar ekki tölfræðilega marktækan aldursmun á líkamlegu heilsufari og á það bæði við meðal kvenna og meðal karla. Auk þess sýna niðurstöðurnar að heldur herra hlutfall í eldri aldurshópnum en þeim yngri hefur haft þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á síðastliðnum sex mánuðum, eða 58,3% á móti 55,3%. Sá aldursmunur mælist tölfræðilega marktækur og helst marktæknin í hópi karla (53,5% á móti 40%) en hverfur hins vegar í hópi kvenna.

3.4.3.1 Heilsufar ungmenna - samantekt

Niðurstöðurnar þar sem heilsufar og aldur er skoðaður sýna að munur er á heilsu yngra og eldra fólks. Hvað andlega heilsu varðar leiða þær í ljós að heilsa ungs sem tilheyrir aðildarfélögum ASÍ og BRSB er marktækt verri en heilsa en eldri félaga. Andleg heilsa 41,6% ungs fólks er slæm en 21,4% í eldri aldurshópnum. Aldursmunurinn á andlegu heilsunni er óháður kyni. Engin aldursmunur mælist hins vegar á líkamlegu heilsufari og á það við hjá báðum kynjum. Heldur herra hlutfall í eldri aldurshópnum en ungs fólks hefur hins vegar haft þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á síðastliðnum sex mánuðum en það á þó fyrst og fremst við meðal karla. Þá er ungt félagsfólk innan ASÍ og BSRB mun líklegra en það eldra til að hafa neitað sé um einhverja heilbrigðisþjónustu síðastliðna sex mánuði og á það við um bæði kynin. Samtals 59% ungs fólks sögðust hafa neitað sér um einhverja heilbrigðisþjónustu á tímabilinu.

3.4.3.2 Health of young people – Summary

The results show a difference between young people and older individuals when it comes to state of health. When it comes to mental health, the results show a significantly poorer mental state of health among young members of ASÍ and BSRB than among older members. 41.6% of young people report poor mental health, compared to 21.4% of older individuals. The difference in mental health is independent of gender. The results show no difference in physical health between the age-groups, and that applies to both women and men. A somewhat bigger proportion of the older-age groups have needed health care services in the last six months, compared to young people, especially among men. Young members within ASÍ and BSRB are far more likely than older members to have denied themselves some health care service in the last six months, and that applies to both women and men. A total of 59% of young people said they denied themselves some health care service in the period.

3.4.4 Staða ungs fólks á vinnumarkaði

Staða ungs fólks á vinnumarkaði var metin með tvennum hætti. Annar vegar var munur eftir aldri skoðaður hvað varðar þátttöku í launaðri vinnu, að vera á uppsagnarfresti, á atvinnuleysisbótum og að hafa nýtt hlutabótaleiðina og þá hvort starfshlutfall í hlutabótaleið hafi verið í samræmi við þá vinnu sem innt var af hendi. Hins vegar er aldursmunurinn skoðaður í nokkrum spurningum sem þeir svarendur sem merktu við að þeir væru atvinnulausir voru beðnir um að svara. Hér á eftir eru þessir þættir greindir eftir aldri og kyni.

Tafla 65. Staða á vinnumarkaði eftir aldri og kyni

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | p |
|--------------------------|-----------------|-----------|---------|----------|
| Allir | | | | |
| <i>Vinnumarkaðsstaða</i> | | | | 0,000** |
| Í launaðri vinnu | 71,5% | 80,0% | 78,8% | N = 8648 |
| Á uppsagnarfresti | 1,3% | 1,5% | 1,5% | |
| Atvinnulaus | 12,7% | 9,7% | 10,2% | |
| Önnur staða | 14,4% | 8,7% | 9,6% | |
| <i>Hlutabótaleið</i> | | | | 0,056 |
| Já, nýtt hlutabótaleið | 23,7% | 21,2% | 21,6% | N = 8605 |
| Konur | | | | |
| <i>Vinnumarkaðsstaða</i> | | | | 0,000** |
| Í launaðri vinnu | 70,4% | 80,3% | 78,7% | N = 4809 |
| Á uppsagnarfresti | 1,1% | 1,5% | 1,5% | |
| Atvinnulaus | 12,3% | 10,0% | 10,4% | |
| Önnur staða | 16,2% | 8,2% | 9,5% | |
| <i>Hlutabótaleið</i> | | | | 0,226 |
| Já, nýtt hlutabótaleið | 23,5% | 21,5% | 21,9% | N = 4809 |
| Karlar | | | | |
| <i>Vinnumarkaðsstaða</i> | | | | 0,010** |
| Í launaðri vinnu | 73,4% | 79,7% | 78,9% | N = 3792 |
| Á uppsagnarfresti | 1,5% | 1,6% | 1,6% | |
| Atvinnulaus | 13,8% | 9,5% | 10,0% | |
| Önnur staða | 11,4% | 9,3% | 9,5% | |
| <i>Hlutabótaleið</i> | | | | 0,135 |
| Já, nýtt hlutabótaleið | 23,9% | 20,9% | 21,3% | N = 3796 |

Tafla 66 sýnir marktækan aldursmun á vinnumarkaðsstöðu félagsfólks aðildarfélaganna ASÍ og BSRB. Atvinnuleysi er algengara hjá ungu fólki en þeim sem eldri eru (12,7% á móti 9,7%) og hlutfallslega færri ungt fólk en eldra er í launaðri vinnu (71,5% á móti 80%). Nánast jafn hlutur

ungs fólks og þess eldra er hins vegar á uppsagnarfresti (1,3% á móti 1,5%). Að auki fellur fleira ungt fólk en eldra í flokkinn önnur staða á vinnumarkaði (14,4% á móti 8,7%) og má leiða líkum að því að ástæðan sé sú að hluti unga fólksins sem svaraði könnuninni líti á sig sem nema frekar en launafólk þrátt fyrir að það vinni með skóla og/eða á sumrin og greiði í aðildarfélag ASÍ eða BSRB. Þessi aldursmunur á vinnumarkaðstöðunni mælist hvort tveggja marktækur meðal kvenna og karla og er þannig óháður kyni. Taflan sýnir hins vegar ekki marktækan aldursmun á að hafa nýtt hlutabótaleiðina og á það einnig við um bæði kynin.

Svarendur sem sögðust hafa nýtt hlutabótaleiðina voru spurðir að því hvort minnkað starfshlutfall hafi verið í samræmi við þá vinnu sem innt var af hendi á meðan úrræðið var nýtt. Hér á eftir eru þessir þættir greindir eftir aldri og kyni.

Tafla 66. Starfshlutfall í hlutabótaleið í samræmi við vinnu sem innt var af hendi eftir aldri og kyni

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | p |
|-----------------|-----------------|-----------|---------|----------|
| Allir | | | | 0,107 |
| Já | 69,8% | 72,7% | 72,3% | N = 1824 |
| Nei, vann meira | 16,9% | 18,1% | 17,9% | |
| Nei, vann minna | 13,2% | 9,2% | 9,9% | |
| Konur | | | | 0,161 |
| Já | 71,2% | 73,0% | 72,7% | N = 1015 |
| Nei, vann meira | 14,7% | 17,3% | 16,8% | |
| Nei, vann minna | 14,1% | 9,6% | 10,4% | |
| Karlar | | | | 0,714 |
| Já | 69,4% | 72,4% | 72,0% | N = 800 |
| Nei, vann meira | 19,4% | 18,8% | 18,9% | |
| Nei, vann minna | 11,1% | 8,8% | 9,1% | |

Tafla 67 sýnir niðurstöður eftir aldri um hvort starfshlutfall í hlutabótaleið hafi verið í samræmi við þá vinnu sem innt var af hendi og er ekki um tölfræðilega marktækan mun að ræða og á það bæði við hjá konum og hjá körlum.

3.4.4.1 Staða atvinnulauss ungs fólks

Svarendur sem merktu við að þeir væru atvinnulausir voru beðnir um að svara spurningum um lengd atvinnuleysisins, hvort þeir hafi verið atvinnulausir áður, íhugað að flytja eða fara í nám í kjölfar atvinnuleysisins, leitað að starfi síðustu tvær vikurnar, hafnað starfi síðasta mánuðinn og hvort þeir væru tilbúnir til að ráða sig í annars konar starf en þeir voru í og/eða í starf á öðru atvinnusvæði. Þá voru þeir spurðir hvernig líkamleg heilsa þeirra og vinnuálag hefði verið fyrir

atvinnuleysið og hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með þjónustu Vinnumálastofnunar. Hér á eftir eru þessir þættir greindir eftir aldri og kyni.

Tafla 67. Lengd atvinnuleysis eftir aldri og kyni

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | p |
|------------------|-----------------|-----------|---------|---------|
| Allir | | | | |
| 0-3 mánuðir | 39,6% | 29,6% | 31,2% | 0,081 |
| 3-6 mánuðir | 21,9% | 27,0% | 26,2% | N = 603 |
| 6-9 mánuðir | 14,6% | 16,8% | 16,4% | |
| 9-12 mánuðir | 15,6% | 10,8% | 11,6% | |
| Meira en eitt ár | 8,3% | 15,8% | 14,6% | |
| Konur | | | | |
| 0-3 mánuðir | 41,8% | 31,7% | 33,3% | 0,231 |
| 3-6 mánuðir | 25,5% | 29,4% | 28,7% | N = 348 |
| 6-9 mánuðir | 5,5% | 15,0% | 13,5% | |
| 9-12 mánuðir | 14,5% | 10,2% | 10,9% | |
| Meira en eitt ár | 12,7% | 13,7% | 13,5% | |
| Karlar | | | | |
| 0-3 mánuðir | 37,2% | 26,8% | 28,5% | 0,067 |
| 3-6 mánuðir | 18,6% | 23,5% | 22,7% | N = 256 |
| 6-9 mánuðir | 25,6% | 19,2% | 20,3% | |
| 9-12 mánuðir | 16,3% | 12,2% | 12,9% | |
| Meira en eitt ár | 2,3% | 18,3% | 15,6% | |

Tafla 68 sýnir að hvorki er um tölfraðilega marktækan mun að ræða á lengd atvinnuleysis eftir aldri né kyni.

Tafla 68. Verið atvinnulaus áður eftir aldri og kyni

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | p |
|---------------|-----------------|-----------|---------|---------|
| Allir | | | | |
| Já | 32,9% | 45,4% | 43,2% | 0,000** |
| Nei | 67,1% | 54,6% | 56,8% | N = 864 |
| Konur | | | | |
| Já | 26,4% | 47,1% | 43,2% | 0,000** |
| Nei | 73,6% | 52,9% | 56,8% | N = 482 |
| Karlar | | | | |
| Já | 41,3% | 43,4% | 43,0% | 0,760 |
| Nei | 58,7% | 56,6% | 57,0% | N = 379 |

Marktækur aldursmunur mælist á því að hafa verið atvinnulaus áður eins og tafla 69 sýnir. Hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum (45,4%) en í þeim yngri (32,9%) hafa áður upplifað það að vera án atvinnu. Þegar gögnin eru greind eftir kyni hverfur marktæki aldursmunurinn hins vegar hjá körlum en helst hjá konum, 47,1% kvenna í eldri aldurshópnum hefur áður upplifað atvinnuleysi en það á við um 26,4% þeirra yngri.

Tafla 69. Virkni og sveigjanleiki atvinnulausra eftir aldri og kyni

| | | Yngri en 30–69 ára 30 ára | Samtals | N | P | |
|--|--------|------------------------------|---------|-------|-----|---------|
| Leitað að starfi síðustu tvær vikur | Allir | 90,7% | 87,3% | 87,9% | 851 | 0,239 |
| | Konur | 86,5% | 84,5% | 84,9% | 476 | 0,631 |
| | Karlar | 96,0% | 90,4% | 91,5% | 375 | 0,095 |
| Ekki hafnað starfi síðastliðinn mánuð | Allir | 96,0% | 96,0% | 96,0% | 855 | 0,998 |
| | Konur | 95,5% | 96,9% | 96,7% | 478 | 0,489 |
| | Karlar | 96,8% | 94,9% | 95,2% | 375 | 0,508 |
| Íhugað að flytja | Allir | 57,2% | 42,9% | 45,5% | 872 | 0,001** |
| | Konur | 54,2% | 35,4% | 39,0% | 492 | 0,001** |
| | Karlar | 63,5% | 52,2% | 54,1% | 379 | 0,101 |
| Íhugað að fara í nám | Allir | 75,3% | 63,8% | 65,8% | 855 | 0,006** |
| | Konur | 79,1% | 67,5% | 69,7% | 482 | 0,030* |
| | Karlar | 68,8% | 59,1% | 60,8% | 372 | 0,150 |
| Tilbúin(n) að breyta til ef tækifæri gefst | Allir | 95,0% | 91,9% | 92,4% | 872 | 0,181 |
| | Konur | 95,8% | 89,4% | 90,7% | 492 | 0,052 |
| | Karlar | 93,8% | 94,9% | 94,7% | 380 | 0,698 |

Í töflu 70 eru birtar niðurstöður greindar eftir aldri á þáttum tengdum virkni og sveigjanleika atvinnuleitenda. Ekki er aldursmunur varðandi virki í atvinnuleitinni og er sambærilegt hlutfall ungs fólks og eldra sem hefur leitað að starfi síðustu tvær vikur og/eða ekki hafnað starfi síðastliðinn mánuð og á það við hjá bæði körlum og konum. Ungt fólk er hins vegar sveigjanlegra í atvinnuleitinni en þeir sem eldri að því leyti að fleiri í þeirra hópi hafa íhugað að flytja (57,2% á móti 42,9%) eða fara í nám (75,3% á móti 63,8%) í kjölfar atvinnumissisins. Aldursmunurinn á þessum sveigjanleika er tölfræðilega marktækur en helst hins vegar eingöngu meðal kvenna þegar gögnin eru greind eftir kyni. Hlutfallslega fleiri ungar konur en eldri hafa þannig íhugað að flytja (54,2% á móti 35,4%) og að fara í nám (79,1% á móti 67,1%) en hlutfallið hjá körlum er svipað í báðum aldursflokkum. Það mælist hins vegar ekki tölfræðilega marktækur aldursmunur á því að vera tilbúin(n) að breyta til og ráða sig í öðruvísi

starf en viðkomandi var í eða í starf á öðru atvinnusvæði og á það bæði við meðal kvenna og karla.

Tafla 70. Líkamlegt heilsufar fyrir atvinnuleysi eftir aldri og kyni

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | p |
|----------------------|-----------------|-----------|---------|---------|
| Allir | | | | |
| Gott | 85,4% | 72,4% | 74,7% | 0,004** |
| Hvorki gott né slæmt | 11,1% | 19,2% | 17,8% | N = 830 |
| Slæmt | 3,5% | 8,3% | 7,5% | |
| Konur | | | | |
| Gott | 94,2% | 70,9% | 75,2% | 0,000* |
| Hvorki gott né slæmt | 1,2% | 21,3% | 17,6% | N = 467 |
| Slæmt | 4,7% | 7,9% | 7,3% | |
| Karlar | | | | |
| Gott | 72,4% | 74,3% | 74,0% | 0,065 |
| Hvorki gott né slæmt | 25,9% | 16,8% | 18,2% | N = 362 |
| Slæmt | 1,7% | 8,9% | 7,7% | |

Tafla 71 sýnir tölfræðilegan marktækan mun eftir aldri á mati atvinnulausra á líkamlegu heilsufari fyrir atvinnuleysi. Hlutfallslega fleira ungt fólk telur að líkamlegt heilsufar hafi verið gott fyrir atvinnuleysið (85,4% á móti 72,4%) en hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum að það hafi hvorki verið gott né slæmt (19,2% á móti 11,1%) eða að það hafi verið slæmt (8,3% á móti 3,5%). Aldursmunurinn helst meðal kvenna en hverfur hins vegar hjá körlum þegar hann er greindur eftir kyni. Hlutfallslega fleiri ungar konur telja að líkamlegt heilsufar hafi verið gott fyrir atvinnuleysið (94,2% á móti 70,9%) en hlutfallslega fleiri konur í eldri aldurshópnum að það hafi hvorki verið gott né slæmt (21,32% á móti 1,2%) eða að það hafi verið slæmt (7,9% á móti 4,7%).

Tafla 71. Vinnuálag fyrir atvinnuleysi eftir aldri og kyni

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | p |
|-----------------------|-----------------|-----------|---------|---------|
| Allir | | | | |
| Mjög eða frekar mikið | 59,4% | 69,3% | 67,6% | 0,045* |
| Hóflegt | 33,6% | 26,7% | 27,9% | N = 831 |
| Frekar eða mjög lítið | 7,0% | 3,9% | 4,5% | |
| Konur | | | | |
| Gott | 59,3% | 66,8% | 65,5% | 0,281 |
| Hvorki gott né slæmt | 34,9% | 30,0% | 30,9% | N = 469 |
| Slæmt | 5,8% | 3,1% | 3,6% | |
| Karlar | | | | |
| Gott | 59,6% | 72,3% | 70,3% | 0,143 |
| Hvorki gott né slæmt | 31,6% | 22,8% | 24,2% | N = 360 |
| Slæmt | 8,8% | 5,0% | 5,6% | |

Tafla 72 sýnir tölfræðilega marktækan mun eftir aldri á vinnuálagi fyrir atvinnumissinn. Hlutfallslega fleira ungt fólk en eldra bjó annaðhvort við hóflegt (33,6% á móti 26,7%) eða við frekar eða mjög lítið vinnuálag (7% á móti 3,9%) áður en það missti vinnuna. Að sama skapi bjuggu þá hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum en þeim yngri við mjög eða frekar mikið vinnuálag (69,3% á móti 59,4%). Aldursmunur á vinnuálagi fyrir atvinnumissinn mælist hins vegar ekki marktækur þegar hann er greindur eftir kyni.

Tafla 72. Ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þjónustu Vinnuálagstofnunar við atvinnulausa eftir aldri og kyni

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | p |
|----------------------------|-----------------|-----------|---------|---------|
| Allir | | | | 0,168 |
| Mjög eða frekar ánægðir | 52,5% | 45,4% | 46,6% | N = 824 |
| Hvorki ánægðir né óánægðir | 27,0% | 35,0% | 33,6% | |
| Frekar eða mjög óánægðir | 20,6% | 19,6% | 19,8% | |
| Konur | | | | 0,011* |
| Mjög eða frekar ánægðar | 63,9% | 46,0% | 49,2% | N = 459 |
| Hvorki ánægðar né óánægðar | 22,9% | 37,8% | 35,1% | |
| Frekar eða mjög óánægðar | 13,3% | 16,2% | 15,7% | |
| Karlar | | | | 0,480 |
| Mjög eða frekar ánægðir | 36,8% | 44,7% | 43,5% | N = 361 |
| Hvorki ánægðir né óánægðir | 33,3% | 31,6% | 31,9% | |
| Frekar eða mjög óánægðir | 29,8% | 23,7% | 24,7% | |

Í töflu 73 eru birtar niðurstöður um viðhorf atvinnulausra til þjónustu Vinnumálastofnunar eftir aldri. Sá litli aldursmunur sem er á ánægjunni eða óánægjunni er ekki tölfræðilega marktækur og á það einnig við meðal karla. Meðal kvenna mælist hins vegar marktækur munur á ánægjunni og eru hlutfallslega fleiri ungar konur ánægðar (63,9% á móti 46%) en hlutfallslega fleiri konur í eldri aldurshópnum hvorki ánægðar né óánægðar (37,8% á móti 22,9%) eða frekar eða mjög óánægðar (16,2% á móti 13,3%) með þjónustu stofnunarinnar.

Tafla 73. Ánægð(ur) eða óánægð(ur) með þjónustu stéttarfélagsins við atvinnulausa eftir aldri og kyni

| | Yngri en 30 ára | 30–69 ára | Samtals | P |
|----------------------------|-----------------|-----------|---------|---------|
| Allir | | | | 0,037* |
| Mjög eða frekar ánægðir | 36,4% | 47,4% | 45,5% | N = 822 |
| Hvorki ánægðir né óánægðir | 47,6% | 41,4% | 42,5% | |
| Frekar eða mjög óánægðir | 16,1% | 11,2% | 12,0% | |
| Konur | | | | 0,395 |
| Mjög eða frekar ánægðar | 46,0% | 47,5% | 47,2% | N = 462 |
| Hvorki ánægðar né óánægðar | 48,3% | 42,7% | 43,7% | |
| Frekar eða mjög óánægðar | 5,7% | 9,9% | 9,1% | |
| Karlar | | | | 0,000** |
| Mjög eða frekar ánægðir | 22,4% | 47,4% | 43,4% | N = 362 |
| Hvorki ánægðir né óánægðir | 46,6% | 39,8% | 40,9% | |
| Frekar eða mjög óánægðir | 31,0% | 12,8% | 15,7% | |

Tafla 74 sýnir að hlutfallslega fleiri í eldri aldurshópnum eru mjög eða frekar ánægðir með þjónustuna (47,4% á móti 36,4%) en hlutfallslega fleira ungt fólk er hins vegar hvorki ánægt né óánægt (47,6% á móti 41,4%) eða frekar eða mjög óánægt með þjónustu stéttarfélags síns við atvinnulausa (16,1% á móti 11,2%). Munurinn er tölfræðilega marktækur. Þegar aldursmunurinn er greindur eftir kyni hverfur hann meðal kvenna en helst meðal karla. Hlutfallslega fleiri karlar í eldri aldurshópnum eru mjög eða frekar ánægðir (47,4% á móti 22,4%) en hlutfallslega fleiri ungir karlar eru hins vegar hvorki ánægðir né óánægðir (46,6% á móti 39,8%) eða frekar eða mjög óánægðir (31% á móti 12,8%) með þjónustu stéttarfélagsins.

3.4.4.2 Staða ungs fólks á vinnumarkaði - samantekt

Niðurstöðurnar sýna að efnahagsþrengingarnar af völdum faraldursins hafa bitnað harðar á félagsfólki innan ASÍ og BSRB undir þrítugu en á eldri félagsmönnum að því leyti að hlutfall atvinnuleysis er hærra meðal ungs fólks en eldra, eða 12,7% á móti 9,7%, og á það hvort tveggja við meðal kvenna (12,3% á móti 10%) og meðal karla (13,8% á móti 9,5%). Nánast jafn hlutur ungs fólks og eldra er hins vegar á uppsagnarfresti og hvorki mælist aldursmunur

á því að hafa nýtt hlutabótaleiðina né á því hve lengi atvinnuleysið hefur varið, hvorki meðal kvenna né meðal karla. Færra ungt fólk en eldra hefur hins vegar upplifað atvinnuleysi áður. Það á þó fyrst og fremst við konur þar sem ekki mælist aldursmunur á því að hafa upplifað atvinnuleysi áður hjá körlum. Að auki eru ungar konur á atvinnuleysisskrá betur í stakk búnar en eldri konur í sömu stöðu til að takast á við atvinnuleysið hvað líkamlega heilsu varðar. Fleiri í þeirra hópi segjast hafa búið við góða líkamlega heilsu fyrir atvinnumissinn. Aldursmunur á líkamlegri heilsu fyrir atvinnumissinn mælist hins vegar ekki hjá körlum. Þá fellur fleira ungt fólk en eldra í flokkinn önnur staða á vinnumarkaði. Á það við bæði meðal kvenna og karla þótt hlutfallslegur aldursmunur sé hærri hjá konunum. Má leiða líkum að því að ástæðan fyrir því að fleira ungt fólk falli í þennan flokk sé sú að hluti unga fólksins sem svaraði könnuninni líti á sig sem nema fremur en launafólk þrátt fyrir að það vinni með skóla og/eða á sumrin og greiði í aðildarfélag ASÍ eða BSRB.

Ekki er aldursmunur á virkni í atvinnuleit og hefur sambærilegt hlutfall ungs fólks og eldra leitað að starfi síðustu tvær vikur og/eða ekki hafnað starfi síðastliðinn mánuð. Það á hvort tveggja við meðal karla og kvenna. Ungt fólk er hins vegar sveigjanlegra í atvinnuleitinni en þeir sem eldri eru að því leyti að fleiri í þeirra hópi hafa íhugað að flytja í kjölfar atvinnumissisins. Það á þó fyrst og fremst við um konur þar sem aldursmunurinn mælist ekki meðal karla. Enginn munur er hins vegar á sveigjanleika atvinnulauss ungs fólks og eldra atvinnulauss fólks innan ASÍ og BSRB hvað það varðar að vera tilbúin(n) að breyta til og ráða sig í öðruvísi starf en áður eða í starf á öðru atvinnusvæði, hvorki meðal karla né meðal kvenna.

Niðurstöðurnar sýna eingöngu aldursmun meðal kvenna á ánægju atvinnulausra félagsmanna innan ASÍ og BSRB með þjónustu Vinnumálastofnunar. Fleiri ungar konur eru ánægðar en fleiri konur í eldri aldurshópunum hvorki ánægðar né óánægðar eða frekar eða mjög óánægðar með þjónustu stofnunarinnar. Fleiri í hópi eldri atvinnulausra karla eru hins vegar mjög eða frekar ánægðir með þá þjónustu sem þeir fá hjá stéttarfélaginu sínu en fleiri ungar karlar hvorki ánægðir né óánægðir eða frekar eða mjög óánægðir með þjónustuna. Slíkur aldursmunur á ánægju með þjónustu stéttarféлага við atvinnulausa mælist ekki hjá konum.

3.4.4.3 Status of young people in the labour market

The results show that economic problems due to the pandemic hit those members of ASÍ and BSRB who are under 30 harder than other members, with unemployment levels being higher among young people than those older, or 12.7% compared to 9.7%, and that applies to both

women (12.3% compared to 10.0%) and men (13.8% compared to 9.5%). An almost equal rate of young people and older individuals are working a notice period, and the results show no age difference among those who received partial unemployment benefits, nor in the length of unemployment, and that applies to both women and men. Young people are, however, less likely to have been unemployed before. That is, however, primarily true for women, as the results do not show a definite age-difference among men. Young unemployed women are also better equipped than older women in the same position to deal with unemployment when it comes to physical health, and a higher proportion of young women report having been in good physical health before becoming unemployed. Age is not found to be a factor among men when it comes to physical health. Young people are more likely to state their employment status as Other. This applies to both women and men, although the age-difference is proportionately higher among women. Presumably, some part of young people who stated their employment status as Other considers themselves a student rather than a wage-earner, even if they work a part-time job and/or a summer job, and therefore are members of trade unions affiliated to ASÍ or BSRB.

Age is not found to be a factor in how active people are in their job search, and a similar proportion of young people and older individuals have sought a job in the last two weeks, and/or have not rejected a job in the last month. This applies to both women and men. Young people are, however, more flexible in their job search than those who are older, in that they are more likely to consider moving to a different location after becoming unemployed. This is, however, primarily true for women, as age is not measured as a factor among men. On the other hand, age is not found to be a factor in how flexible unemployed members of ASÍ and BSRB are in regards to being prepared to make a change and take a job that is different than their previous job, or a job in another area, and this applies to both women and men.

Age is found to be a factor only among women when it comes to satisfaction of unemployed members with the service provided by Vinnumálastofnun. Young women are more satisfied with the service than older women, but more older women are neither satisfied nor unsatisfied with the services of Vinnumálastofnun. Older unemployed men are, on the other hand, very or somewhat satisfied with the service they receive from their trade union, but more young men are neither satisfied nor unsatisfied or somewhat or very unsatisfied with the service. Age is not found to be a factor among women in satisfaction with the trade unions' service to unemployed people.

4 Umræða

Varða birtir hér niðurstöður fyrstu stóru rannsóknar á högum félaga í ASÍ og BSRB og er sjónum beint að stöðu atvinnuleitenda, heilsufari fólks, fjárhagslegri stöðu og sveigjanleika á vinnumarkaði. Niðurstöðurnar gefa skýrt til kynna hvaða úrræði þarf að grípa til og að hvaða hópum þarf að einbeita sér að. Góðu fréttirnar úr könnuninni eru þær að mjög margir atvinnuleitendur hafa íhugað að fara í nám, eru tilbúnir til að breyta til og jafnvel flytja sig um set til að fá störf. Þetta á við stærstu hópana sem eru í atvinnuleit um þessar mundir, innflytjendur og ungt fólk. Þetta er einmitt líka hópurinn sem er frekar á leigumarkaði og hefur síður skotið rótum.

Að vera á leigumarkaði felur þó líka í sér hættu á öryggi á húsnæðismarkaði auk þess sem húsnæðiskostnaður er oft og tíðum hærri. Fólk er berskjaldaðra á leigumarkaði og það er einmitt samnefnari fyrir stóran hóp atvinnuleitenda. Þeir búa við minna húsnæðisöryggi, verri fjárhagsstöðu, andleg heilsa er verri og fólk er háðara aðstoð frá hjálparstofnunum, vinum og vandamönnum. Um helmingur hópsins hefur líka verið atvinnulaus áður og er því óöruggur ekki bara á húsnæðismarkaði heldur vinnumarkaði líka.

Það er einmitt sláandi munur á líðan þeirra sem eru utan eða innan vinnumarkaðar og birtist í þessari rannsókn hinn grimmi tollur atvinnuleysis. Andleg líðan og í ákveðnum hópum líkamleg líka er miklu verri hjá atvinnuleitendum enda hefur öryggi og fjárhagsáhyggjur mikil áhrif á líðan. Þetta er líka hópurinn sem neitar sér um heilbrigðisþjónustu þó full þörf sé á. Hópurinn sem kemst ekki í sumarfrí með fjölskyldunni og getur illa gert áætlanir fram í tímann, hvort sem það varðar búsetu eða annað.

Andleg heilsa ungs fólks utan vinnumarkaðar er alveg sérstakt áhyggjuefni svo og andleg og líkamleg heilsa kvenna. Þetta krefst sérstakrar rannsóknar enda sýnir tölfræðin að konur búa við lakari lífsgæði en karlar og falla frekar út af vinnumarkaði vegna örorku. Þessi rannsókn staðfestir það og sýnir einnig að konur neita sér frekar um nauðsynlega heilbrigðisþjónustu.

Þessi rannsókn veitir okkur leiðsögn um til hvaða aðgerða er nauðsynlegt að grípa til skemmri og lengri tíma til að draga úr áhrifum kófsins. Sjaldan eða aldrei hefur verið mikilvægar að veita gjaldfrjálsa heilbrigðisþjónustu og gott aðgengi að henni, hvort sem er vegna andlegrar eða líkamlegrar vanlíðunar. Húsnæðismálin hljóta líka að vera í forgrunni, bæði að styrkja húsnæðisbótakerfið og eins og styrkja stöðu leigjenda á húsnæðismarkaði.

Mikill áhugi er meðal atvinnuleitenda að sækja í nám og þarf námsframboð að styðja við þann áhuga og auka möguleikana.

Þau störf sem búin verða til, annað hvort með handafli eða þegar atvinnulífið fer að styrkjast þurfa að vera góð störf sem veita möguleika á heilnæmu umhverfi og stöðugleika. Hin eilífa barátta gegn hrakvinnu er því ekki einungis spurning um afkomu heldur ekki síst um heilsu og vellíðan.

Ég þakka Kristínu Hebu, Margréti og Kolbeini kærlega fyrir mikilvægt framlag til að auka þekkingu á þessum erfiðu tímum og undirbyggja þannig áframhaldandi baráttu fyrir bættri stöðu fólks innan sem utan vinnumarkaðar.

Drífa Snædal
forseti ASÍ

5 Heimildaskrá

- Andri Steinþór Björnsson, Karen Jónsdóttir, Signý Sigurðardóttir, Inga Wessman, Ólafía Sigurjónsdóttir, Auður Sjöfn Þórisdóttir, Jóhann Pálmar Harðarson & Guðmundur Arnkelsson. (2018). Próffræðilegir eiginleikar Sheehan Disability Scale, Quality of Life Scale og Patient Health Questionnaire í íslenskri þýðingu. *Sálfræðiritið – Tímarit Sálfræðingafélags Íslands*, 23(2018), 91-100.
- Ásdís Aðalbjörg Arnalds, Guðný Gústafsdóttir og Steinunn Hrafnisdóttir (2021). Úttekt á fyrirkomulagi úthlutana og ráðgjafar hjálparsamtaka. Hvaða hópar leita aðstoðar? Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Sótt af: https://www.stjornarradid.is/library/04-Raduneytin/Felagsmalaraduneytid/%c3%9attekta%20c3%a1%20hj%c3%a1parstofnunum%20lokask%c3%bdrsla%20_15.01.2021.X.pdf
- Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, Ásta Snorradóttir og Hjördís Sigursteinsdóttir. (2014). Vinnufyrirkomulag og líðan í kjölfar kreppu. Yfirlitsgrein. *Íslenska þjóðfélagið*, 5(2), 39-55. Sótt af: <file:///C:/Users/kristing/Downloads/68-Article%20Text-197-1-10-20141231.pdf>
- Hagstofa Íslands (2007). Vinnumarkaður á 2. ársfjórðungi 2007. Sótt af: https://www.hagstofa.is/media/50589/hag_170817.pdf
- Hagstofa Íslands. (2018). Ungt fólk á Íslandi virkt á vinnumarkaði. Sótt af: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/vinnumarkadur/ungt-folk-a-islandi-virkt-a-vinnumarkadi/>
- Hagstofa Íslands. (2020). Innflytjendur 15,2% íbúa landsins. Sótt af: <https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-eftir-bakgrunni-2020/>
- Hagstofa Íslands. (e.d). Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands – Lýsigögn. Sótt af: <https://hagstofa.is/utgafur/lysoggn/lysoggn?fileId=56788>
- Hanvold, T. N., Kines, P., Nykänen, M., Ólafsdóttir, S., Thomée, S., Holte, K. A., . . . Veiersted, K. (2016). *Young workers and sustainable work life: Special emphasis on Nordic conditions*: Nordic Council of Ministers.
- Kroenke, K. og Spitzer, R.L.(2002). The PHQ-9: A new depression diagnostic and severity measure. *Psychiatric Annals*, 32,(9), 509-515. Sótt af: <https://www.proquest.com/docview/217052580/F6141C119E91456EPQ/2?accountid=27513>
- Margrét Einarsdóttir og Ásta Snorradóttir. (2020). Andleg líðan íslenskra ungmenna: Tengsl við vinnu með skóla? *Læknablaðið*, 106(11), 505-511.
- Richard Tahtinen. Hafrún Kristjánsdóttir, Daniel T. Ólason og Robert Morris (2021). What Lies Beneath: Exploring Different Depressive Symptoms Across Selected Risk Factors in Icelandic Team Sport Athletes. *Journal of Clinical Sport Psychology* (in review). Sótt af: <https://journals.humankinetics.com/view/journals/jcsp/aop/article-10.1123-jcsp.2020-0040/article-10.1123-jcsp.2020-0040.xml?content=pdf-6970>
- Próunarmiðstöð íslenskrar heilsugæslu (e.d.) PHQ-9. Sótt af: <https://throunarmidstod.is/library/Files/PHQ-9.pdf>

Unnur Dís Skaptadóttir og Kristín Loftsdóttir. (2019). Konur af erlendum uppruna. Hvar kreppir að? Skýrsla unnin fyrir Félagsmálaráðuneytið. Sótt af:
<https://www.stjornarradid.is/lisalib/getfile.aspx?itemid=c6482f7c-570d-11ea-945f-005056bc4d74>

Unnur Dís Skaptadóttir, Anna Wojtyńska og Margrét Wendt. (2020). Staða innflytjenda á vinnumarkaði. Í Markus Meckl og Hermína Gunnþórsdóttir (ritstjórar), *Samfélag fjölbreytileikans. Samskipti heimamanna og innflytjenda á Íslandi* (bls. 45-61). Háskólinn á Akureyri.

Vinnumálastofnun. (2020). *Vinnumarkaðurinn á Íslandi-Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Nóvember 2020*.

Vinnumálastofnun. (2020). *Vinnumarkaðurinn á Íslandi. Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – Desember 2020*. Sótt af:
<https://www.vinnumalastofnun.is/media/2770/des-2020-skyrsla.pdf>

Virk starfsendurhæfingarsjóður. (2020). Ungt fólk í starfsendurhæfingu. Sótt af:
<https://www.virk.is/is/um-virk/upplýsingar/frettir/ungt-folk-i-starfsendurhaefingu>

6 Viðauki 1

Breytur:

Hvert er kyn þitt?

Kona

Karl

Kynsegin

Annað

Vil ekki svara

Hver er aldur þinn?

16-19 ára

20-24 ára

25-29 ára

30-34 ára

35-39 ára

40-44 ára

45-49 ára

50-54 ára

55-59 ára

60-64 ára

65-69 ára

Hver ert þú búsett/ur?

Austurlandi

Höfuðborgarsvæðinu

Norðurlandi eystra

Norðurlandi vestra

Suðurlandi

Suðurnesjum

Vestfjörðum

Vesturlandi

Hver er hjúskaparstaða þín?

Einhleyp/ur

Í sambúð

Í hjónabandi/staðfestri samvist

Ekkja/Ekkill

Fráskilin/n/skilin/n að borði og sæng

Hvaða menntun hefur þú?

Grunnskólanám eða sambærilegt

Háskólanám

Iðnnám

Stúdentspróf

Starfstengt nám á framhaldsskólastigi

Hvert er ríkisfang þitt?

Íslenskt

Pólskt

Annað

Hvert er upprunaland þitt?

Ísland

Pólland

Annað

Hversu margir eru búsettir á heimili þínu að þér meðtalinni/meðtöldum?

- 1
- 2
- 3
- 4
- 5
- 6
- 7
- 8
- 9
- 10

Hversu margir á heimilinu eru undir 18 ára aldri?

- 1
- 2
- 3
- 4
- 5
- 6
- 7
- 8
- 9

Býrð þú í?

Eigin húsnæði

Leiguhúsnæði á almennum markaði

Leiguhúsnæði hjá leigusamtökum (s.s. Bjargi, Brynju), eða félagslegu húsnæði

Hjá foreldrum/ættingjum

Annað, hvað?

Hefur þú flutt aftur til foreldra/ættingja í kjölfar COVID-19 faraldursins?

- Já
- Nei

Hve erfitt/auðvelt er fyrir heimili þitt að láta enda ná saman?

- Mjög auðvelt
- Auðvelt
- Nokkuð auðvelt
- Nokkuð erfitt
- Erfitt
- Mjög erfitt

Hefur heimili þitt fengið eitthvað að eftirfarandi á síðastliðnum 12 mánuðum (merktu við allt sem við á)?

Fjárhagsaðstoð á vegum sveitarfélags

Aðstoð frá vinum eða ættingjum í formi matar- eða peningagjafa

Fjárhagsaðstoð frá félags- eða hjálparsamtökum

Mataraðstoð

Nei, ekkert af ofantöldu

Annað, hvað?

Á eitthvað af eftirfarandi við um heimili þitt (merktu við allt sem við á)?

Vanskil á leigu, húsnæðislánnum eða öðrum lánnum vegna fjárskorts á síðastliðnum 12 mánuðum

Hef ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldu

Hef ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag

Get ekki mætt óvæntum útgjöldum

Hef hvorki efni á heimasíma né farsíma

Hef ekki efni á sjónvarpstæki

Hef ekki efni á þvottavél

Hef ekki efni á bíl

Hef ekki efni á að halda húsnæði nægjanlega heitu

Nei, ekkert að ofantöldu

Hversu oft hefur eftirfarandi vandamál truflað þig síðastliðnar tvær vikur? (Valkostir: Alls ekki. Nokkra daga. Meira en helming tímans. Nánast alla daga)

Lítill áhugi eða gleði við að gera hluti

Verið niðurdregin/n, dapur/döpur eða vonlaus

Átt erfitt með að sofna eða sofa alla nóttina

Preyta og orkuleysi

Lystarleysi eða ofát

Liðið illa með sjálfa/n þig eða fundist að þér hafi mistekist eða ekki staðið þig í stykkinu gagnvart sjálfum þér eða fjölskyldu þinni

Erfiðleika með einbeitingu, t.d. við að lesa blöðin eða horfa á sjónvarp

Hreyfa þig eða tala svo hægt að aðrir hafa tekið eftir því. Eða hið gagnstæða – verið svo eirðarlaus eða óróleg/ur að þú hreyfðir þig miklu meira en venjulega

Hugsað um að það væri betra að þú bærir dain/n eða hugsað um að skaða þig á einhvern hátt

Hvernig lýsir þú líkamlegu heilsufari þínu í dag?

Mjög gott

Frekar gott

Hvorki gott né slæmt

Frekar slæmt

Mjög slæmt

Hefur þú haft þörf fyrir heilbrigðisþjónustu á undanförunum sex mánuðum?

Já

Nei

Hefur þú neitað þér um:

Heilbrigðisþjónustu

Tannlæknaþjónustu

Gedðheilbrigðisþjónustu

Nei, ekkert af ofantöldu

Annað, hvað?

Hver er ástæða þess að þú neitaðir þér um heilbrigðisþjónustu?

Kostnaður

Fjarlægð við heimili

Erfitt að fá tíma

Kostnaður við ferðalög til að sækja heilbrigðisþjónustu

Annað, hvað?

Hefur þú tekið þér sumarfrí síðastliðin fimm ár í meira en tvær vikur samfleytt?

Nei

Já, einu sinni

Já, tvisvar

Já, þrisvar

Já, fjórum sinnum

Já, fimm sinnum

Já, oftár en fimm sinnum

Hverjar eru atvinnuhorfur á atvinnusvæði þínu?

Mjög góðar

Frekar góðar

Hvorki góðar né slæmar

Frekar slæmar

Mjög slæmar

Í hvaða stéttarfélagi ert þú?

Hversu mikilvægt telur þú að gera eftirfarandi breytingar á atvinnuleysisbótakerfinu?

Hækka grunnbætur (eru 289.510 kr. á mánuði, áætlað er að hækki í 307.403 kr. á mánuði)

Lenging bóatímabilsins (er 2,5 ár)

Hækkun viðbótargreiðslna vegna barna (er 11.582 kr. á mánuði með hverju barni, áætlað er að hækki í 18.446 kr. á mánuði með hverju barni)

Hækkun hámarks tekjutengdra atvinnuleysisbóta (er 456.404 kr. á mánuði)

Lenging tekjutengdra atvinnuleysisbóta (er sex mánuðir)

Annað, hvað?

Hefur þú nýtt hlutabótaleiðina/minnkað starfshlutfall?

Já

Nei

Var breytt starfshlutfall í samræmi við þá vinnu sem þú inntir af hendi?

Já

Nei, ég vann meira en breytt starfshlutfall sagði til um

Nei, ég vann minna en breytt starfshlutfall sagði til um

Annað, hvað?

Hver er staða þín?

Í launuðu starfi

Atvinnurekandi

Tek lífeyrisgreiðslur/eftirlaunagreiðslur

Nemi

Atvinnulaus

Öryrki

Verktaki

Heimavinnandi

Er á uppsagnarfresti

Annað, hvað?

Hversu lengi hefur þú verið atvinnulaus?

0-3 mánuði

3-6 mánuði

6-9 mánuði

9 mánuði til eitt ár

Lengur en eitt ár

Hefur þú áður verið atvinnulaus?

Já

Nei

Hversu lengi varði það atvinnuleysi?

0-3 mánuði

3-6 mánuði

6-9 mánuði

9 mánuði til eitt ár

Lengur en eitt ár

Hversu líklegt eða ólíklegt telur þú að þú verðir komin/n með starf innan fjögurra vikna? (Valkostir: Mjög líklegt. Nokkuð líklegt. Nokkuð ólíklegt. Mjög ólíklegt)

Fjögurra vikna

Þriggja mánaða

Sex mánaða

Tólf mánaða

Hefur þú íhugað að flytja eftir að þú misstir vinnuna?

Já, utan

Já, innanlands

Nei

Hefur þú íhugað að fara í nám eftir að þú misstir vinnuna?

Já

Nei

Í hvers konar nám hefur þú íhugað að fara?

Fullorðinsfræðslu

Háskólanám

Iðnnám

Raunfærnimat

Starfsnám

Tungumálanám

Annað, hvað?

Hvers konar nám eða fræðsla kæmi þér best?

Hefur þú leitað að starfi síðustu tvær vikur?

Já

Nei

Hvers vegna hefur þú ekki leitað að starfi síðastliðnar tvær vikur?

Af heilsufarsástæðum

Ekkert starf á mínu atvinnusvæði

Enga vinnu að fá

Lág laun

Margir sem sækja um hvert starf

Vinnutími hentar ekki

Vegna álags og persónulegra skuldbindinga

Annað, hvað?

Hefur þú hafnað starfi síðastliðinn mánuð?

Já

Nei

Hvers vegna hafnaðir þú starfinu (merktu við allt sem við á)?

Of lág laun

Laun sömu eða svipuð og atvinnuleysisbætur

Slæmar vinnuaðstæður

Tímabundið starf

Starfið er langt frá heimili mínu

Vinnutími hentar ekki vegna persónulegra aðstæðna

Starfið krefst búferlaflutninga

Um var að ræða tímavinnu

Af heilsufarsástæðum

Hrædd/ur um að detta út af atvinnuleysisbótakerfinu eða fá kröfu um endurgreiðslu bóta

Annað, hvað?

Hvert af eftirfarandi kæmi til greina þegar kemur að nýju starfi (merktu við allt sem við á)?

Að fara í starf sem krefst minni menntunar en síðasta starf

Að fara í starf sem er ólíkt þeim störfum sem ég hef unnið

Að fara í starf sem krefst þess að ég afli mér nýrrar þekkingar

Að fara í starf þar sem vinnuskilyrði eru lakari en í síðasta starfi

Að fara í starf sem krefst flutninga utan

Að fara í starf sem krefst flutninga innanlands

Að fara í starf með lægri launum en síðasta starf

Ekkert ofantalið kæmi til greina

Annað, hvað?

Áður en þú misstir vinnuna, hvernig mundir þú lýsa líkamlegu heilsufari þínu?

Mjög gott

Frekar gott

Hvorki gott né slæmt

Frekar slæmt

Mjög slæmt

Áður en þú misstir vinnuna, hvernig mundir þú lýsa vinnuálagi þínu?

Mjög miklu

Frekar miklu

Hvorki miklu né litlu

Frekar litlu

Mjög litlu

Áður en þú misstir vinnuna, hvað vannstu að jafnaði marga klukkutíma á viku?

51 klukkustund eða meira

41-50 klukkustundir

31-40 klukkustundir

30 klukkustundir eða færri

Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustu Vinnumálastofnunar við atvinnulausa?

Mjög ánægð/ur

Frekar ánægð/ur

Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur

Frekar óánægð/ur

Mjög óánægð/ur

Hvaða þætti í þjónustu Vinnumálastofnunar væri hægt að bæta í þjónustu við atvinnulausa, ef einhverja (merktu við allt sem við á)?

Ekkert

Viðmót

Upplýsingagjöf

Rafrænt aðgengi

Aðgengi á staðnum

Fræðslu

Ráðgjöf

Biðtíma eftir afgreiðslu umsókna

Annað, hvað?

Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með þjónustu stéttarfélagsins þíns við atvinnulausa?

Mjög ánægð/ur

Frekar ánægð/ur

Hvorki ánægð/ur né óánægð/ur

Frekar óánægð/ur

Mjög óánægð/ur

Hvaða þætti í þjónustu stéttarfélags þíns við atvinnulausa væri hægt að bæta, ef einhverja (merkту við allt sem við á)?

Ekkert

Viðmót

Upplýsingagjöf

Rafrænt aðgengi

Aðgengi á staðnum

Fræðslu

Ráðgjöf

Biðtíma eftir afgreiðslu umsókna

Annað, hvað?

Ef atvinnuleysisbótakerfinu yrði breytt, hvers konar breyting skipti þig mestu máli (merkту við allt sem við á)?

Hækkun grunnbóta (eru 289.510 kr. á mánuði, áætlað að hækki í 307.403 kr. á mánuði)

Lenging bótatímabilsins (er 2,5 ár)

Hækkun viðbótargreiðslna vegna barna (er 11.582 kr. á mánuði með hverju barni, áætlað er að hækki í 18.446 kr. á mánuði með hverju barni)

Hækkun viðbótargreiðslna vegna barna (er 11.582 kr. á mánuði með hverju barni, áætlað er að hækki í 18.446 kr. á mánuði með hverju barni)

Hækkun hámarks tekjutengdra atvinnuleysisbóta (er 456.404 kr. á mánuði)

Lenging tekjutengdra atvinnuleysisbóta (er sex mánuðir)

Engar breytingar

Annað, hvað?